

# STARF SÁÆT LUN 2019

Menning um alla borg



2018  
RSLA  
SKY  
ÄRS



## SKIPURIT





## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ JANÚAR 2019

### **Kjörnir:**

|                           |   |
|---------------------------|---|
| Pawel Bartoszek, formaður | C |
| Hjálmar Sveinsson         | S |
| Elín Oddný Sigurðardóttir | V |
| Sabine Leskopf            | S |
| Katrín Atladóttir         | D |
| Baldur Borgþórsson        | M |
| Björn Gíslason            | D |

### **Varamenn**

|                            |   |
|----------------------------|---|
| Gunnlaugur Bragi Björnsson | C |
| Aron Leví Beck             | S |
| Líf Magneudóttir           | V |
| Ellen Jacqueline Calmon    | S |
| Örn Þórðarson              | D |
| Vigdís Hauksdóttir         | M |
| Egill Þór Jónsson          | D |

## HLUTVERK MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu, Listasafns Reykjavíkur og Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO. Þverfaglegt starf um barnamenningu og sérverkefni eins og viðburðir, Tónlistarborgin Reykjavík, Safnbúðir Reykjavíkur og Menningarkort eru einnig undir hatti sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.



## MENNINGARSTEFNA

Menning er mannréttindi er yfirskrift menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem gildir frá 2014 – 2020.

## LEIÐARLJÓS MENNINGARSTEFNU

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.

### Átján markmið stefnunnar tengjast málaflokkum undir kaflaheitunum:

Auðlind  
Börn og menningaruppeldi  
Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar  
Listir  
Aðgengi og þátttaka  
Umhverfi og saga  
Alþjóðleg menningarborg  
Menning í stafrænum miðlum  
Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

## FERÐAMÁLASTEFNA

Styrkar stoðir er fyrrisögn ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011–2020.

### Stoðirnar eru:

Menningarborg  
Heilsuborg  
Ráðstefnuborg  
Vetrarborg

Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, svo sem á sviði menningar, náþýlis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu og hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum.

## FRAMTÍÐARSÝN FERÐAMÁLASTEFNU

Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í náþýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.

## REYKJAVÍK – MENNING ÚT UM ALLT!

### MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG DREIFING

Menning út um allt! er yfirskrift menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2019 en með því er vísað í eina megináherslu sviðsins 2019 að styrkja öll hverfi borgarinnar með enn öflugra menningar- og listalífi. Þessi áhersla mun sjást í styrkúthlutunum og í öflugum starfi menningarstofnana í hverfum borgarinnar, kynningum og nýjungum í tengslum við list í opinberu rými og í viðburðum í hverfum borgarinnar.

Áherslan rímar vel við menningarstefnuna þar sem segir meðal annars að „öll hverfi hafa sérstöðu gagnvart aðstöðu og möguleikum til menningariðkunar, útivistar og tómstunda og er stöðugt unnið að því að styrkja menningarstarf og aðstöðu innan þeirra“.

Yfirskriftin vísar einnig í áherslu sviðsins á vettvangi ferðamála en í markaðssetningu verður haft til hliðsjónar að beina ferðamönnum á áhugaverða staði utan miðborgarinnar, með það að leiðarljósi að dreifa ferðamönnum betur.

Menningin verður úti um alla borg – og fyrir alla. Sem fyrr er allt kapp lagt á að sinna þörfum borgarbúa, skapa fjölbreytta dagskrá og miðla sögu og þekkingu og því helsta sem er að gerast í listum og menningu. Börn skipa sem fyrr mikilvægan sess í öllu starfi sviðsins. Sem dæmi má nefna ný barnabókaverðlaun sem kennd eru við Guðrúnu Helgadóttur rithöfund sem eru í umsjón Bókmenntaborgarinnar og verða veitt í fyrsta sinn í apríl, spennandi starf Borgarbókasafns með börnum í öllum hverfum og ört stækkandi Barnamenningarhátíð.

Fjölmörg ný og spennandi verkefni eru á döfni. Eitt stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu verður vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10, sem tengist Landnámssýningu og fjallar um þróun borgarinnar frá landnámi til 20. aldar. Borgarbókasafnið gengur enn lengra í að koma til móts við lestrarhesta borgarinnar og vinnur nú að því að koma á fót „opnum bókasöfnum“ sem gerir notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. Fyrstu skrefin verða tekin í undirbúningi að Evrópsku kvikmyndaverðlauninum sem haldin verða í Reykjavík 2020. Eitt stærsta og metnaðarfullsta verkefni sviðsins verður þó án efa undirbúningur opunar nýs listasafns til minningar um Nínu Tryggvadóttur listmálara.

Í ferðamálum verður stefnt að því að ljúka vinnu við nýja stefnu í ferðamálum en sú sem fyrir er var staðfest árið 2011 og rennur út árið 2020. Ferðamálastefnan er langtíma áætlun borgarinnar í ferðamálum og til stendur að hún feli jafnframt í sér aðgerðar- og innleiðingaráætlun.

Samhliða innleiðingunni mun fara fram heildarendurskoðun á starfsemi Höfuðborgarstofu og endurskilgreining á hlutverki hennar, en ljóst er að

umfang ferðaþjónustu og hlutverk borgarinnar í þeirri atvinnugrein hefur breyst gríðarlega frá því Höfuðborgarstofa var stofnuð árið 2002.

Á árinu verður einnig lögð áhersla á að ljúka viðburðastefnu fyrir borgina og aðgerðaáætlun. Kemur það í hlut skrifstofu menningarmála og viðburðateymis sviðsins að fylgja henni eftir. Samhliða stefnumótuninni verður rýnt í allt viðburðahald á vegum sviðsins og Reykjavíkurborgar með það í huga að skerpa sýn og efla samstarf á milli eininga og sviða, t.a.m. ÍTR og USK.

Þá verður ráðist í aukna markaðssetningu á menningarstofnunum sviðsins á árinu. Tekjur af ferðamönnum hafa dregist saman og mæta þarf þeirri áskorun með öflugri kynningu á spennandi dagskrá stofnananna og auka sýnileika þeirra bæði gagnvart borgarbúum og gestum borgarinnar, innlendum sem erlendum.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna og auka aðsókn borgandi gesta. Að auki er gert ráð fyrir rafvæðingu Gestakortsins á árinu 2019 og eru vonir bundnar við að það skili sér í auknum tekjum.

Af rekstrargjöldum ársins nemur launakostnaður um 28%, innri leiga húsnæðis og tækja um 20%, styrkir og framlög um 36% og annar rekstrarkostnaður er um 16%. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist um 2,9%, eða í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar, en verðbætur á annan rekstrarkostnað eru eingöngu reiknaðar af skuldbindingum í samningum gagnvart þriðja aðila. Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins lækki um 14% miðað við áætlun ársins 2018, en ljóst er að tekjuáætlun stofnana sviðsins fyrir árið 2018 var of metnaðarfull. Almennt eru væntingar um tekjur af aðgangseyrir hófstílltari á árinu 2019 í ljósi þess að áætlanir ársins á undan stóðust ekki fyllilega. Hátt gengi íslensku krónunnar og minnkandi kaupmáttur erlendra ferðamanna, er einnig mikill áhrifavaldur.

Á árinu 2019 verður um 51% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja, samstarfssamninga og innri leigu en um 40% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Ýmis sérverkefni, s.s. viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Safnbúða- og Menningarkortsverkefni fylla um 5% af rekstri sviðsins, ferðamál um 2% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

## **KYNJUD FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN**

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.



Árið 2019 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþróttá- og tólmstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

## STYRKVEITINGAR OG FRAMLAG TIL MENNINGARLÍFSINS

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni fyrir utan rekstur menningarstofnana fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóniuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Bíó Paradís, Nýlistasafnið, Kling&Bang, Dansverkstæði og Hönnunarmiðstöð, svo þeir helstu séu nefndir.


Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Þær tilheyra svokölluðum styrkjaþotti. Undanfarin ár hafa 4 lykilhátíðir gengið undir heitinu „Borgarhátíðir“ að undangengnu auglýsingaferli og samningagerð og hljóta þær hæstu árlegu styrkina úr styrkjaþottinum. Þriggja ára samningar borgarinnar við Borgarhátíðir renna út í lok árs 2019. Þetta eru Riff og Hönnunarmars sem hljóta 10 m.kr. árlega, Hinsegin dagar 7 m.kr. og Iceland Airwaves 14 m.kr. Nýr rekstraraðili, Sena Live, tók við rekstri síðastnefndu hátíðarinnar í apríl 2018 og nýr samningur var gerður sem gildir til ársloka 2019. Styrkjaþotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra og fleiri samstarfsaðila á langtímasamningum. Faghópur skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar er ráðgefandi fyrir úthlutun ráðsins. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, aðgerðaáætlun byggð á henni, styrkjareglur borgarinnar og verklagsreglur menningar- íþróttá- og tólmstundaráðs um styrki eru endurskoðaðir árlega. Að auki eru sérstakir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík. Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og hinum nýstofnuðu Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur. Þá útnefnið ráðið einnig Borgarlistamann Reykjavíkur.

## SERSTAKAR ÁHERSLUR Í VERKLAGSREGLUM ÁRSINS FYRIR STYRKVEITINGAR 2019

- Listir og menning í öllum hverfum borgarinnar.
- Listir og menning óháð uppruna og efnahag.
- Verkefni sem staðið geta á eigin fótum til lengdar sem og minni fjárfestingar sem líklegt er að nýtist til menningar / listsköpunar til lengri tíma.

## STYRKIR OG REKSTRARSAMNINGAR 2019

Leikfélag Reykjavíkur 44%  
Tónlistar- og ráðstefnuhúsið  
Harpa 30%  
Sinfóníuhljómsveit Íslands 9%  
Styrkir og rekstrarsamningar 6%  
Tjarnarbió 2%  
Ráðstefnuborgin Reykjavík 2%  
Húsnæðisstyrkir til  
menningarmála 2%  
Aðrir 2%  
Listahátíð í Reykjavík 1%  
Sjónlistamiðstöð Korpúlfsstöðum 1%  
Marshallhús 1%



## BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Menningarstofnanir borgarinnar gera árlega fræðsluáætlun og það gera helstu samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja líka. Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglar á margvíslegan hátt hjá menningarstofnunum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna verkefnastjórans er umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophilii, Söguverkefnisins, Menningarfána Reykjavíkurborgar, Skrekks, svo og kynning, fræðsla og hvatning um menningarframboð og menningaruppeldi í skólaumhverfinu.

## FJÖLMENNING

Yfirskrift menningarstefnu Reykjavíkurborgar er: *Menning er mannréttindi*. Eitt af markmiðunum er að menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, viðsýni, samkennd og virðingu. Ein af sérstökum áherslum í verklagsreglum ársins fyrir styrkveitingar í menningarmálum 2019 er listir og menning óháð uppruna og efnahag og er þar ekki síst átt við verkefni unnin af og fyrir nýja Reykvíkinga.

Fjölmenningarstefnan *Rætur og vængir* var unnin og samþykkt árið 2017 og gildir til 2020. Stefnan byggir meðal annars á farsælli reynslu fjölmenningarstafs Borgarbókasafns Reykjavíkur þar sem list og sköpun er grunnur að samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu.

## ERLENT SAMSTARF

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra blaðamanna og kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum ásamt samstarfsaðilum. Stjórnendur sviðsins og stofnana sitja í alþjóðlegum samtökum hvert á sínu sviði og eiga í ýmsu samstarfi við systurstofnanir á alþjóðavísu. Bókmenntaborgin vinnur til dæmis náið með öðrum skapandi borgum UNESCO.

Höfuðborgir Norðurlanda eiga reglubundið og gott samstarf í menningarmálum þar sem hin pólitísku ráð halda ráðstefnur í borgunum til skiptis annað hvort ár og embættismenn hitt árið. Menningarmálanefndir höfuðborganna þinguðu í Ósló í maí 2018 og embættismenn hittast í Þórshöfn í Færeyjum vorið 2019.

Árangur alþjóðlegs samstarfs er sýnilegur með nýjungum í starfsemi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis.

## SAFNBÚÐIR OG MENNINGARKORT REYKJAVÍKUR

Hlutverk safnbúða er að skapa áframhaldandi tengingu gesta við söfn og sýningar ásamt því að afla söfnunum tekna. Því er lögð rík áhersla á að vöruval safnbúða endurspegli viðfangsefni safnanna hverju sinni. Safnbúðir er að finna á öllum söfnum Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Áfram verður unnið að því að efla sérstöðu hvernar þeirra, styrkja rekstrarlegan grundvöll og auka veltu á árinu.

Verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs vinnur að þróun og eflingu Menningarkorts Reykjavíkur. Kortið er árskort á söfn í eigu borgarinnar. Handhafar þess fá ótakmarkaðan aðgang að öllum sýningum og viðburðum á vegum safnanna, bókasafnsskirteini hjá Borgarbókasafni, afslátt í safnbúðum og njóta margvíslegra fríðinda hjá fjölmörgum samstarfsaðilum. Því er ætlað að veita borgarbúum greiðan og hagkvæman aðgang að menningarlífi borgarinnar og verði kortsins því haldið í algjöru lágmarki. Áfram verður unnið að því að auka vitund um kortið meðal almennings með sýnileika á sölustöðum og á netinu, auka nýtingu með markvissri upplýsingagjöf til korthafa og að fjölga samstarfsaðilum. Uppfærð aðgengilegri heimasíða Menningarkortsins er komin í loftið og undirbúningur hafinn vegna netsölu sem mun auðvelda mjög markaðssetningu á netinu.



## FERÐAÞJÓNUSTA

Reykjavíkurborg leikur stórt hlutverk í þróun Íslands sem áfangastaðar en yfir 90% prósent allra erlendra gesta sem sækja landið heim dvelja í Reykjavík í tvo til þrjú sólarhringa að meðaltali. Höfuðborgarsvæðið er sá áfangastaður þar sem erlendir gestir dvelja hvað lengst og eyða hvað mest en hver gestur eyðir í kringum 37 þúsund krónur á sólarhring í mat, gistingu, afþreyingu og aðra þjónustu.



Áhrif ferðamenskunnar á borgarlífið er um margt mjög jákvætt; mannlífið er fjölbreyttara og veitingahúsaflóran og framboð afþreyingar hefur aukist. Beinir tekjur menningarstofnana Reykjavíkurborgar af ferðamönnum hafa vaxið mjög undanfarin ár og þar með gert borginni kleift að efla menningarframboð til borgarbúa.

Viðhorfskannanir sem borgin hefur gert árlega undanfarin ár sýna að íbúar eru almennt mjög jákvæðir gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu þótt ljóst sé að halda verði vel á spöðunum til að svo megi verða áfram.

Út frá sjónarhóli borgarinnar er mjög mikilvægt að ferðamennskan á höfuðborgarsvæðinu þróist áfram í sátt við borgarbúa og skýra sýn borgarinnar um hvernig ferðamannaborg hún vilji vera. Sömuleiðis að fylgst verði vel með þolmörkum svo sem varðandi umhverfið og félagslega þætti og að sjálfbærni ferðaþjónustunnar verði haft að leiðarljósi.

## **STEFNUMÓTUN INNAN REYKJAVÍKURBORGAR**

Unnið er að því um þessar mundir að móta nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg og stefnt að því að ný stefna ásamt aðgerðaráætlun liti dagsins ljós haustið 2019.

Núgildandi ferðamálastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2011 og er kunnara en frá þurfi að segja að margt hefur breyst frá þeim tíma. Borgin stendur því frammi fyrir breyttum og nýjum áskorunum. Ferðaþjónustunni hefur með öðrum orðum vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og er nú ein stærsta og mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Hlutfall hennar af vergri landsframleiðslu er nú um 8.6% en til samanburðar var þetta hlutfall á bilinu 3,4 til 3,7 % þegar núgildandi ferðamálastefna var samþykkt og innleidd.

Í inngangi núgildandi stefnu er talað um að hálf milljón erlendra gesta komi til landsins á ári en nú er fjöldinn kominn yfir tvær milljónir. Langflestir erlendra gesta dvelja, sem fyrra sagði, í Reykjavík til lengri eða skemmri tíma. Því má áætla að um tíundi hver „íbúi“ borgarinnar sé að jafnaði erlendur gestur sem nýti þjónustu og innviði borgarinnar með öðrum hætti en heimamenn. Þessir erlendu gestir nýta til dæmis samgöngur og bílastæði og auka álag á sorphirðu, svo dæmi séu nefnd. Auk þess má nefna að deilihagkerfið svo sem í gistiþjónustu hefur margfaldast en það hefur mikil áhrif á fasteigna- og leigumarkaðinn.

Í þeirri greiningarvinnu sem borgin hefur nú þegar unnið í tengslum við mótun nýrrar ferðamálastefnu hafa megináskoranir borgarinnar einkum verið skilgreindar sem eftirfarandi:

1. Stuðla þurfi að áframhaldandi sátt ferðaþjónustu og íbúa og má segja að það sé sú áskorun sem sé yfir og alltumkring. Það þýðir meðal annars að skilgreina þarf og fylgjast vel með þolmörkum, svo sem félagslegum og tryggja upplýsingaflæði, samtal og samráð.

- 2.** Vera vakandi fyrir og marka sér stefnu varðandi vöxt og þróun deiliahagkerfisins, svo sem Airbnb, en sú þróun snertir mjög lífsgæði og lífskjör heimamanna.
- 3.** Huga betur að innviðum svo þeir gefi ekki eftir vegna aukins fjölda gesta til borgarinnar, og er þarna meðal annars átt við innviði á sviði samgöngumála, bílastæða og sorphirðu, en einnig má nefna dreifingu á uppbyggingu gistirýma og aðgengi að almenningssalernum.
- 4.** Stuðla að meiri dreifingu ferðamanna innan borgarinnar, svo koma megi í veg fyrir of mikið álag á tilteknum stöðum, svo sem í miðborginni, en leiðirnar eru meðal annars markviss upplýsingagjöf, markaðssetning og styrking svokallaðra segla, eða áfangastaða utan miðborgarinnar.
- 5.** Forgangsraða betur og móta stefnu og áætlun um markvissari markaðssetningu á Reykjavík sem áfangastað, og þá jafnvel beina markaðssókn að tilteknum markhópum, hvort sem er ein og sér og/eða í samstarfi við aðila á borð við Íslandsstofu, Meet in Reykjavík og fleiri aðila.
- 6.** Síðast en ekki síst má geta umræðu sem meðal annars hefur átt sér stað á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að sveitarfélög fái auknar tekjur af komu ferðamanna til landsins til að standa undir ýmsum auknum útgjöldum sem meðal annars hafa verið talin upp hér að ofan.

## **GISTINÆTUR**

Griðarleg uppbygging hefur átt sér stað í gistingu á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Hótelherbergjum hefur fjölgað um 1.200 á fjórum árum og fyrirhugað að rúmlega 2.000 herbergi bætist við flórana á næstu árum. Fjöldi gistinguá á hótélum var rúmlega 2,5 milljónir á svæðinu, á árinu 2018 og stóð nánast í stað milli ára. Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur fram að þessu verið með besta móti en meðalnýting herbergja féll þó um 5 prósentustig eða úr 84% í 79% - milli áranna 2017 og 2018.


Áætluðum gistinguáttum í heimagistingu sem miðlað er í gegnum Airbnb, Homeway og aðrar sambærilegar vefsíður fækkaði um rúmlega 9% á höfuðborgarsvæðinu milli ára. Með auknu eftirliti með heimagistingu og samstarfi Airbnb og Reykjavíkurborgar á rafrænni skráningu heimagistingar, verður forvitnilegt að fylgjast með þróun gistingar á höfuðborgarsvæðinu næstu misserin.

Vísbendingar eru um að dvalartími erlendra gesta sé að stytta og/eða að færast enn frekar yfir í aðra ódýrari gistimöguleika svo sem farfuglaheimili, tjaldsvæði, húsaskipti og gistingu í bílum utan gjaldskyldra svæða. Samhliða samdrætti í komu erlendra gesta og áframhaldandi uppbyggingu á hótélrymum mun samkeppni á svæðinu harðna og verð að öllum líkindum breytast í takt við það.

## ÁNÆGJA MEÐAL FERÐAMANNA OG ÍBÚA

Í viðhorfskönnun sem Maskína hefur gert fyrir Höfuðborgarstofu undanfarin ár kemur fram að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru almennt jákvæðir í garð erlendra ferðamanna. Í könnun ársins 2018 sögðust 74% svarenda mjög eða fremur jákvæð í garð erlendra ferðamanna. Alls staðar á höfuðborgarsvæðinu eru jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar taldar vega þyngra en neikvæðar hliðar hennar. Örlítið dró úr jákvæðninni fram til ársins 2017 en ári síðar stóð hún í stað eða jókst á einstökum mælikvörðum. Á sama tímabili hefur ferðamönnum til borgarinnar hins vegar fjölgað umtalsvert.

Höfuðborgarstofa lætur einnig kanna viðhorf erlendra ferðamanna til Reykjavíkurborgar, með könnun sem nefnist Dear Visitors og er gerð meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð. Í könnun frá sumrinu 2018 kom til dæmis fram að 86% svarenda sögðu reynsluna af borginni frábæra eða góða og 14% sæmilega. Það er ívið betri niðurstaða en sumarið 2017 en heldur lakar en sumrin 2015 og 2016 þegar 89% töldu reynsluna af borginni frábæra eða góða, 10% sæmilega en 1% slæma.





## REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

### REKSTUR MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnu og ferðamálastefnu. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna.

Launakostnaður er áætlaður 28% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 20%. Reiknaðar eru 3,6% vísitölubætur á skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila. Erfitt er að segja fyrir um tekjur af gjaldskrár stofnana vegna ríkjandi óvissu um fjölda ferðamanna á árinu. Hinsvegar verður lögð aukin áhersla á að auka komur innlendra gesta með sérstöku markaðsátaki.

Áfram er lögð rík áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur sem og að auka framboð á sértækum menningarvörum innan safnbúða stofnana. Áfram verður haft að leiðarljósi að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur og má þar nefna að árgjald að Menningarkorti Reykjavíkur verður ekki hækkað að þessu sinni en kortið er mjög hagkvæmur kostur fyrir þá sem eru reglulegir gestir menningarstofnana. Farið verður í samræmt markaðsátak til að kynna menningarstofnanir Reykjavíkurborgar fyrir borgarbúum og innlendum gestum borgarinnar til að vekja athygli á því góða og áhugaverða starfi sem þar fer fram. Markmið eru að virkja borgarbúa og vekja áhuga þeirra á söfnunum með því að gera starf þeirra meira áberandi. Styrkja ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar og ekki síst að auka tekjur safnanna.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins lækki frá áætlun ársins 2018, en sú lækkun má m.a. rekja til breytinga á Höfuðborgarstofu og brotthvarfs Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna úr rekstri hennar, lækkunar á áætluðum tekjum vegna aðgangseyris þar sem gert er ráð fyrir minni aðsókn erlendra ferðamanna sem er í samræmi við þróun sem er að eiga sér stað og færri styrkja, en einskiptisstyrkir vegna uppsetningar á nýrri sýningu á Sjóminjasafni vó þungt á síðasta ári. Áætlaðar tekjur af aðgangseyri eru um 47% af tekjum sviðsins og fengnir styrkir um 16%. Samkvæmt áætlun verður Borgarsögusafn með rétt tæp 50% af tekjum sviðsins en Landnámssýningin er sem fyrr tekjuhæsta sýningin og er áætlað að hún afli rúmlega 40% tekna safnsins.

Um 51% af fjárhagsramma sviðsins verður varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja og samstarfssamninga en um 40% af fjárhagsrammanum er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

### MANNAUÐSMÁL

Menningar- og ferðamálasvið býr að miklum verðmætum í þeim mannaúði sem starfar á sviðinu. Sá auður, sem felst í reynslu, færni, metnaði og starfsánægju starfsmanna sviðsins er grunnurinn að starfsemi stofnananna. Megin forsenda þess að starfsmenn geti notið sín í starfi grundvallast af því

að þeir upplifi ánægju af störfum sínum, fái metnaði sínum fullnægt og séu stoltir af því að tilheyra stofnunum sviðsins.

Lögð er áhersla á að starfsfólki sviðsins bjóðist fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar sem taka mið af áskorunum í starfsumhverfi sviðsins og niðurstöðum viðhorfskannana og afrakstri starfsmannasamtala.

Í árlegri viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í lok febrúar 2018 kom í ljós að menningar- og ferðamálasvið var það svið borgarinnar sem fékk hæstu meðaleinkunn allra sviða Reykjavíkurborgar. Þar kom fram að 91% svarenda voru ánægð í starfi þegar á heildina er litið. 92% sögðust stolt af vinnustaðnum sínum og rúmlega 95% telja vinnustaðinn hafa góða ímynd. Könnunin sýndi jafnframt fram á það hugarfar sem er svo einkennandi fyrir starfsmenn sviðsins því tæplega 96% þátttakenda sögðust vera tilbúnir að leggja mikið á sig þegar þörf kræfi og jafn margir töldu sig tilbúin til þess að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag til þess að ná markmiðum stofnananna.

Niðurstöður viðhorfskönnunar 2019 líta dagsins ljós í lok marsmánaðar og munu áherslur á hverjum stað að nokkru leyti miðast við niðurstöður hennar. Áfram verður unnið að því að efla stjórnendur í hlutverkum sínum, festa enn betur í sessi starfsþróunarsamtöl og eftirfylgni þeirra. Sem endranær verður sérstök áhersla lögð á að byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og vellíðan starfsmanna.

Eitt stærsta mannauðstengda verkefni ársins er innleiðing nýrrar mannauðsstefnu borgarinnar. Stefnan byggir á fjórum leiðarljósum sem ætlað er að móta og stýra starfssemi mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg til næstu 7 ára.

Leiðarljósín, mannvæn, samræmd, traust og snjöll hafa hvert sína skilgreiningu og eru unnin upp úr þarfagreiningu og vinnusmiðjum stjórnenda Reykjavíkurborgar.

Í mannauðstefnunni er sett fram æskileg staða undir lok gildistíma stefnunnar: Starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku og framsækni. Með því að taka öra tækniþróun upp á okkar arma erum við lifandi og skemmtilegur vinnustaður með sterkt aðdráttarafli fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk á öllum aldri sem vinnur í þágu borgarbúa. Í kjölfar aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf og styttri boðleiðir upplifir starfsfólk borgina sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

#### Tekjur

|                        |          |
|------------------------|----------|
| Rekstrartekjur         | -443.519 |
| Rekstrartekjur samtals | -443.519 |

#### Gjöld

|                               |           |
|-------------------------------|-----------|
| Laun og launatengd gjöld      | 1.508.975 |
| Innri leiga húsnæðis og tækja | 1.082.022 |
| Styrkir og framlög            | 1.945.698 |

Annar rekstrarkostnaður 869.014

**Rekstrargjöld samtals 5.405.709**

**Rekstrarniðurstaða 4.962.190**

## STARFSMENN

### STARFSMANNAFJÖLDI 2019


|                    |       |
|--------------------|-------|
| Fjöldi starfsmanna | 231   |
| Fjöldi stöðugilda  | 165.9 |

#### Stöðugildi menningar- og ferðamálasviðs

|                                     |      |
|-------------------------------------|------|
| Borgarbókasafn                      | 78.5 |
| Borgarsögusafn                      | 41.1 |
| Listasafn Reykjavíkur               | 25.2 |
| Höfuðborgarstofa                    | 7.0  |
| Skrifstofa menningar- og ferðam.sv. | 6.8  |
| Bókmenntaborg UNESCO                | 2.0  |
| Sérverkefni                         | 5.3  |


### SKIPTING REKSTRAR

Styrkir og samningar 51%  
Stofnanir sviðs 40%  
Annað 5%  
Stjórnun sviðs 2%  
Ferðamál 2%




### SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir 47%  
Aðrar tekjur 18%  
Fengnir styrkir 16%  
Vörusala 10%  
Lánsskirteini ofl. BBS 9%




### SKIPTING GJALDA

Styrkir og framlög án innri leigu 36%  
Laun 28%  
Innri leiga 20%  
Annar rekstrar-kostnaður 16%



### STOFNANIR SVIÐS

Borgarbókasafn Reykjavíkur 50%  
Borgarsögusafn Reykjavíkur 27%  
Listasafn Reykjavíkur 23%





# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

|                                    | Rekstarniðurstaða Esk. áætlun |                  | Áætlun 2019     |                |                          |                  |
|------------------------------------|-------------------------------|------------------|-----------------|----------------|--------------------------|------------------|
|                                    | 2017                          | 2018             | Tekjur          | Laun og Itgj.  | Annar rekstrar-kostnaður | Samtals          |
| <b>YFIRSTJÓRN</b>                  |                               |                  |                 |                |                          |                  |
| Menningar- og ferðamálaráð         | 19.337                        | 19.296           | 0               | 8.090          | 1.558                    | 9.648            |
| Skrifstofa menningar- og ferðamála | 97.509                        | 109.209          | 0               | 99.867         | 8.227                    | 108.095          |
|                                    | <b>116.845</b>                | <b>128.505</b>   | <b>0</b>        | <b>107.957</b> | <b>9.786</b>             | <b>117.743</b>   |
| <b>HÖFUÐBORGARSTOFA</b>            |                               |                  |                 |                |                          |                  |
| Höfuðborgarstofa                   | 179.751                       | 117.622          | -30.653         | 74.820         | 30.479                   | 74.645           |
|                                    | <b>179.751</b>                | <b>117.622</b>   | <b>-30.653</b>  | <b>74.820</b>  | <b>30.479</b>            | <b>74.645</b>    |
| <b>BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR</b>  |                               |                  |                 |                |                          |                  |
| Skrifstofa                         | 291.110                       | 343.011          | -44.528         | 176.157        | 202.037                  | 333.666          |
| Menningarhús Grófinni              | 149.916                       | 163.604          | -400            | 147.433        | 17.520                   | 164.554          |
| Menningarhús Kringlunni            | 85.355                        | 87.685           | 0               | 58.252         | 32.082                   | 90.334           |
| Menningarhús Sólheimum             | 54.680                        | 53.896           | 0               | 41.108         | 12.855                   | 53.963           |
| Menningarhús Gerðubergi            | 155.037                       | 159.041          | -5.250          | 90.455         | 76.508                   | 161.713          |
| Menningarmiðstöðin Gerðuberg       | 31                            | 0                | 0               | 0              | 0                        | 0                |
| Menningarhús Spönginni             | 96.285                        | 99.861           | -80             | 53.333         | 48.115                   | 101.368          |
| Menningarhús Árbæ                  | 63.746                        | 66.644           | 0               | 48.420         | 18.651                   | 67.071           |
| Artótek                            | 0                             | 0                | 0               | 0              | 0                        | 0                |
| Bókabillinn Höfðingi               | 29.658                        | 31.128           | 0               | 20.546         | 7.114                    | 27.661           |
|                                    | <b>925.819</b>                | <b>1.004.869</b> | <b>-50.258</b>  | <b>635.703</b> | <b>414.884</b>           | <b>1.000.329</b> |
| <b>LISTASAFN REYKJAVÍKUR</b>       |                               |                  |                 |                |                          |                  |
| Listasafn Reykjavíkur              | 232.179                       | 238.975          | -14.644         | 148.906        | 115.709                  | 249.971          |
| Safnráð Listasafns Reykjavíkur     | 571                           | 412              | 0               | 487            | 0                        | 487              |
| Hafnarhús                          | 54.361                        | 66.092           | -67.500         | 43.150         | 95.803                   | 71.453           |
| Kaffiteriur                        | -1.153                        | -1.800           | -2.560          | 0              | 600                      | -1.960           |
| Kjarvalsstaðir                     | 72.068                        | 77.664           | -26.700         | 33.247         | 73.151                   | 79.698           |
| Ásmundarsafn                       | 24.788                        | 23.488           | -13.300         | 15.605         | 20.483                   | 22.789           |
| Listaverk á opnum svæðum           | 8.223                         | 37.436           | 0               | 0              | 11.371                   | 11.371           |
| Listaverkakaup                     | 15.491                        | 15.916           | 0               | 0              | 15.916                   | 15.916           |
|                                    | <b>406.529</b>                | <b>458.183</b>   | <b>-124.704</b> | <b>241.395</b> | <b>333.033</b>           | <b>449.724</b>   |
| <b>BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR</b>  |                               |                  |                 |                |                          |                  |
| Skrifstofa                         | 225.893                       | 243.838          | -5.200          | 181.804        | 68.894                   | 245.498          |
| Árbæjarsafn                        | 49.551                        | 56.691           | -39.822         | 46.001         | 59.029                   | 65.207           |
| Borgarsögusafn - viðhald safngripa | 30.452                        | 32.356           | 0               | 18.778         | 15.603                   | 34.381           |
| Landnámssýning                     | 8.185                         | -3.004           | -89.697         | 39.481         | 97.639                   | 47.423           |
| Ljósmyndasafn Reykjavíkur          | 38.925                        | 34.095           | -22.630         | 34.336         | 31.892                   | 43.598           |
| Viðey                              | 73.641                        | 73.634           | -4.485          | 10.967         | 70.111                   | 76.593           |
| Sjóminjasafn                       | 25.051                        | 63.994           | -57.173         | 41.104         | 44.022                   | 27.953           |
|                                    | <b>451.700</b>                | <b>501.605</b>   | <b>-219.006</b> | <b>372.469</b> | <b>387.190</b>           | <b>540.653</b>   |

|  | Rekstarniðurstaða Esk.. áætlun |                  | Áætlun 2019     |                  |                                 |                  |
|--|--------------------------------|------------------|-----------------|------------------|---------------------------------|------------------|
|  | 2017                           | 2018             | Tekjur          | Laun og<br>ltgj. | Annar<br>rekstrar-<br>kostnaður | Samtals          |
| <b>ÖNNUR MENNINGARSTARFSEMI</b>                |                                |                  |                 |                  |                                 |                  |
| Bókmenntaborg UNESCO                           | 41.060                         | 58.827           | -4.470          | 23.237           | 40.549                          | 59.317           |
|  | <b>41.060</b>                  | <b>58.827</b>    | <b>-4.470</b>   | <b>23.237</b>    | <b>40.549</b>                   | <b>59.317</b>    |
| <b>STYRKIR OG<br/>SAMSTARFSSAMNINGAR</b>       |                                |                  |                 |                  |                                 |                  |
| Leikfélag Reykjavíkur                          | 1.045.988                      | 1.044.167        | 0               | 0                | 1.116.541                       | 1.116.541        |
| Listahátíð                                     | 36.000                         | 38.000           | 0               | 0                | 36.000                          | 36.000           |
| Heimili kvikmyndanna                           | 17.500                         | 17.500           | 0               | 0                | 17.500                          | 17.500           |
| Marshallhús                                    | 18.500                         | 25.800           | 0               | 0                | 25.800                          | 25.800           |
| Hönnunarmiðstöð Íslands                        | 7.200                          | 6.600            | 0               | 0                | 6.000                           | 6.000            |
| Sjónlistarmiðstöðin Korpúlfsstöðum             | 28.340                         | 28.099           | 0               | 0                | 30.070                          | 30.070           |
| Loftbrýr                                       | 4.500                          | 6.000            | 0               | 0                | 6.000                           | 6.000            |
| Styrkir og rekstarsamningar                    | 118.899                        | 142.714          | -60             | 0                | 149.549                         | 149.489          |
| Ráðstefnuborgin Reykjavík                      | 40.000                         | 40.000           | 0               | 0                | 40.000                          | 40.000           |
| Dansverkstæðið                                 | 0                              | 17.000           | 0               | 0                | 17.000                          | 17.000           |
| Tjarnarbió - Sjálfstæðu leikhúsin              | 56.335                         | 57.584           | 0               | 0                | 59.453                          | 59.453           |
| Húsnæðisstyrkir til menningarmála              | 38.093                         | 37.956           | 0               | 0                | 40.858                          | 40.858           |
|  | <b>1.411.356</b>               | <b>1.461.419</b> | <b>-60</b>      | <b>0</b>         | <b>1.544.770</b>                | <b>1.544.710</b> |
| <b>FRAMLÖG</b>                                 |                                |                  |                 |                  |                                 |                  |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands                     | 223.928                        | 231.880          | 0               | 0                | 240.228                         | 240.228          |
| Framlag til Hörpu                              | 716.172                        | 735.473          | 0               | 0                | 749.860                         | 749.860          |
|  | <b>940.099</b>                 | <b>967.353</b>   | <b>0</b>        | <b>0</b>         | <b>990.088</b>                  | <b>990.088</b>   |
| <b>ANNAD</b>                                   |                                |                  |                 |                  |                                 |                  |
| Sameiginlegur kostnaður og ófyrirséð           | 30.990                         | 23.360           | -1.667          | 0                | 28.975                          | 27.308           |
| Tengsl skóla og menningarstofnana              | 10.493                         | 8.641            | 0               | 0                | 6.176                           | 6.176            |
| Gjaldfærðir lausafjármunir                     | 11.771                         | 22.908           | 0               | 0                | 22.705                          | 22.705           |
| Sérverkefni :                                  |                                |                  |                 |                  |                                 |                  |
| - Viðburðir                                    | 0                              | 82.265           | -12.700         | 33.314           | 58.460                          | 79.075           |
| - Tónlistarborgin                              | 0                              | 14.134           | 0               | 10.464           | 13.687                          | 24.151           |
| - Önnur sérverkefni                            | 16.736                         | 11.953           | 0               | 9.585            | 9.220                           | 18.806           |
| Innri leiga áhaldna og tækja                   | 17.359                         | 16.973           | 0               | 0                | 6.762                           | 6.762            |
|  | <b>87.350</b>                  | <b>180.235</b>   | <b>-14.367</b>  | <b>53.364</b>    | <b>145.986</b>                  | <b>184.982</b>   |
| <b>MENNINGAR- OG<br/>FERÐAMÁLASVIÐ SAMTALS</b> | <b>4.560.509</b>               | <b>4.878.618</b> | <b>-443.519</b> | <b>1.508.945</b> | <b>3.896.764</b>                | <b>4.962.190</b> |

## STEFNUKORT

### GILDI: MANNRÆKT - ORKA - FAGMENNSKA

|                  |  |   |  |          |
|------------------|--|---|--|----------|
| <b>ÞJÓNUSTA</b>  | Menningar-<br>uppeldi                    | Menningarlegt<br>forystuhlutverk          | Eftirsóknarverður<br>áfangastaður          | Nýsköpun |
| <b>FJÁRMÁL</b>   | Hagkvæm<br>nýting og<br>stýring fjármuna | Sterk<br>kostnaðarvitund                  | Verðmætasköpun                             |          |
| <b>VERKLAG</b>   | Samstarf og<br>samráð                    | Öflug miðlun                              | Hlúð að sögu og<br>menningar-<br>verðmætum |          |
| <b>MANNAUÐUR</b> | Hæfir og<br>áhugasamir<br>starfsmenn     | Hvetjandi<br>og jákvætt<br>starfsumhverfi | Árangursríkir<br>stjórnunarhættir          |          |

## ÞJÓNUSTA

### MENNINGARUPPELDI:

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni.

### MENNINGARLEGT FORYSTUHLUTVERK

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og ræktar menningarlega sjálfsmynd sína. Menningarlífið byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði og einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarborgin er ein af fjórum stoðum ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

### EFTIRSÓKNARVERÐUR ÁFANGASTAÐUR

Reykjavík er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Hún eflist sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, viðsýni og virðingu.

### NÝSKÖPUN

Menningarlíf og ferðaþjónusta í borginni einkennist af þrótti og metnaði og nýtur hvatningar til nýsköpunar og þróunar. Aðstaða og rými er til staðar fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu, kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi.

## FJÁRMÁL

### HAGKVÆM NÝTING OG STÝRING FJÁRMUNA

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

### STERK KOSTNAÐARVITUND

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda er skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi er viðhaldið.

### VERÐMÆTASKÖPUN

Menning og ferðamál eru auðlindir sem leggja grunn að efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Lögð er áhersla á beint og óbeint framlag þeirra og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

## VERKLAG

### SAMSTARF OG SAMRÁÐ

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Áhersla er lögð á samvinnu milli stofnana og fagsviða borgarinnar og hagsmunaaðila innan lands og utan. Hafa ber samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

### ÖFLUG MIÐLUN

Reykjavíkurborg nýtir upplýsingatækni á markvissan hátt í varðveislu og miðlun menningar. Stuðlað er að aðgengi, gagnvirkni og öflugri dreifingu menningar með hjálp stafrænna miðla.

### HLÚÐ AÐ SÖGU OG MENNINGARVERÐMÆTUM

Menning, listir og saga eru grunnþættir í þróun borgarinnar. Unnið er fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar. Menningararfurinn er sýnilegur í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu Reykjavíkurborgar.

## MANNAUÐUR

### HÆFIR OG ÁHUGASAMIR STARFSMENN

Hlúð er að góðum samskiptum meðal starfsmanna, lögð áhersla á samvinnu, virðingu og heiðarleg skoðanaskipti. Starsmönnum er gefið tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

### HVETJANDI OG JÁKVÆTT STARFSUMHVERFI

Samskipti einkennast af trausti og virðingu og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Lögð er áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóa hugsun meðal starfsmanna.

### ÁRANGURSRIKIR STJÓRNUNARHÆTTIR

Stjórnendur tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar.





## SKORKORT 2019

| Vidd /<br>velgengnisþáttur     | Mælikvarði  | Rauntölur<br>2017 | Áætlun<br>2018 | Markmið<br>2019 |
|--------------------------------|---|-------------------|----------------|-----------------|
| <b>ÞJÓNUSTA</b>                |   |                   |                |                 |
| Menningaruppeldi               | Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur | 227               | 201            | 220             |
|                                | Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum                 | 43.679            | 45.000         | 41.950          |
| Menningarlegt forystuhlutverk  | Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða                   | 75                | 55             | 63              |
|                                | Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum                         | 71                | 59             | 64              |
|                                | Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna             | 92%               | 93%            | 92%             |
| Eftirsóknarverður áfangastaður | Aðsókn að stofnunum sviðsins ***                                  | 1.647.329         | 1.624.800      | 1.051.000       |
|                                | Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins                   | 89%               | 89%            | 91%             |
|                                | Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað                       | 60                | 28             | 20              |
| Nýsköpun                       | Nýmæli í starfsemi  | 20                | 9              | 12              |

## FJÁRMÁL

|                                    |  |       |        |        |
|------------------------------------|--|-------|--------|--------|
| Hagkvæm nýting og stýring fjármuna | Fjárhagsáætlun v/raun  | 1.0%  | +/- 1% | +/- 1% |
| Sterk kostnaðarvitund              | Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest ***                     | 1.193 | 1.236  | 1.894  |
| Verðmætasköpun                     | Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði | 34    | 16     | 14     |
|                                    | Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma ***                    | -24%  | -25%   | -20%   |

## VERKLAG

|                                 |   |           |           |           |
|---------------------------------|---|-----------|-----------|-----------|
| Samstarf og samráð              | Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna  | 47        | 27        | 26        |
|                                 | Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku | 16        | 14        | 16        |
| Öflug miðlun                    | Fjöldi heimsóknna á vefsvæði stofnana sviðsins  | 2.221.816 | 2.101.000 | 2.081.058 |
|                                 | Fjöldi fylgjenda á samfélagsmiðlum  | 188.464   | 194.900   | 231.412   |
| Hlúð að sögu og menningarminjum | Fjöldi rannsóknarverkefna   | 26        | 13        | 16        |
|                                 | Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu *  |           | 4         | 3         |

## MANNAUÐUR

|                                     |   |     |      |      |
|-------------------------------------|---|-----|------|------|
| Hæfir og áhugasamir starfsmenn      | Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið                               | 86% | 90%  | 92%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna   |     | 86%  | 86%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi   | 80% | 85%  | 94%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað  | 87% | 90%  | 90%  |
| Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi | Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað | 79% | 82%  | 82%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum                   | 80% | 85%  | 85%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum        | 98% | 100% | 100% |
| Árangursríkir stjórnunarþættir      | Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns   | 88% | 90%  | 92%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað   | 84% | 86%  | 86%  |
|                                     | Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.                   | 88% | 90%  | 92%  |
|                                     | Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu **                       |     |      | 96%  |

\* Nýr mælikvarði 2018

\*\* Nýr mælikvarði 2019

\*\*\* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður 2018.

|  |                           |
|--|---------------------------|
|  | 95-100% markmiðum náð     |
|  | 75 - <95% þarf að nást    |
|  | Minna en 75% markmiða náð |
|  | Ekki mælt á tímabilinu    |



## TÓNLISTARBORGIN REYKJAVÍK

Tónlistarborgin Reykjavík er þróunarverkefni til þriggja ára, fóstað af menningar- og ferðamálasviði. Markmið verkefnisins er að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg með því að koma á fót öfluggu stuðningskerfi og skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikla tónlistarstarfsemi um alla borg.



## LEIÐARLJÓS TÓNLISTARBORGAR

Reykjavík er leiðandi sem tónlistarborg á heimsvísu og ímynd íslenskrar tónlistar er samofin ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar og áhugaverðs áfangastaðar. Hlúð er vel að tónlist á öllum sviðum, hvort sem um ræðir menntun, sköpun, lifandi flutning og nýsköpun og efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur tónlistar er metinn að verðleikum. Gróskumikið og skapandi umhverfi, fjölbreytt úrval tónlistarupplifanna og blómleg tónlistarsena virkar sem segull á innlenda og alþjóðlega menningarnjótendur sem skilja eftir sig umtalsverða fjármuni í hagkerfi borgarinnar og auðga menningarlíf borgarbúa, m.a. með því að búa til eftirspurn sem styður mun fjölbreyttari flóru viðburða en heimamarkaðurinn einn gæti gert.

## HELSTU VERKEFNI 2019

### FRÆÐSLA OG VINNUSTOFUR

Tónlistarborgin ætlar að sinna fræðslu og miðlun upplýsinga af krafti til tónlistarlífsins í borginni í viðum skilningi. Í samstarfi við ÚTÓN og Hitt húsið verður hljómsveitunum 12 sem komast áfram í Músiktilraunum boðið upp á 6 vikna tónlistarakademíu þar sem unga fólkíð fær viðtæka fræðslu um það helsta sem við kemur tónlistariðnaðinum bæði hér heima og erlendis, auk þess að leysa gagnleg verkefni eins og að semja kynningarefni og búa til tæknilista. Þátttakendur fá leiðbeinendur úr íslensku tónlistarlífi og hlusta á pallborðsumræður og taka þátt í samræðum um málefni sem eru tónlistarfólki hugleikin. Til viðbótar við tónlistarakademíuna mun tónlistarborgin bjóða upp á fræðsludagskrá þar sem áhersla verður lögð á fræðslu fyrir tónleikastaði og þá sem sinna lifandi tónlistarflutningi í borginni í bland við önnur skemmtileg fræðsluerindi sem höfða til breiðs markhóps. Þegar kemur að ferðaþjónustunni ætlar Tónlistarborgin einnig að standa fyrir vinnustofu um tónlistartengda ferðamennsku þar sem tækifærin sem felast í að miðla tónlistarsögu Íslendinga sem og að nýta tónlist til að búa til einstaka upplifun fyrir ferðamenn eru könnuð.

Tónlistarborgin ætlar einnig að beita sér fyrir því að hér verði haldið hágæða lagasmíðanámskeið fyrir tónlistarfólk. Tónlistarkennslan á Íslandi í gegnum árin hefur verið til þess fallin að mennta frábæra tónlistarflytjendur en mun minni áhersla hefur verið lögð á sköpunarþáttinn og tón- og lagasmíðar.

Þessu til viðbótar er Tónlistarborgin í samstarfi við Borgarbókasafnið og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO um skipulagningu tilraunaverkstæða og laga- og textasmiðja fyrir ungt fólk sem Borgarbókasafnið býður upp á.

### STUÐNINGUR VIÐ TÓNLISTARHÁTÍÐIR OG ÝMIS TÓNLISTARVERKEFNI

Tónlistarborgin hefur einsett sér að vinna náið með megin tónlistarhátíðum sem haldnar eru í borginni til að stuðla að velgengni þeirra. Tónlistarborgin heldur móttökur fyrir blaðamenn og tónlistariðnaðarfólk og tengslamyndunarfundi þar sem tónlistarfólk fær tækifæri til að hitta erlenda listræna stjórnendur hátíða, blaðamenn og annað tónlistariðnaðarfólk.

## TÓNLIST TIL VALDEFLINGAR

Tónlist er einstakt listform og rannsóknir hafa sýnt fram á heilunarmátt hennar, jákvæð áhrif á heilann og minni fólks sem og möguleika hennar til að brjóta niður múra, byggja brýr og sameina fólk. Með þetta að leiðarljósi ætlar Tónlistarborgin að setja af stað margs konar verkefni þar sem tónlist er notuð til valdeflingar og sameiningar. Ráðist verður í a.m.k. eitt slíkt verkefni á ári hverju þar sem markmiðið er að valdefla jaðarsetta eða tabú hópa í samfélaginu en aðalhvatin með verkefninu er að skapa umhverfi þar sem fólk fær að vinna saman, skapa saman og tala saman í gegnum tónlistarsköpun. Einnig ætlar Tónlistarborgin að bjóða upp á samskonar tónlistarmiðu í Söguhring kvenna, samstarfsverkefni Borgarbókasafnins og W.O.M.E.N.

## RANNSÓKNIR

Eitt af forgangsverkefnum Tónlistarborgarinnar er að stuðla að frekari rannsóknnum á íslenska tónlistariðnaðinum í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina. Gerð verður rannsókn á hagkerfi íslenska næturlífsins og umfangi reksturs íslenskra tónleikastaða en að auki verður ráðist í umfangsmikla rannsókn á neysluhegðun ungs fólks þegar kemur að tónlist, hljóðritaðri eða lifandi flutningi og viðhorfi til tónlistarmenntunar. Undanfarin ár hafa átt sér stað gríðarlega stórar breytingar á tónlistarheiminum og við erum að horfa á kynslóð vaxa úr grasi sem neytir tónlistar á allt annan hátt en kynslóðirnar á undan. Að fá betri innsýn í neysluhegðun og viðhorf unga fólksins er mikilvægt fyrir okkur sem erum í forsvari fyrir mikilvæg og stefnumótandi verkefni á sviðið tónlistar.

## KYNNING ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

Tónlistarborgin ætlar að beita sér fyrir auknu aðgengi ferðamanna og íbúa að tónlistarviðburðum í borginni með því að efla viðburðaskráningu og auðvelda aðgengi að tónlistar-appi eða þess vegna viðburða-appi Reykjavíkurborgar í náinni framtíð. Tónlistarborgin mun sjálf ötullega miðla tónlistarviðburðum á heimasíðu verkefnisins og samfélagsmiðlum. Einnig ætlar Tónlistarborgin að bjóða upp á skemmtilegar tónlistargöngur um borgina þar sem fólki gefst tækifæri til að fræðast um tónlistarsögu Reykjavíkur en tónlistarsögu borgarinnar verður einnig miðlað með menningarmerkingum þar sem markmiðið er að setja upp nokkrar slíkar á næstu tveimur árum. Að lokum má nefna spennandi samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar, ÚTÓN og fleiri aðila er kallast Record in Iceland þar sem markmiðið er að vekja athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér á landi og laða þannig að erlenda aðila til að hljóðrita sína tónlist hér á landi.

## ANNAÐ

Tónlistarborgin leggur áherslu á að efla erlent tengslanet verkefnisins með þátttöku í alþjóðlegum tónlistarborgarráðstefnum og verið er að skoða inngöngu tónlistarborgarverkefnisins í Music Cities tengslanetið en þar er nú þegar að finna borgir eins og Berlín, Hamborg, Sydney, Árósa og Nantes. Einnig er stefnt að einhvers konar aðkomu að Iceland Naturally viðburðinum Taste of Iceland / Reykjavík Calling sem haldinn er í Bandaríkjunum nokkrum sinnum á ári. Fjöldmörg önnur verkefni eru á teiknborði Tónlistarborgarinnar en þau eru þess eðlis og af þeirri stærðargráðu að sækja þyrfti fjármagn til þeirra sérstaklega.





## VIÐBURÐIR

Viðburðateymi sviðsins hefur yfirumsjón með 6 árlegum borgarhátíðum. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við aðra viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.



## VETRARHÁTÍÐ

Vetrarhátíð verður haldin í átjándna skiptið 7. – 10. febrúar og fer fram í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fram til þessa hefur Vetrarhátíð samanstáðið af Safnanótt og Sundlauganótt, auk ljóslistaverka. Nú verður farið í gagngera skoðun á Vetrarhátíð, sérkenni hennar fundin og skerpt á þeim. Ljóslistahátíðir njóta mikilla vinsælda víða um heim og eru miklir möguleikar fólgnir í að gera ljóslistaverkum utanhúss hátt undir höfði í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Jafnframt verður lögð rækt við hina sívinsælu Safnanótt og ekki síður hina séríslensku Sundlauganótt, sem sífellt sækir í sig veðrið.

Árið 2018 hófst samstarf við Ljósahátíðina List í ljósi á Seyðisfirði. Sú hátíð er haldin viku síðar en Vetrarhátíð og því verið möguleiki á að samnýta listamenn og verkefni. Samstarf þessara tveggja hátíða verður þróað enn frekar á hátíðinni 2019. Í ár verður Vetrarhátíð einnig í samstarfi við ensk/íslenska viðburðafyrirtækið Curated Place, sem hefur framleitt ljósaviðburði fyrir fjölmargar breskar hátíðir. Curated Place mun þannig bæði koma með listamenn á hátíðina og standa fyrir málstofu á Kjarvalsstöðum, North Atlantic Talks, sem fjallar um hátíðir í borgum og samstarf við listamenn.

## BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Barnamenningarhátíð er einn af vorboðunum í Reykjavík og fer fram 9. – 14. apríl næstkomandi. Unnið er eftir leiðarljósum hátíðarinnar sem eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu eftir börn, með börnum og fyrir börn. Áhersla næsta árs er að koma á frekara samstarfi við menningarstofnanir til að freista þess að geta boðið upp á fleiri viðburði sem skapaðir eru fyrir börn. Jafnframt verður meira lagt í að styðja við viðburði sem fara fram utan miðborgarkjarnans. Í þeim anda verður einn af hápunktum hátíðarinnar, Ævintýrahöllin, í Breiðholti að þessu sinni í samstarfi við fjölmargar stofnanir í þeim borgarluta.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

|                          |         |
|--------------------------|---------|
| <b>Tekjur</b>            |         |
| Rekstrartekjur           | -12.700 |
| <b>Gjöld</b>             |         |
| Laun og launatengd gjöld | 33.314  |
| Annar rekstrarkostnaður  | 58.460  |


**Rekstrarniðurstaða 79.075**

### Starfsmannafjöldi 2019

|                    |     |
|--------------------|-----|
| Fjöldi starfsmanna | 4   |
| Fjöldi stöðugilda  | 3.3 |


### SKIPTING TEKNA

17. júní 45%  
Menningarnótt 31%  
Vetrarhátíð 16%  
Barnamenningarhátíð 8%



### SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 36%  
Menningarnótt 17%  
17. júní 15%  
Vetrarhátíð 10%  
Barnamenningarhátíð 10%  
Annar kostnaður 6%  
Aðventa 4%  
Tendrun friðarsúlunnar 2%





## 17. JÚNÍ

17. júní – Þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík. Að vanda er dagskrá 17. júní tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið og er að flestu leyti afar fastmótuð. Eftir hádegi fer fram hátíðardagskrá sem hefst með skrudgöngu niður Laugavegin sem endar í Hljómskálagarðinum, en þar tekur við skemmtileg fjölskyldudagskrá. Líkt og undanfarin tvö ár verður mest áhersla lögð á dagskrána í Hljómskálagarðinum, en einnig verður viðburðahald í Ráðhúsinu og á Fríkirkjuveginum. Leitast er við að endurvekja gömlu góðu 17. júní stemninguna og að skerpa á þeim þáttum sem gera hátíðarhöldin í kringum 17. júní frábrugðin öðrum hátíðum eða viðburðum. Til dæmis er nú aukin áhersla lögð á skrudgönguna sem sannarlega hefur verið eitt einkenni 17. júní hátíðarhalds og verður sú áhersla þróuð enn frekar á næstu árum. Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir að þjóðhátíðardagurinn 2019 taki mið af því að 75 ár eru nú liðin frá því er lýðveldið Ísland var stofnað þann 17. júní 1944. Slíkar áherslur verða unnar í samstarfi við verkefnisstjóra frá ráðuneytinu.

## MENNINGARNÓTT

Menningarnótt er haldin laugardaginn á eftir afmæli Reykjavíkurborgar, sem er 18. ágúst og í ár ber þessa tuttugustu og fjórðu Menningarnótt upp á laugardaginn 24. ágúst. Menningarnótt er hátíð sem allir borgarþátttakar skapa og upplifa saman, úti á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgördum og söfnum, fyrirtækjum og ekki síst í húsum í bænum.

Markmið Menningarnætur er að hvetja borgarþátttakara til þátttöku með því að beina kastljósinu að því fjölbreytta og ríkulega framboði af menningarviðburðum og kraftmikilli menningarstarfsemi sem borgin hefur upp á að bjóða. Dagskráin er gestum að kostnaðarlausu og þar með séð til þess að allir gestir geti notið kraftmikils menningarlífs og góðrar samveru. Hátíðin er gríðarstór þar sem viðburðir af ýmsum toga eru í boði menningarstofnana íbúa og rekstraraðila miðborgarinnar. Á síðasta ári var ráðist í þá nýbreytni að ráða listrænan „umbreyti“ sem fékk yfirráð yfir ákveðnu svæði og tilmæli um að breyta því í eitthvað „allt annað og menningarlegra“. Tilraunin tókst vel og því er áætlað að vinna áfram með þessa hugmynd á næstu Menningarnótt, umbreyta fleiri stöðum í miðborginni og jafnvel víðar.

Landsbankinn hefur verið styrktaraðili hátíðarinnar frá upphafi og er samstarf milli styrktaraðila og hátíðarhaldara með miklum ágætum. Landsbankinn tilnefnir fulltrúa í stjórn hátíðarinnar og rennur styrkur Landsbankans óskiptur í Menningarnæturpott Landsbankans en úr honum eru veittir styrkir á bilinu 100 – 500.000 kr.

## TENDRUN FRIÐARSÚLUNNAR

Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey fer ávallt fram þann 9. október á afmælisdegi John Lennon, og er kveikt á henni á hverju kvöldi fram til 8. desember, sem er dánardagur hans. Tendrunin 9. október er lágstemmd athöfn en listaverkið er táknið fyrir baráttu Ono og Lennons fyrir heimsfriði. Árið 2018 var fyrsta árið sem listakonan Yoko Ono kom ekki sérstaklega til Íslands til að vera viðstödd tendrunina. Viðburðurinn verður haldinn í 13. sinn í ár og allur undirbúningur kominn í töluvert fastar skorður sem og framkvæmdin sjálf. Samráðshópur í kringum viðburðinn er skipaður aðilum frá skrifstofu menningarmála (MOF), Listasafni Reykjavíkur (LR), Borgarsögusafni Reykjavíkur (BSS) og Eldingu sem sjá

um siglingar til Viðeyjar. Ljóst er að viðburðurinn er orðinn töluvert vel þekktur og voru gestir árið 2018 rétt tæplega 2000 manns. Í ár verður leitast við að skerpa enn betur á öryggisatriðum og að hugsa enn betur um gestina sem bíða eftir að komast með bátnum í land, en óneitanlega myndast löng röð því aðeins einn bátur getur lagt að bryggju í Viðey í einu, svo að fólksflutningar ganga helst til hægt.

## TENDRUN JÓLALJÓSANNA Á OSLÓARTRÉNU

Tendrun jólaljósanna á Oslóartrénu markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum viðburðum má nefna Jólaskóginn í Tjarnarsal ráðhússins þar sem börn geta leikið sér í skóginum, Jólaköttinn sem birtist í fyrsta sinn á Lækjartorgi á aðventunni 2018 og jólavættir sem verða á vappi víðs vegar um borgina allan desember mánuð. Meginmarkmiðið er að skapa áhrifaríka og skemmtilega jólaupplifun í borginni á einfaldan hátt og í góðu samstarfi við fjölda samstarfsaðila víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Í ár verður leitast við að skerpa enn betur á samstarfi milli ólíkra sviða Reykjavíkurborgar sem koma á einn eða annan hátt að því að koma borginni í jólabúning, s.s. umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu miðborgarmála og viðburðadeild menningar- og ferðamálasviðs.

## VIÐBURÐADAGATAL HÁTÍÐA Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR 2019


|                 |   |
|-----------------|---|
| <b>FEBRÚAR</b>  | Vetrarhátíð (Safnanótt, Sundlauganótt m.m.) |
| <b>APRÍL</b>    | Barnamenningarhátíð                         |
| <b>JÚNÍ</b>     | 17. júní - Þjóðhátíðadagur Íslands          |
| <b>ÁGÚST</b>    | Menningarnótt                               |
| <b>OKTÓBER</b>  | Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono                 |
| <b>DESEMBER</b> | Aðventuviðburðir                            |



REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG  
UNESCO



Reykjavík  
Bókmenntaborg  
UNESCO



## HLUTVERK

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO er menningarskrifstofa sem hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar. Hún stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum fyrir börn og fullorðna, eflir bókmennta- og ritlistarlífið í borginni og gerir bókmenntasögu hennar aðgengilega í borgarlandinu. Hún styður við ímynd Reykjavíkur sem borg orðlistar, innanlands sem utan, og tekur þátt í alþjóðlegu starfi með öðrum skapandi borgum UNESCO og fleirum. Bókmenntaborgin vinnur eftir leiðarljósi skapandi borga UNESCO.

## LEIÐARLJÓS BÓKMENNTABORGAR

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi.

Að stoðir hennar verði styrktar í nánu samstarfi þeirra sem koma að menntun, bókmenningu og orðlist á breiðum vettvangi. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO stendur vörð um tjáningarfrelsi. Einkunnarorð Bókmenntaborgarinnar, Orðið er frjálst, endurspeglar þessa áherslu og með þeim vill Bókmenntaborgin benda á að hvorki einstaklingar né samfélög geta þrífist á heilbrigðan hátt nema þegnunum sé frjálst að tjá sig, þrjár sínar og sannfæringu.

## MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við það mikla starf sem er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar í Reykjavík. Bókmenntaborgin hvetur til samstarfs og nýrra verkefna á sviði orð- og ritlistar. Hún leggur áherslu á bókmenntaarf þjóðarinnar í starfi sínu og samspil hans við nýsköpun. Einnig vinnur Bókmenntaborgin að því að efla alþjóðatengsl á vettvangi orðlistar og annarra skapandi greina.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)


|                           |               |
|---------------------------|---------------|
| <b>Tekjur</b>             |               |
| Rekstrartekjur            | -4.470        |
| <b>Gjöld</b>              |               |
| Laun og launatengd gjöld  | 23.237        |
| Innri leiga               | 14.386        |
| Annar rekstrarkostnaður   | 26.163        |
| <b>Rekstrarniðurstaða</b> | <b>59.317</b> |

### Starfsmannafjöldi 2019

|                    |   |
|--------------------|---|
| Fjöldi starfsmanna | 2 |
| Fjöldi stöðugilda  | 2 |


### SKIPTING TEKNA

Aðrar tekjur 61%  
Vörusala 39%



### SKIPTING GJALDA

Laun 34%  
Gröndalshús 29%  
Orðlistaverkefni 25%  
Alþjóðleg samstarfs-  
verkefni 8%  
Annar kostnaður 4%



## HELSTU VERKEFNI 2019

Reykjavík hefur nú verið ein af Bókmenntaborgum UNESCO í sjö ár, eða frá haustinu 2011. Skrifstofa Bókmenntaborgarinnar skilaði skýrslu um starfsemina til UNESCO í árslok 2017 og barst endurgjöf frá UNESCO sumarið 2018. Þar er starfsemi Bókmenntaborgarinnar sögð framúrskarandi og henni sérstaklega hælt fyrir viðtækt samstarf, fjölbreytt verkefni sem nái til ólíkra hópa í samfélaginu, grasrótastarf og virka þátttöku í alþjóðastarfi Samstarfsnets skapandi borga UNESCO. Reykjavík er sögð vera meðal virkustu og stefnuföstustu borga í samstarfsnetinu.

Árið 2019 verður nokkuð breytingarár hjá Bókmenntaborginni í samræmi við nýja stefnumörkun sem ráðist var í 2018 í samráði við hagaðila í greininni. Lestrarhátíð, sem haldin hefur verið í október, verður lögð af, en í stað hennar verður áhersla lögð á að fagna viku bókarinnar í apríl í samstarfi við aðra í bókmenntalífinu með eftirtektarverðum hætti. Viðburðahald verður minnkað en áhersla lögð á samstarfsverkefni, grasrótastarf, stuðning við orðlistalíf í borginni, fjölmenningu og innra starf. Það hefur sýnt sig að áhersla á samstarf og stuðning við grasrótina hefur skilað sýnilegum árangri eða jafnvel skipt sköpum fyrir listamenn og hópa sem annars gætu hafa átt erfitt uppdráttar. Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember verður á sínum stað í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda og verður haldið áfram að þróa þennan lykiviðburð í jólabókaflóðinu sem þjónar lesendum á öllum aldri. Bókamessa fyrir skólasöfn í Reykjavík verður haldin í þriðja sinn á árinu en þetta samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra bókaútgefenda hefur mælst afar vel fyrir og átt þátt í að auka kost nýrra bóka í grunn- og leikskólum borgarinnar. Skóla- og frístundasvið og Bókmenntaborgin vinna saman að messunni. Bókmenntaborgin mun einnig taka þátt í viðburðum í tilefni aldarafmælis útgáfu fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, *Barns náttúrunnar* og 200 ára fæðingarársmælis þjóðsagnasafnarans Jóns Árnasonar auk þess sem hún vinnur með Bókmenntahátíð í Reykjavík og alþjóðlegu þýðendapingi vorið 2019.

## BÓKMENNTAVERÐLAUN

Skrifstofa Bókmenntaborgarinnar hefur tekið við umsjón með bókmenntaverðlaunum Reykjavíkurborgar, þ.e. Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, en þau síðarnefndu verða veitt í fyrsta sinn vorið 2019. Þessi verðlaunin eru veitt fyrir óbirt handrit. Að auki hefur Bókmenntaborgin tekið þátt í utanumhaldi Barnabókaverðlauna Reykjavíkur og er samstarfsaðili að Fjöruverðlaununum, bókmenntaverðlaunum kvenna, en borgarstjóri er verndari þeirra. Þessi verðlaun eru veitt fyrir framúrskarandi útgefnar bækur í nokkrum flokkum. Árið 2019 er áætlað að umsýsla með öllum bókmenntaverðlaunum Reykjavíkurborgar verði alfarið færð yfir til Bókmenntaborgarinnar.

## GRÖNDALSHÚS OG GESTAÍBÚÐ

Rekstur Gröndalshúss verður með sama móti og árið 2018. Sýning á aðalhæð hússins verður opin yfir sumarmánuðina, nú í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur, en eftir bókunum aðra mánuði ársins auk þess sem stofur Gröndals verða nýttar undir viðburði, sýningar og smiðjur. Gestaíbúð hússins verður áfram leigð erlendum höfundum gegn vægu gjaldi en hýsir einnig í fyrsta sinn gestahöfund frá annarri Bókmenntaborg UNESCO í einn mánuð haustið 2019. Frí gestadvöl rithöfunda er eitt af skilgreindum forgangsmálum Bókmenntaborga UNESCO og bjóða margar borganna upp á slíkt innan samstarfsnetsins. Það er því sérstakt gleðiefni að Reykjavík taki nú þátt í þessu mikilvæga alþjóðlega samstarfi sem opnar dyr

út í heim fyrir íslenska höfunda og bókmenntir og hleypir erlendum straumum hingað heim. Þá verður framhald á samstarfi við Goethe stofnun sem býður þýskum rithöfundi að dvelja í húsinu í mánuð að vori.

## BARNAMENNING

Bókmenntaborgin tekur áfram þátt í barnamenningarverkefninu Sögur og leggur þar sérstaklega áherslu á ritlist barna og lestrarhvatningu. Sleipnisverkefni Bókmenntaborgarinnar er í stöðugri þróun en nýtt lestrahvetjandi efni í nafni Sleipnis fyrir grunnskólabörn verður innleitt á fyrri hluta ársins. Það inniheldur bókina *Sleipnir* og stórhættulega fjölskyldutréð sem einn vinsælasti barnabókahöfundur landsins, Ævar Þór Benediktsson, skrifaði fyrir Bókmenntaborgina, myndband með honum og Sleipni og annað stuðningsefni fyrir kennara og skólasafnverði. Börnum í eldri deildum leikskóla verður að auki áfram boðið að hitta Sleipni í lestrarstundum í samstarfi við Borgarbókasafnið. Skemmtilegt nýtt myndband Bókmenntaborgarinnar með Sleipni fyrir skólabókasöfn verður einnig tilbúið á fyrri hluta árs og geta allir skólar sem þess óska nýtt það í sínu starfi. Sleipnir leggur áherslu á hugarflug og lestrargleði og er þessi fleygi lestrarfélagi barna á öllum aldri að verða þekkt persóna í hugum reykvískra barna. Á árinu verður svo í fyrsta sinn útbúið veggspjald til notkunar á bókasöfnum og í skólum þar sem minnt er á lestrargleðina og er það samstarf Félags fagfólks á skólasöfnum, IBBY á Íslandi og Bókmenntaborgarinnar. Þá styður Bókmenntaborgin skapandi verkefni grunnskólabarna fyrir opnunaráhátíð Barnamenningarhátíðar líkt og síðastliðin ár.

## MIÐLUN ORÐLISTAR

Bókmenntaborgin leggur áherslu á að kortleggja sögu orðlistar í borginni og gera hana sýnilega í borgarlandinu, m.a. með bókmenntamerkingum, og verða tvær nýjar merkingar settar upp á árinu. Þá er áætlað að setja í fyrsta sinn varanlegan bókmenntatexta í stétt í borgarlandinu í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið og minna þannig á orðsins list um leið og anda vegfarenda er lyft og athygli vakin á umhverfinu og borginni á óvæntan hátt. Fyrsti textinn sem verður settur niður eru ljóðlínur eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur í Kvosinni en Bókmenntaborgin telur einkar vel við hæfi að þessi merka skáldkona sem hefur búið allan sinn fullorðinsaldur í borginni og sett mark sitt á íslenska bókmenntasögu sé heiðruð með þessum hætti. Þetta verkefni verður svo þróað áfram á næstu árum. Vefur Bókmenntaborgarinnar hefur verið í endurskoðun og verður sú vinna kláruð á árinu og nýr vefur kynntur til sögunnar. Með honum verður gagnagrunnur um íslenskar samtímabókmenntir sem Borgarbókasafnið hefur haldið úti um árabíl eflur enn frekar en hann er einn sinnar tegundar á Íslandi og mikilvægt að þróa hann áfram í samræmi við mikilvægt hlutverk hans við miðlun og kynningu samtímabókmennta. Þá verður a.m.k. ein ný bókmenntaganga gefin út í smáforritinu Reykjavík Culture Walks, ensk útgáfa göngu um slóðir Halldórs Laxness í miðbænum.

## ALÞJÓÐASTARF

Haustið 2018 tók annar verkefnastjóra Bókmenntaborgarinnar við formennsku í alþjóðlegum starfshópi Bókmenntaborga UNESCO sem snýr að samstarfi borganna og mun gegna því starfi í tvö ár. Því starfi fylgir þátttaka Reykjavíkur í stýrihópi Bókmenntaborga UNESCO á sama tímabili. Vaxandi áhersla er lögð á formlegt samstarf innan samtakanna samhliða stækkun þeirra en á árinu verða nýjar borgir teknar inn og mun UNESCO tilkynna í lok árs hverjar þær eru. Bókmenntaborgin Reykjavík tekur þátt í mati á umsóknarborgum í samstarfi við aðrar Bókmenntaborgir. Sérstök áhersla er nú lögð á heimsmarkmið Sameinuðu

Þjóðanna innan samstarfsnetsins og hvernig borgirnar geti stuðlað að framgangi þeirra og þannig lagt sitt af mörkum til að stuðla að betri heimi okkur öllum til handa. Stærstu einstöku alþjóðlegu verkefni á árinu verða ljóðaverkefnið Drop the Mic sem er þriggja ára verkefni í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík og Bókmenntaborgirnar Kraká, Lillehammer, Heidelberg og Tartu, og þátttaka í alþjóðadegi ljóðsins í mars ásamt öðrum Bókmenntaborgum UNESCO. Einnig er vert að minnast á samstarf Bókmenntaborgarinnar og The Writing Squad í Bretlandi sem mun leiða saman unga rithöfundu frá Reykjavík og systurborgar hennar, Hull. Þá munu Bókmenntaborgir UNESCO fagna alþjóðlegum degi þýðinga sameiginlega í fyrsta sinn 2019. Verkefnastjórar Bókmenntaborginnar taka þátt í vinnufundum Bókmenntaborga UNESCO og ársfundi Samstarfsnets skapandi borga UNESCO, UNESCO Creative Cities Network.

## VIÐBURÐADAGATAL REYKJAVÍKUR BÓKMENNTABORGAR 2019

### ALLT ÁRIÐ

Lestrarstundir með Sleipni fyrir leikskólabörn

Móttaka hópa í Gröndalshúsi

### JANÚAR

Afhending Fjöruverðlauna, bókmenntaverðlauna kvenna

### MARS

Alþjóðlegur dagur ljóðsins

### APRÍL

Barnameningarhátíð

Vika bókarinnar

Bókmenntahátíð í Reykjavík

Alþjóðlegt þýðendaping

Afhending Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur

Afhending Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar

### MAÍ

Sögur, verðlaunahátíð barnanna

Þýskur gestahöfundur í Gröndalshúsi

### JÚNÍ

Eyjabókmenntir, alþjóðlegt málþing

Afhjúpun bókmenntatexta í borgalandi til heiðurs Vilborgu Dagbjartsdóttur

### SEPTEMBER

Alþjóðadagur þýðinga

Gestahöfundur frá annarri Bókmenntaborg UNESCO í Gröndalshúsi

### OKTÓBER

Afhending Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar

### NÓVEMBER

Bókamessa í Bókmenntaborg

| Lykiltölur Bókmenntaborg UNESCO                   | Rauntölur<br>2016 | Rauntölur<br>2017 | Rauntölur<br>2018 | Markmið<br>2019 |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-----------------|
| Alþjóðleg samstarfsverkefni                       | 13                | 10                | 10                | 6               |
| Samstarf með orðlistafólki (nýtt fyrir árið 2019) |                   |                   |                   | 85              |



United Nations  
Educational, Scientific and  
Cultural Organization



Reykjavík  
City of Literature

Member of the UNESCO Creative  
Cities Network since 2011

## UNESCO CREATIVE CITIES NETWORK

### LEIÐARLJÓS

Samstarfsnet skapandi borga UNESCO / UNESCO Creative Cities Network (UCCN) var sett á laggirnar árið 2004. Það vinnur að því að efla samvinnu innan og milli borga sem hafa viðurkennt skapandi starf sem stefnumarkandi þátt í sjálfbærri þróun borga í efnahagslegu, félagslegu, menningarlegu og umhverfislegu tilliti.

Með því að ganga í samstarfsnetið skuldbinda borgir sig til að deila árangursríkum starfsháttum og þróa samstarf sem ýtir undir sköpun og skapandi greinar, styrkir þátttöku í menningarlífi og til að gera menningu að hluta af borgarskipulagi og þróun borgarinnar.

Samstarfsnet skapandi borga UNESCO tekur til sjö listsviða: bókmennta, handverks og alþýðulista, hönnunar, kvikmyndalistar, margmiðlunarlistar, matagerðarlistar og tónlistar.

### MARKMIÐ

Samstarfsnet skapandi borga UNESCO stefnir að því að:

- styrkja alþjóðlega samvinnu milli borga sem hafa viðurkennt skapandi starf sem stefnumarkandi þátt í sjálfbærri þróun borga;
- ýta undir og auka framtak innan borgarinnar sem stuðlar að því að skapandi starf sé stefnumarkandi hluti borgarþróunar, sérstaklega með samvinnu opinberra aðila, einkaaðila og borgaranna;
- styðja við sköpun, framleiðslu, dreifingu og miðlun menningarviðburða, -varnings og þjónustu;
- skapa menningar- og nýsköpunarkjarna og auka tækifæri fyrir skapandi fólk og fagfólk í menningargeiranum;
- bæta aðgengi að og þátttöku í menningarlífi svo og neyslu á menningarlegri sköpun og þjónustu, ekki síst með tilliti til jaðarhópa og þeirra sem eiga undir högg að sækja;
- menning og skapandi starf sé hluti af opinberri stefnumörkun í borgarþróun og -skipulagi.

### AÐGERÐAÁÆTLUN

Markmið Samstarfsnets skapandi borga UNESCO eru innleidd innan hvorrar borgar í samstarfsnetinu svo og á alþjóðlegum vettvangi, og er sérstaklega hugað að eftirfarandi:

- að deila reynslu, þekkingu og árangursríkum starfsháttum;
- frumkvöðlaverkefnum, samstarfi og að stuðlað sé að samvinnu milli einkaaðila, opinberra aðila og almennra borgara;
- vinnuskiptum og samstarfsneti fyrir fagaðila og listamenn;
- rannsóknnum, könnunum og mati á reynslu skapandi borga UNESCO;
- stefnumörkun og leiðum til að stuðla að sjálfbærri þróun borga;
- starfi á sviði miðlunar og vitundavakningar.





# BORGARBÓKASAFN



## HLUTVERK

Borgarbókasafn Reykjavíkur er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, fræðslu og viðburðum á sviði menningar og lista.

## LEIÐARLJÓS

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi, í alþjóðlegu umhverfi, jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum og menningarhúsum hvað varðar þjónustu, búnað og viðburðahald. Starfsemin beri vott um fagmennsku, virðingu, víðsýni og sköpunarkraft.

## MEGINMARKMIÐ

- **Lýðræði:** Borgarbókasafnið eflir lýðræði og jöfnuð. Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmalaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna.
- **Menning:** Borgarbókasafnið er miðstöð mannlífs og menningar. Borgarbókasafn Reykjavíkur er menningarstofnun í víðustu merkingu þess orðs. Þar mætast ólíkir hópar sem gefa raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins.
- **Menntun:** Borgarbókasafnið er vettvangur barna, ungmenna og fullorðinna til að uppgötva og rannsaka heiminn og þróa þannig hæfileika sína og tækifæri. Menntun, líkt og menning, er liður í þroska og þróun hvers einstaklings, óháð því hvernig hennar er aflað.
- **Uppspretta:** Borgarbókasafnið er vettvangur hugmynda, sköpunar og upplifunar. Einstaklingar og hópar hafa tækifæri til að örva andann og sköpunarkraftinn, hvort sem það er í gegnum samskipti við aðra, þátttöku, menningu og listir.
- **Fyrirmynd:** Borgarbókasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem gegnir forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins og sækir fyrirmynd sína til fremstu safna heims.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

#### Tekjur

Rekstrartekjur -50.258

#### Gjöld

Laun og launatengd gjöld 635.703

Innri leiga 203.712

Annar rekstrarkostnaður 211.172

**Rekstrarniðurstaða 1.000.329**


#### Starfsmannafjöldi 2019

Fjöldi starfsmanna 95

Fjöldi stöðugilda 78.5


### SKIPTING TEKNA

Lánsskirteini-  
menningarkort 39%  
Sektir 36%  
Aðrar tekjur 15%  
Húsaleigutekjur 10%



### SKIPTING GJALDA

Laun 61%  
Innri leiga 19%  
Annar kostnaður 14%  
Bókakaup 6%



Borgarbókasafnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994, menningarstefnu Reykjavíkurborgar, fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og samþykkt um Borgarbókasafn frá 2015 að leiðarljósi í starfi sínu.

Borgarbókasafnið rekur sex starfsstaði í Grófinni, Gerðubergi, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum og Árbæ. Einnig bókabílinn Höfðingja og sögubílinn Æringja.

## HELSTU VERKEFNI 2019

Í maí 2018 var sett á laggirnar flugráð til að útfæra hugmyndir að nýrri framtíðarsýn fyrir starfsemi og umhverfi Grófarhúss. Tillaga að flugráðinu var lögð fram af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra á fundi borgarráðs þann 12. apríl 2018 og var samþykkt. Flugráðið kom saman í Grófarhúsi dagana 8. og 9. maí 2018. Borgarbókasafnið vann samkvæmt hugmyndafræði notendamiðaðrar hönnunar eins og speglast í þjónustustefnu og aðgerðaáætlun fyrir 2017–2020. Flugráðið sótti innblástur í og byggði tillögur sínar á vinnu starfsmanna og niðurstöðum notendakannana Borgarbókasafnsins auk áðurnefndrar þjónustustefnu.

Niðurstöðurnar bera vitni um metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir Borgarbókasafnið, stærstu menningarstofnun Reykjavíkurborgar. Á árinu 2019 verða óskir og þarfir notenda hafðar áfram að leiðarljósi með því að vinna með rýnihópum og leggja kannanir fyrir mismunandi markhópa. Lögð verður áhersla á þróun nýrrar þjónustu og verkefna, er varða m.a. rafræna miðlun og þjónustu, afgreiðslutíma og aðstöðu notenda á söfnunum. Jafnframt verður unnið að þróun tæknitengdrar fræðslu og verkefna undir hatti Tilraunaverkstæðisins.

## AUKIN OPNUN SAFNA OG SJÁLFAFGREIÐSLA

Notendur safnsins hafa í skoðanakönnunum ítrekað óskað eftir rýmri afgreiðslutíma. „Opin bókasöfn“ gera notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. „Opin bókasöfn“ hafa verið að ryðja sér til rúms á Norðurlöndunum og nú eru t.d. yfir 350 slík söfn í Danmörku.

Samhliða þessu verkefni verður farið í að endurnýja sjálfsafgreiðslukerfi safnanna og skoða hvort unnt verði að taka í notkun svokallað IMMS kerfi (Intelligent Material Management System) sem tryggir betra flæði safnkostsins þannig að efnið sé til staðar þar sem eftirspurnin er mest hverju sinni. IMMS kerfi eykur sjálfsafgreiðslu og greiðir leið safnkostsins um útibú bókasafnsins og tryggir hámarksnýtingu og betri þjónustu við notendur.

## NÝ TÆKIFÆRI Í MIÐLUN OG TÆKNI

Nýr vefur Borgarbókasafnsins felur í sér byltingu í miðlun á efni og rafrænni þjónustu. Framsetning er myndrænni og líflegri en áður og fá notendur upplýsingar um það sem er efst á baugi hverju sinni frá starfsmönnum og öðrum notendum. Hægt er að fá tillögur að lefni, fræðslu, viðburðum og þjónustu. Notendur taka þátt í lifandi samræðu á samfélagsmiðlum og læra að hjálpa sér sjálfir í leit að innblæstri og fróðleik.

Árið 2019 verður farið af stað með nýtt verkefni sem snýr að skjámiðlun sem felur í sér spennandi tækifæri til að ná til notenda á nýjan hátt. Útstillingum á bókum og öðru efni verður gert enn hærra undir höfði í söfnunum því notendur kjósa gjarnan að taka að láni það efni sem stillt hefur verið út og sett í áhugavert samhengi.

Landskerfi hf., sem Borgarbókasafnið er aðili að, mun taka nýtt bókasafnskerfi í notkun á landsvísu árið 2020. Það mun hafa góð áhrif á innra starf safnanna og bæta þjónustu við notendur enn frekar. Vinna við innleiðingu nýja kerfisins hefst árið 2019 og tekur starfsfólk Borgarbókasafnsins virkan þátt í þeirri innleiðingu.

## TILRAUNAMENNSKA, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG ÞÁTTTAKA

Tilraunaverkstæði Borgarbókasafnsins vinnur í anda „Makerspace“ hugmyndafræðinnar þar sem skapandi hugsun, nýsköpun, tilraunamennska og tæknilæsi er í fyrirrúmi, jafnt í starfi með börnum og fullorðnum. Í Gerðubergi er skemmtileg aðstaða fyrir krakka sem geta komið og fíktað sig áfram upp á eigin spýtur eða lært eitthvað nýtt í smiðjum sem í boði eru öðru hverju. Starfræktir eru krakkaklúbbar, t.d. vélmennaklúbbur, sem vakið hefur mikla lukku. Í Grófinni er lögð áhersla á tækni og tónlist í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Tónlistarborgina og aðgengi að ýmis konar forritum fyrir skapandi vinnu barna og fullorðinna. Í Árbænum liggur áherslan á handverki og saumaskap en síðastliðið haust var sett upp aðstaða með saumavélum og tilheyrandi búnaði þar sem fullorðnir geta m.a. saumað fjölnota bókapoka, gert við fíkur eða saumað nýjar.

Þróun ýmiss konar fræðslu fyrir fullorðna verður í brennidepli. Markmiðið er að stuðla að auknu tæknilæsi og betri aðlögun þeirra sem tilheyra jaðarhópum samfélagsins. Á árinu 2019 verða óskir notenda á þessu sviði kannaðar og fléttaðar inn í dagskrá fræðslutengdra viðburða, þjónustu og órnámskeiða þar sem fróðleik af ýmsu tagi verður miðlað til notenda.

Í menningarhúsum Borgarbókasafnsins ríkir góður andi sem mikilvægt er að næra með aðlaðandi umhverfi og góðri aðstöðu. Markmiðið er að notendurnir komi til að vera, njóta, funda og skapa, hvort heldur þeir kjósa að vera einir eða í góðum félagsskap annarra.

Í Grófinni er komin upp ný aðstaða á hinu svokallaða Reykjavíkurtorgi, sem mætir þörfum þeirra sem vilja læra, vinna að eigin verkefnum eða skapa eitthvað í samvinnu við aðra. Torgið er einnig vettvangur fyrir ýmsa viðburði á vegum safnsins og aðila sem vilja nýta aðstöðuna. Áhersla verður lögð á að kynna notendum þessa nýju aðstöðu með átaki á samfélagsmiðlum.

Í Gerðubergi, sem hefur fengið góða andlitslyftingu á undanförunum tveimur árum, verður settur punktur yfir i-ið með nýrri aðstöðu fyrir ungmenni frá 12 ára aldri. Þar geta þau notið sín í félagsskap jafnaldra sinna í umhverfi sem örvar sköpunar- og lestrargleði þeirra. Í Gerðubergi verður jafnframt gert átak í að auka safnefni á erlendum tungumálum til að þjóna betur fjölbreyttu samfélagi Breiðholtsins. Lögð verður áhersla á fjölmennustu tungumálaláhópanna og leitað ráðgjafar eftir föngum við val og kaup á nýju efni.

## KYNNINGARSTARF OG MIÐLUN

Áfram verða börn og unglingar einn mikilvægasti markhópur Borgarbókasafnsins og hlustað verður grannt eftir þeirra óskum og skoðunum á framtíðarbókasafninu.

Ný fræðsludagskrá fyrir skólabörn verður innleidd á árinu en henni er ætlað að mæta betur kröfum kennara og nemenda, þar sem skemmtun og fræðslu er fléttað saman með áherslu á virka þátttöku. Boðið verður upp á einfalda og aðgengilega þjónustu fyrir kennara sem vilja kynna nemendum sínum heim bókasafnsins og hvetja þá til að sækja sér upplýsingar og innblástur.

## ÁHUGAVERÐ SAMSTARFSVERKEFNI

Borgarbókasafnið tekur þátt í fjölda samstarfsverkefna ár hvert, bæði með innlendum og erlendum aðilum. Helstu áherslur í þeim verkefnum, sem eru nú í gangi, eru lestrarhvatning, nýsköpun í miðlun bókmennta, tæknilæsi, þróun fræðslu fyrir fulloröna, þátttaka í samfélaginu og vinna gegn félagslegri einangrun.



# STIKLUR ÚR VIÐBURÐADAGATALI BORGARBÓKASAFNSINS 2019

## JANÚAR

Oddhassir blýantar – Alþjóðleg sýning um kvenréttindi og málfrelsi • Þetta vilja börnin sjá – farandsýning • Heimspækikaffi með Vilborgu Örnú • Bókakaffi með Hallgrími Helgasyni og Degi Hjartar • Flakkarakaffi með Jóni Jónssyni • Micro:Bit á Tilraunaverkstæðinu

## FEBRÚAR

Háskaleikar á Safnanótt • Fjölskyldudagskrá í vetrarfríi grunnskólanna • Alþjóðadagur móðurmálsins • Ertu alveg viss – Stutt innlit í Brennu-Njáls sögu – margmiðlunarsýning • Horfðu til himins – Ljósmyndasýning Kristvins Guðmundssonar • Hverfaskipulag í Ártúnsholti, Árbæ og Selás – sýning • Lífsstílskaffi með Heiðu Björk • Jazz í hádeginu með Guðmundi Péturssyni • Leikhússkaffi um leikverkið Matthildi • Lífsstílskaffi um súrkálsgerð • Sagnakaffi með Halla Reynis

## MARS

Hrafnhildur Guðmundsdóttir – Hönnunarmars • Bókakaffi með Steinunni Sigurðardóttur og Friðu Ísberg • UngFó með Siggú Dögg • Allt um pottablómin á Lífsstílskaffi • Café Lingua – Pólska • Tónlistarsmiðja Söguhrings kvenna • Orðagull – ritlistar- og sagnanámskeið • Danssmiðja Söguhrings kvenna

## APRÍL

Barnamenningarhátíð • Ingólfur Ómar – málverkasýning • UngFó – Allt um hár og neglur • Bókakaffi með Guðrúnu Evu Mínervudóttur og Friðgeiri Einarssyni • Viltu læra að tálga – námskeið

## MAÍ

Úthverfi – Sýning Myndhöggvarafélagsins • Sögur – verðlaunahátíð barnanna • Útskriftarsýning Borgarholtsskóla • Göngukaffi með Stefáni Eiríkssyni

## JÚNÍ - ÁGÚST

Wiola Wjzadowska – myndlistarsýning • Sumarsmiðjur fyrir krakka • Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Reykjavík Safarí – menningarganga • Samsýning þriggja vestur-íslenskra kvenna • Friða og dýrið – Michael Santacrocce sýnir klippimyndir • Uppskeruhátíð sumarlesturs • Dagskrá á Menningarnótt

## SEPTEMBER

Bókasafnadagurinn • Evrópski tungumáladagurinn • Rúnar F. Sigurðsson – Ljósmyndasýning • Hverfaskipulag Breiðholts – sýning • Artótek – Samsuða • Jan Heinonen og Tapio Koivukari – Ljósmyndir og ljóð

## OKTÓBER

Ritþing • NORD – margmiðlunarsýning • Fjölskyldudagskrá í haustfríi grunnskólanna • Lestrarvinir

## NÓVEMBER

Dagskrá á Degi íslenskrar tungu • Bókmenntakynningar fyrir unglunga

## DESEMBER

Jólaleiksýning • Jóladaatal • Jólaföndur • Jólabókakaffi • Jólasögustundir • Jólalabingó

## FASTIR VIÐBURÐIR YFIR VETRAR- MÁNUÐI

Kaffistundir um allt milli himins og jarðar • Jazz í hádeginu – tónleikaröð • Krakkahelgar • Fjölskyldustundir • Sögustundir • Safnkynningar • Heilahristingur – heimanámsaðstoð • Tækni- og tilraunaverkstæði • Leshringir fyrir unglunga og fullorðna • Café Lingua • Söguhringur kvenna – smiðjur og fræðsla • Menningarmót • Heimsálfar – Sögustundir á öllum heimsins tungumálum • Þrjónakaffi • Æringi sækir leikskóla- og frístundaheimili heim

## FRÆÐSLUVERKEFNI BORGARBÓKASAFNSINS

### FRÆÐSLA FYRIR 3-8 ÁRA

Sögustundir • Koffort – farandbókasafn • Safnkynningar • Sögubíllinn Æringi  
• Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Menningarmót • Litla bókasafnið •  
Námskeið um meðferð bóka

### FRÆÐSLA FYRIR 9-12 ÁRA

Bókaverðlaun barnanna • Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Heilahristingur  
– heimanámsaðstoð • Menningarmót • Lestrarhvetjandi verkefni • Leslistar •  
Bókaspjall • Safnkynningar fyrir 4. – 7. bekinga • Tilraunaverkstæðið

### FRÆÐSLA FYRIR 13 ÁRA +

Bókakynning í desember • Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Kynning á  
myndasögu- og unglíngadeild í Grófinni • Heilahristingur – heimanámsaðstoð  
• Menningarmót • Vinnustofur í myndasagnagerð • Bókaspjall og leslistar •  
Stefnumót við rithöfunda • Tilraunaverkstæðið • Safnfræðsla

| Lykiltölur Borgarbókasafnsins             | Rauntölur<br>2016 | Rauntölur<br>2017 | Rauntölur<br>2018 | Markmið<br>2019 |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-----------------|
| Gestafjöldi - heildartala                 | 635.765           | 611.481           | 579.324           | 571.000         |
| - Menningarhús Grófinni                   | 194.430           | 174.007           | 155.777           | 158.000         |
| - Menningarhús Kringlunni                 | 87.768            | 100.345           | 102.092           | 99.500          |
| - Menningarhús Sólheimum                  | 60.190            | 58.202            | 58.503            | 57.000          |
| - Menningarhús Gerðubergi                 | 154.187           | 142.420           | 125.365           | 126.000         |
| - Menningarhús Spönginni                  | 76.826            | 79.444            | 81.241            | 78.500          |
| - Menningarhús Árbæ                       | 44.879            | 41.860            | 40.900            | 40.000          |
| - Bókabíll                                | 12.521            | 10.253            | 8.519             | 9.500           |
| - Æringi                                  | 2.138             | 2.358             | 1.927             | 2.500           |
| - Norðlingaholtsskóli                     | 2.826             | 2.592             | 0                 | 0               |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum       | 13.941            | 15.014            | 14.167            | 13.000          |
| Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur | 143               | 153               | 132               | 130             |
| Fjöldi heimsókna á vefi BBS               | 221.813           | 170.647           | 125.893           | 140.000         |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna      | 2                 | 2                 | 3                 | 2               |
| Samstarfsaðilar                           | 66                | 61                | 61                | 60              |
| Safnkostur                                | 434.847           | 415.171           | 407.771           | 405.000         |
| Safnkostur á íbúa                         | 3.53              | 3.3               | 3.18              | 3.2             |
| Velta safnkosts-útlán á eintak            | 1.7               | 1.66              | 1.74              | 1.75            |
| Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó         | 9.122             | 9.122             | 9.122             | 9.122           |
| Útlán - heildartala                       | 737.419           | 688.549           | 710.074           | 710.000         |
| - Menningarhús Grófinni                   | 185.063           | 159.144           | 159.547           | 165.000         |
| - Menningarhús Kringlunni                 | 129.673           | 142.059           | 146.359           | 149.000         |
| - Menningarhús Sólheimum                  | 87.713            | 83.179            | 86.809            | 85.500          |
| - Menningarhús Gerðubergi                 | 108.413           | 91.556            | 101.324           | 98.500          |
| - Menningarhús Spönginni                  | 133.683           | 128.345           | 130.158           | 132.000         |
| - Menningarhús Árbæ                       | 78.605            | 72.427            | 72.047            | 70.000          |
| - Bókabíll                                | 11.177            | 9.437             | 8.830             | 10.000          |
| - Norðlingaholtsskóli                     | 3.092             | 2.402             | 0                 | 0               |
| Bókin heim (fjöldi notenda)               | 45                | 35                | 40                | 35              |
| Útlán á íbúa                              | 5.98              | 5.48              | 5.54              | 5.58            |







# BORGARSÖGUSAFN

## HLUTVERK

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og menningarminjar og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna.

Safnið stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar.

Sýningarstaðir safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafninu í Reykjavík, Aðalstræti 10 og Viðey, auk þess sem starfsemi safnsins er gerð sýnileg með öðrum hætti, t.d. með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.

Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans. Safnið sinnir minjavörslu í Reykjavík og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í borginni. Safnið sinnir sýningarhaldi, fræðslustarfsemi og útgáfu í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

## LEIÐARLJÓS

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur það að leiðarljósi að vera í sterkum og sýnilegum tengslum við samfélagið, vera áreiðanlegt, upplýsandi og aðgengilegt, hvetja gesti sína til þátttöku og þjóna öllum af alúð.

Það skal sýna fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu á menningarminjum, miðla fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekja fólk til umhugsunar, vera skapandi og skemmtilegt. Starfsemi Borgarsögusafns skal vera kraftmikil, traust, markviss og skýr.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

#### Tekjur

Rekstrartekjur -219.006

#### Gjöld

Laun og launatengd gjöld 372.469

Innri leiga 168.560

Annar rekstrarkostnaður 218.630

**Rekstrarniðurstaða 540.653**


#### Starfsmannafjöldi 2019

Fjöldi starfsmanna 74

Fjöldi stöðugilda 41.1


### SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir 66%  
Vörusala 16%  
Styrkir 9%  
Aðrar tekjur 5%  
Húsaleiga 4%



### SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 49%  
Annar kostnaður 25%  
Innri leiga 22%  
Bryggja og ferja  
Viðey 4%



## MEGINMARKMIÐ

- að tryggja samhengi milli allra sviða safnastarfsins: Söfnunar, rannsókna, varðveislu, sýninga og fræðslu
- að rannsaka og sýna margbreytileika sögunnar, menningar og mannlífs
- að leyfa ólíkum röddum að heyrast
- að sinna þekktum gestahópum vel auk þess að laða aðra hópa að safninu með markvissum aðgerðum
- að skapa umræðu og efla gagnrýna hugsun
- að vera vettvangur fyrir skapandi starf
- að vera gestrisin og veita faglega þjónustu
- að vera opin fyrir samstarfi við aðrar stofnanir, félög og einstaklinga

## HELSTU VERKEFNI 2019

Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningarsögulegum minjum í borginni og miðlun þekkingar um þær. Ein megináherslan í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt stendur safnið fyrir fjölbreyttri miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Markmið safnsins er að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, jafnt innlendir sem erlendir, á öllum starfsstöðvum safnsins og eiga í lífandi samtali við samtímamann í borginni.

Á fundi borgarráðs þann 14. september 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra um kaup Reykjavíkurborgar á húsinu Aðalstræti 10 og vorið 2018 voru þar opnaðar sýningar um sögu hússins, um torfbæi í Reykjavík og ljósmyndasýning í tengslum við fullveldisárið 1918. Þá samþykkti borgarráð einnig að setja upp sýningu um sögu Reykjavíkur í húsinu undir forystu Borgarsögusafns. Fyrirhuguð ný sýning í Aðalstræti 10 og tenging hennar við Landnámssýninguna í Aðalstræti 16 verður eitt stærsta verkefni safnsins, sem tekur til allrar starfsemi þess á árinu 2019.

## ÞJÓNUSTA OG REKSTUR

Borgarsögusafn mun áfram vinna með nýja vörumerkjastefnu safnsins í hönnun og útgáfu á eigin kynningarefni, s.s. bæklingum og veggspjöldum. Þá verður enn frekari áhersla lögð á markaðs- og kynningarmál safnsins, sérstaklega sýnileika þess á veraldarvefnum, í samræmi við aukna snjalltækjanotkun.

Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og fjölskylduvæna dagskrá jafnt sumar sem vetur. Rýnt verður í þjónustupætti á safninu og þeir samræmdir enn frekar, vinnuferlar og verklag, sem og skerpt verður á þjónustustefnu safnsins í kjölfar stefnumótunarvinnu ársins 2018. Að viðhalda, efla og bæta góða þjónustu er meginstef í starfi safnsins er kemur að almennum rekstri.

Safnbúðir sem starfandi eru á Árbæjarsafni, Landnámssýningu og Ljósmyndasafni hafa tekið breytingum á undanförunum árum og nú síðast á Sjóminjasafninu með tilkomu nýrrar grunnsýningar. Áfram verður lögð áhersla á sérstöðu hversar búðar fyrir sig og vöruúrval í samræmi við það, þar á meðal eigin framleiðsla á sérvörum undir merkjum Borgarsögusafns.

Borgarsögusafn tekur einnig þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15, þar sem Ljósmyndasafnið mun fá nýja og langþráða sýningarstöðu á jarðhæð hússins.

## MINJAVARSLA OG RANNSÓKNIR

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja í Reykjavík, en áratuga hefð er fyrir því. Ákvæði um þá skráningu er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og þar segir að skráning skuli ætíð fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er afgreitt. Fornleifaskráning er forsenda þess að geta verndað fornleifar; skráningin upplýsir framkvæmdaaðila um tilvist og staðsetningu fornleifanna og stuðlar að því að unnið sé í samræmi við lög. Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun, en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Byggða- og húsakönnun er byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.

Föst verkefni eins og gerð byggðakannana vegna hverfisskipulags verða á sínum stað og unnið verður eftir því sem þeirri vinnu vindur áfram hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Húsakannanir og fornleifaskráning verða gerðar á árinu í tengslum við vinnu við gerð deiliskipulags og annarrar skipulagsvinnu í byggðum hverfum, meðal annars á Veðurstofureit og fyrir svæði við Sundahöfn-Vatnagarða og Suðurbugt-Geirsgötu í Reykjavík. Einnig mun fornleifaskráning Austurheiðar eiga sér stað, auk endurskoðunar á fornleifaskráningu vegna Sundabrautar. Að venju eru líka gerðar umsagnir um hús og skipulagsmál að beiðni USK.

Í samstarfi við Háskóla Íslands verður áframhaldandi uppgröftur á bæjarstæði Árbæjar í maí og júní, en uppgröfturinn er vettvangsnámskeið á vegum hugvísindadeildar háskólans. Í ljós hefur komið að mun eldri byggð er að finna á bæjarstæðinu en talið var, eða frá 10.-11. öld. Safnið hefur tvívegis fengið styrk úr Fornminjasjóði til að standa að þessari rannsókn. Sem endranær er töluverð ásókn erlendra sem innlendra nema í starfsnám á Borgarsögusafni og framhald verður á því samstarfi.

Endurbætur á tveimur varðveisluhúsum (Skemmu I og II) á safnsvæði Árbæjarsafns halda áfram en þær fela í sér að setja upp brunavarnarkerfi, vatnsúðunarkerfi, ásamt nýjum hillum, en timburhillum fyrir safngripina verður jafnt og þétt skipt út fyrir eldtraustar hillur úr vottuðu gæðastáli. Markmið Borgarsögusafns er að allir safngripir verði varðveittir við skilyrði sem uppfylla kröfur um nútíma varðveisluhætti og að safnið uppfylli skilyrði safnaráðs í þeim efnunum. Samhliða því verður skráning muna uppfærð; þeir metnir og flokkaðir, hreinsaðir, ljósmyndaðir, þeim umpakkað og raðað á sinn stað jafnhliða endurbættum hilluskram. Að sama skapi verður unnin áætlun um stækkun á varðveislurými fyrir safnkost Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi, þegar

framkvæmdir við húsið halda áfram, en umfang safnskotsins hefur a.m.k. fjórfaldast frá því flutt var í húsið árið 2000, þá var hann 1,5 milljónir ljósmyndir en er í dag yfir 6 milljónir.

Á árinu verður sérstök áhersla á safn skólaminja innan Borgarsögusafns og safn leikfanga, sem verður rannsakað með það fyrir augum að endurnýja sýninguna í Koffortinu í Landakoti á komandi árum. Að sama skapi þarf að undirbúa rannsókn og grunnvinnu með muni er tengjast Hansenhúsi og Ívarsseli á Árbæjarsafni, með það að leiðarljósi að setja upp sýningu í þeim húsum á komandi misserum.

Hvað varðar varðveislu safnskots þá þarf alltaf að horfa til þeirra efna sem hafa áhrif á endingu hans, s.s. sýrulausra umbúða sem bæði hlífa fyrir ryki og mengun auk þess sem þau hægja á hrörnun í þeim efnum sem safngripirnir eru gerðir úr. Horfa þarf til umhverfisþátta eins og hita- og rakastigs, að það sé innan ákveðinna marka ásamt því að gæta þess að sveiflurnar séu ekki of miklar. Ætlunin er gera rannsókn á áhrifum loftslags í umhverfi Árbæjarsafns á endingu safngripa. Tekin verða loftsflytningu á svæði Árbæjarsafns og strokusýni af safngripum og innihald þeirra efnagreint. Markmiðið er að greina þörfina fyrir sérstöku loftræstikerfi með það að markmiði að auka endingu safngripanna.

Rúst landnámsskálans á Landnámssýningunni í Aðalstræti verður hreinsuð en hana þarf að hreinsa á um 5 ára fresti. Það er bæði tímafrekt og krefst mikillar nákvæmi þar sem rústin er afar viðkvæm.

Eins og áður tekur Borgarsögusafn þátt í starfshópi um menningarmerkingar í Reykjavík, auk þess að sjá um textagerð fyrir merkingarnar. Stefnan er m.a. að setja upp merkingar á Grandanum. Önnur árviss verkefni innan Reykjavíkurborgar eru þátttaka í starfshópum um Húsverndarsjóð og Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar.

Húsverndarstofa í Kjöthúsi á Árbæjarsafni verður starfrækt sem fyrr, í samstarfi við Minjastofnun Íslands og lðunn fræðasetur, en þar er í boði ókeypis ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa á miðvikudögum frá 1. febrúar til 30. nóvember.

Viðhald safnhúsa á Árbæjarsafni heldur áfram samkvæmt árlegri áætlun, en gríðarlega mikilvægt er að viðhald sé jafnt og þétt, svo forðast megi skemmdir sem kalla á viðamiklar endurbætur.

Varðskipið Óðinn fór í slipp árið 2018 og siglir nú lygnan sjó, en áfram verður unnið að reglubundnu viðhaldi, auk þess sem viðgerð á aðalvélum skipsins fer fram á vegum Hollvinasamtaka Óðins, sem áætlað er að ljúki árið 2020, þegar Óðinn verður 60 ára. Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna, sem er í eigu Borgarsögusafns og er fyrsta stálskip smiðað á Íslandi, hafa það að markmiði að koma bátinum í upprunalegt horf á næstu 5 árum, auk þess að gera bátinn gangfæran með samskonar vél og var fyrir í skipinu. Jafnframt er ætlunin að bátar og skip Borgarsögusafns verði skráð ítarlega og byrjað verður á Magna.

## SAFNFRÆÐSLA, VIÐBURÐIR OG SÝNINGAR

Borgarsögusafn er óformlegur námsvettvangur sem hægt er að nýta á margbreytilegan máta í vettvangsferðum hópa. Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður að venju upp á vandaða safnfræðslu á öllum okkar stöðum fyrir nemendur á öllum skólastigum, fyrir hópa í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópa á öllum aldri. Árbæjarsafn er sveitasæla í miðri borg; Landnámssýningin fjallar um fyrsta fólkið á Íslandi; Ljósmyndasafnið er með myndlæsi í fókus; Sjóminjasafnið er hafsjór af fróðleik og Viðey sameinar sögu, náttúru og list. Unnið er eftir fræðslustefnu þar sem þátttaka, sköpun og aðgengi fyrir alla er haft að leiðarljósi. Haldið verður áfram að þróa fræðsluhúsið Líkn í Árbæjarsafni þar sem aðstaða er fyrir ýmis námskeið og nemendasýningar í samstarfi við skóla og aðra sem tengjast starfsemi safnsins. Safnfræðsla fyrir skóla- og frístundahópa á öllum aldri er án endurgjalds.

Í sýningar- og viðburðastarfi verður viðhaldið þeirri fjölbreyttu og spennandi dagskrá sem í boði hefur verið fyrir börn og fjölskyldur – jafnt innlendar sem erlendar – á öllum starfsstöðvum safnsins. Stærsta verkefni á sviði sýninga hjá safninu er vinna við fyrirhugaða sýningu í Aðalstræti 10 sem tengjast mun núverandi Landnámssýningu.

Unnið verður að nýrri sýningu í skólahúsinu í Viðey um sögu, náttúru og menningu eyjunnar og endurbættri aðstöðu fyrir gesti á komandi sumri. Þá verða þrjár stórar sýningar í Ljósmyndasafninu. Árið hefst með sýningu á verkum Páls Stefánssonar ljósmyndara sem er einn af þekktustu ljósmyndörum Íslands enda hefur hann átt stóran þátt í að móta ímynd landsins með verkum sínum. Sumarsýning safnsins er sýning úr safnkosti á verkum Kristjóns Haraldssonar auglýsinga- og iðnaðarljósmyndara en hann rak Studio 28 um árabíl. Haustsýning kemur frá Hasselblad Center í Gautaborg og nefnist Nordic Photography. Um er að ræða samsýningu norræna ljósmyndara og er fulltrúi Íslands Bára Kristinsdóttir. Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu.

Á Árbæjarsafni verður unnið að sýningu í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi, en húsið hefur verið endurgert af mikilli natni og nákvæmni eftir ítarlegar rannsóknir á byggingarsögu þess undanfarin ár. Þá verður opnuð sýning í safnhúsinu Lækjargötu 4 í samvinnu við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) þann 19. júní í tilefni af 100 ára afmæli félagsins en sjálf afmælishátíðin verður 15. ágúst þegar félagið leggur safnið undir sig. Einnig verður minnst þeirra tímamóta að nú eru 70 ár frá því að fjöldi þýskra kvenna flutti búferlum til Íslands í leit að atvinnu í kjölfar erfiðleika í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina með sýningu sem mun opna í júní.

Viðburðir um helgar verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Einnig stendur safnið fyrir dagskrá í vetrarfríum grunnskóla og í kringum hátíðar eins og jól og páska.





## SÝNINGAR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2019

---

### ÁRBÆJARSAFN

|                         |  |
|-------------------------|--|
| JÚNÍ – ÁGÚST            | Hansenhús Reykjavík 1850   |
| MAÍ – ÁGÚST             | Fornleifar við Árbæ – miðlun upplýsinga til gesta safnsins         |
| JÚNÍ – NÓVEMBER         | Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 100 ára                          |
| JÚNÍ – ÁGÚST            | Saga þýskra kvenna sem komu til Íslands árið 1949 í máli og myndum |
| SEPTEMBER –<br>DESEMBER | Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu     |

---

### LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

#### Sýningarsalur og Kubbur

|               |                                   |
|---------------|-----------------------------------|
| 19.01–12.05   | Páll Stefánsson – ...núna         |
| 12.05–09.09   | Kristjón Haraldsson – Úr safneign |
| 15.09. –01.19 | Hasselblad – Nordic Photography   |

#### Skotið

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| 22.11.18–04.02.19 | Hui Husien           |
| 08.02–08.04       | Catharine Canac      |
| 11.04.–10.06      | Sonja M. Ólafsdóttir |
| 13.06–21.08       | Laura Valentino      |
| 24.08–05.11       | Sigríður R. Marrow   |
| 14.11– 03.02.20   | Matthew Broadhead    |

---

### SJÓMINJASAFNIÐ Í REYKJAVÍK

|                      |  |
|----------------------|--|
| JANÚAR –<br>DESEMBER | Vélasalur – Neðansjávarfornleifafræði (sérýning) |
|----------------------|--|

---

### VIÐEY

|                |  |
|----------------|--|
| MAÍ – DESEMBER | Sýning í vinnslu – Viðey náttúrulega – saga, náttúra, list |
|----------------|--|

## VIÐBURÐIR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2019

---

### JANÚAR – MAÍ

Dagskrá á Safnanótt á Árbæjarsafni, Landnámssýningu, Sjóminjasafni og Ljósmyndasafni  
Dagskrá í febrúar – Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur  
Páskaeggjaleit í Viðey  
Dagskrá í apríl – Barnamenningarhátíð á Árbæjarsafni, Landnámssýningu, Sjóminjasafni og Ljósmyndasafni  
Safnadagurinn 18. maí

---

### JÚNÍ – ÁGÚST

Hátíð hafsins á Sjóminjasafninu í júní  
Sumardagskrá Árbæjarsafns júní, júlí, ágúst  
Sumardagskrá Viðeyjar júní, júlí, ágúst  
Kvöldgöngur menningarstofnana júní, júlí, ágúst  
Jónsmessuganga Árbæjarsafns í júní  
Sumarsólstöðuganga í Viðey í júní  
15. ágúst – 100 ára afmæli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Örnámskeið á Árbæjarsafni  
Dagskrá á Menningarnótt á Sjóminjasafni, Landnámssýningu, Ljósmyndasafni og í Viðey

---

### SEPTEMBER -DESEMBER

Tendrun Friðarsúlu í Viðey  
Dagskrá í október – Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur  
Hrekkjavaka á Árbæjarsafni  
Bráðum koma blessuð jölin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu  
Jóladagskrá í Viðey  
Fyrirlestraröð á Sjóminjasafni

---

### ALLT ÁRIÐ:

Listamanna- / höfundaspjall á Ljósmyndasafni



## SAFNFRÆÐSLA BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2019

---

### LEIKSKÓLAR

1 rúttúllboð  
7 fræðslutúllboð

**Árbæjarsafn:** Komdu að leika! – 4-6 ára / Senn koma jólin (frá 3. til 21. des.) – elsti árgangur rúttúllboð. **Landnámssýningin:** Komdu og skoðaðu landnámsdýrin! – elsti árgangur. **Ljósmyndasafn:** Hvað er sýning? – elsti árgangur. **Sjóminjasafnið:** Fagur fiskur í sjó – 4-6 ára / Alvöru varðskip! – elsti árgangur. **Viðey:** tillögur fyrir leikskóla.

---

### GRUNNSKÓLAR

3 rúttúllboð  
1 verkefnabók  
17 fræðslutúllboð

**Árbæjarsafn:** Kíkt í koffortið – 1.-2. bekkur / Að þreyja þorrann (frá 18. jan. til 16. feb.) – 1.-2. bekkur / Verk að vinna – 3.-4. bekkur / Aðfangadagskvöld 1959 – 5.-7. bekkur (frá 3. til 21. des.) – rúttúllboð / Neyzluhættir – rúttúllboð – 7.-10. bekkur / Konur og hjáverkin – rúttúllboð – 8.-10. bekkur. **Landnámssýningin:** Lífið á landnámsöld – 1.-3. bekkur / Siglum til Íslands – 4.-6. bekkur / Hvaðan komu Íslendingar? – 8.-10. bekkur / Sagan grafinn upp – 5.-7. bekkur – verkefnabók. **Ljósmyndasafn:** Hvernig lesum við í myndir – 1.-10. bekkur. **Sjóminjasafnið:** Komdu og skoðaðu hafið! – 1.-4. bekkur / Þúsund þorskar á færíbandi 5.-7. bekkur / Átök um þorskinn: hlutverkaleikur – 5.-6. bekkur – rúttúllboð / Hvað er svona merkilegt við fiskveiðar? 8.-10. bekkur / Til hvers eru varðskip? – 7.-10. bekkur. **Viðey:** tillögur fyrir grunnskóla.

**Frístundastarf:**  
8 fræðslutúllboð

**Árbæjarsafn:** Útileikir : Litir og form – 5-9 ára / Föturnar hans Friðriks 1.-7. bekkur / Lífið án farsíma 5.-7. bekkur. **Landnámssýningin:** Leikir í kvosinni – 6-9 ára. **Ljósmyndasafn:** Orð og mynd – allur aldur. **Sjóminjasafnið:** Fiskur og fjör / Varðskiptið Óðinn. **Viðey:** Eflandi hópleikir, rannsóknaleiðangrar.

---

### FRAMHALDS- OG HÁSKÓLAR

14 heimsókn-  
möguleikar

**Árbæjarsafn:** Konur og hjáverkin – verkefni tengt hugmyndum um kynjahlutverk / LíKN – fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar / Leiðsögn um valin hús / Heimsókn á eigin vegum. **Landnámssýningin:** Leiðsögn um sýningu safnsins / Heimsókn á eigin vegum. **Ljósmyndasafn:** Leiðsagnir um sýningar safnsins / Innlegg frá sérfræðingum safnsins / Heimsókn á eigin vegum. **Sjóminjasafnið:** Leiðsagnir um sýningar safnsins / Innlegg frá sérfræðingum safnsins / Heimsókn á eigin vegum. **Viðey:** tillögur að heimsóknum: Vettvangsferð á eigin vegum með eða án leiðsagnar frá starfsmanni Viðeyjar eða fræðsluteymi safnsins.

---

### ALLT ÁRIÐ

Fastar leiðsagnir alla daga í **Árbæjarsafni** kl. 13, á **Landnámssýningu** kl. 11 (á sumrin), í **Sjóminjasafni** kl. 13, 14 og 15. Húsvendrarstofa – ráðgjöf um endurbætur á eldri húsum á miðvikudögum kl. 15-17 í **Árbæjarsafni** í febrúar – nóvember.

| <b>Lykiltölur Borgarsögusafns Reykjavíkur</b> | <b>Rauntölur<br/>2016</b> | <b>Rauntölur<br/>2017</b> | <b>Rauntölur<br/>2018</b> | <b>Markmið<br/>2019</b> |
|---|---------------------------|---------------------------|---------------------------|-------------------------|
| Gestafjöldi - heildartala                     | 245.908                   | 219.729                   | 223.958                   | 240.000                 |
| - Árbæjarsafn                                 | 47.543                    | 49.748                    | 49.840                    | 55.000                  |
| - Landnámssýning og Aðalstræti 10 *           | 76.376                    | 78.775                    | 99.603                    | 79.000                  |
| - Ljósmyndasafn                               | 51.140                    | 24.392                    | 20.306                    | 23.000                  |
| - Viðey                                       | 27.562                    | 25.416                    | 22.870                    | 28.000                  |
| - Sjóminjasafn                                | 43.287                    | 41.398                    | 31.339                    | 55.000                  |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum          | 18.548                    | 18.495                    | 18.514                    | 19.700                  |
| Fjöldi viðburða                               | 86                        | 74                        | 85                        | 78                      |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna          | 15                        | 11                        | 12                        | 8                       |
| Fjöldi innlita á heimasíðu                    | 137.913                   | 167.356                   | 157.449                   | 150.000                 |
| Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins     | 50                        | 50                        | 51                        | 51                      |
| Fjöldi útgáfuverka                            | 5                         | 10                        | 7                         | 7                       |
| Fjöldi afgreiddra mynda                       | 1.755                     | 1.763                     | 2.328                     | 1.900                   |
| Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík          | 3.192                     | 3.372                     | 3.493                     | 3.560                   |
| Fjöldi skráðra safngripa í Sarp               | 28.720                    | 30.036                    | 30.264                    | 31.000                  |
| Fjöldi skráðra ljósmynda                      | 1.450.000                 | 1.550.000                 | 1.710.000                 | 1.660.000               |
| Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá                | 7.300                     | 7.435                     | 7.613                     | 7.620                   |

\* Aðalstræti 10 - opnunartími eingöngu sumar 2018





VERBODEN TOEGANG  
TOEGANG TOEGestaan  
TOEGestaan TOEGestaan



# HÖFUÐBORGARSTOFA

## FARSÆL ÞRÓUN TIL FRAMTÍÐAR

Umhverfi ferðaþjónustu hefur tekið gífurlegum breytingum á undanförunum árum samhliða hröðum vexti. Vöxturinn, sem jafnframt hefur verið sá hraðasti í allri Evrópu, hefur verið mestur utan háannatíma sem styrkt hefur starfsgrundvöll ferðaþjónustu allt árið um kring.

Reykjavík er eftirsóttasti áfangastaður landsins en um 95% ferðamanna dvelja í borginni í lengri eða skemmri tíma. Nú er svo komið að um tíundi hver „íbúi“ borgarinnar hverju sinni er erlendur ferðamaður sem nýtir sér innviði borgarinnar, svo sem gatnakerfið, bílastæði og afþreyingu og þjónustu á borð við sund og menningarstarf. Áhrif ferðamennsku á borgarlífið er um margt mjög jákvætt og hefur skilað okkur fjölbreyttara mannlífi og aukið framboð afþreyingar og veitingahúsa. Beinar tekjur menningarhúsa og sundlauga Reykjavíkurborgar af ferðamönnum hafa aukist mjög undanfarin ár og styrkt rekstrargrundvöll. Það hefur gert þeim kleift að styrkja starf sitt og þjónustu. Fjölgun eða fækkun ferðamanna hefur því óhjákvæmilega bein áhrif á allar stoðir samfélagsins.

Til að leggja grunn að farsælli og sjálfbærri þróun ferðamennsku í Reykjavík til framtíðar og takast á við þær áskoranir er snúa að efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum og náttúrulegum þolmörkum hefur Reykjavíkurborg hafið vinnu við nýja ferðamálastefnu. Ferðamálastefnan er langtíma áætlun borgarinnar í ferðamálum og til stendur að hún feli jafnframt í sér aðgerðar og innleiðingaráætlun.

Samhliða innleiðingu á nýrri ferðamálastefnu mun fara fram heildarendurskoðun á starfsemi Höfuðborgarstofu með það fyrir augum að endurskilgreina hlutverk í samræmi við nýja ferðamálastefnu, leiðarljós og markmið stofnunarinnar svo hún geti betur mætt þörfum og kröfum samfélagsins, stjórnkerfisins og umhverfis ferðaþjónustu til lengri tíma. Ekki er ólíklegt að horft verði til hlutverks Höfuðborgarstofu sem samtals-, samráðs- og samhæfingaraðila innan borgar og utan.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

|                          |         |
|--------------------------|---------|
| <b>Tekjur</b>            |         |
| Rekstrartekjur           | -30,653 |
| <b>Gjöld</b>             |         |
| Laun og launatengd gjöld | 74,820  |
| Annar rekstrarkostnaður  | 30,479  |


**Rekstrarniðurstaða 74,645**

### Starfsmannafjöldi 2019

|                    |   |
|--------------------|---|
| Fjöldi starfsmanna | 7 |
| Fjöldi stöðugilda  | 7 |


### SKIPTING TEKNA

Ríkissjóður 48%  
Gestakort 36%  
Ýmsar markaðs-  
tekjur 16%



### SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 71%  
Annar kostnaður 10%  
Gestakort 6%  
Félagsgjöld 6%  
Samstarfsverkefni 5%  
Rannsóknir og kannanir 2%



Meðal núverandi kjarnaverkefna sem verða endurskoðuð er markaðssetning á áfangastaðnum Reykjavík. Fyrir liggur að móta þarf nýja markaðsstefnu í samræmi við niðurstöður nýrrar ferðamálastefnu og hvernig best sé að innleiða hana. Ýmsir stórir samningar er snúa að markaðssamstarfi svo sem við sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu og um verkefnið Iceland Naturally verða endurskoðaðir í þessu ljósi, metnir að nýju og ný tækifæri kortlögð.

Stefnt er að því að lokið verði við endurskoðun á hlutverki, tilgangi og markmiðum Reykjavíkurborgar með upplýsingaveitu til ferðamanna. Lagt verður upp með samþætta upplýsingastefnu sem fangar nýjar kröfur og þarfir, þvert yfir miðla og leiðir, með það fyrir augum að gera upplýsingaveitu borgarinnar heildstæðari, skilvirkari og notendamiðaðri. Eldri leiðir verða rýndar og nýjar leiðir til smíðaðar sem taka mið af þróun á sviði tækninýjunga og möguleika á sviði rafrænna samskipta.

Að lokum má nefna að farið verður í endurskoðun á þeim könnunum og rannsóknum, tölum og gögnum sem Höfuðborgarstofa hefur látið framkvæma og safna saman. Verður það gert í samræmi við nýja ferðamálastefnu.

| Lykiltölur Höfuðborgarstofu   | Rauntölur 2016 | Rauntölur 2017 | Rauntölur 2018 | Markmið 2019 |
|---|----------------|----------------|----------------|--------------|
| Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð *   | 474.634        | 557.979        | 446.455        |              |
| Sala á gestakorti (fjöldi korta)  | 18.147         | 20.898         | 16.254         | 19.500       |
| Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi  | 1.767.726      | 2.195.271      | 2.315.925      | 2.200.000    |
| Fjöldi heimsóknna á vefsvæði <a href="http://www.visitreykjavik.is">www.visitreykjavik.is</a> | 1.403.842      | 1.695.806      | 1.229.425      | 1.320.000    |
| Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað   | 39             | 60             | 20             | 20           |

\* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018







## LISTASAFN REYKJAVÍKUR

## HLUTVERK

Listasafn Reykjavíkur varðveitir listaverkaeign Reykjavíkurborgar. Hún samanstendur af sérsöfnum listaverka eftir Ásmund Sveinsson, Erró og Jóhannes S. Kjarval auk listaverka sem endurspeglar strauma og stefnur í íslenski myndlist einkum frá síðari hluta 20. aldar og til dagsins í dag. Safnið hefur einnig umsjón og eftirlit með listaverkum á almannaþæri í eigu borgarinnar. Jafnframt því að varðveita og miðla safneigninni er það hlutverk safnsins að stunda rannsóknir og sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með sýningahaldi, útgáfum, fyrirlesturum, leiðsögnum eða með öðrum hætti. Listasafn Reykjavíkur skal þannig stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem hæst ber í myndlist hverju sinni.

## LEIÐARLJÓS

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækin vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynna fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð. Öflug miðlun og góð þjónusta skal vera áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

## FJÁRMÁL 2019

### FRUMVARP 2019 (Í ÞÚS. KR.)

**Tekjur**  
Rekstrartekjur -124.704

**Gjöld**  
Laun og launatengd gjöld 241.395  
Innri leiga 147.503  
Annar rekstrarkostnaður 185.531


**Rekstrarniðurstaða 449.724**

### Starfsmannafjöldi 2019

Fjöldi starfsmanna 40  
Fjöldi stöðugilda 25.2


## SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir 49%  
Vörusala 28%  
Styrkir 9%  
Húsaleiga 7%  
Aðrar tekjur 7%  
Styrkir v. listaverka-  
kaupa 0%



## SKIPTING GJALDA

Laun 49%  
Annar kostnaður 25%  
Innri leiga 22%  
Listaverkakaup



## MEGINMARKMIÐ

### ÖFLUG MIÐLUN

Safnið er vettvangur lista sem ekki bregst því hlutverki að ögra og fræða þannig að gestir öðlist dýpri skilning á sögulegu, félagslegu, menningarlegu og listrænu samhengi sköpunarverka listamanna. Leitast er við að tvinna saman sýningar, rannsóknir, fræðslu, fyrirlestra og aðra viðburði með það að markmiði að vera upplýsandi vettvangur skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu auk þess sem veitt er innsýn í vinnu listamanna.

### GÓÐ ÞJÓNUSTA

Lögð er áhersla á góða þjónustu í viðum skilningi þannig að upplifun gesta af heimsókn í safnhúsin sé jákvæð bæði hvað varðar samskipti og umhverfi. Leitast er við að taka mið af þörfum gesta með markvissri greiningu á ólíkum hópum.

### MARKVISST MARKAÐSSTARF

Skýrt yfirbragð einkenni alla markaðssetningu Listasafns Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á hvern viðkomustað fyrir sig. Í markaðsstarfi safnsins skal hugað að því að styrkja samband þess við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki sem stuðlað geti að framgangi myndlistar og því að safnið nái markmiðum sínum.

### GOTT STARFSUMHVERFI

Fagmennska og vönduð vinnubrögð einkenni allt starf Listasafns Reykjavíkur þar sem starfsmenn hafa til að bera áráðni, þekkingu og gott starfsumhverfi þannig að þeir geti unnið í takt við stefnuáherslu og framtíðarsýn.

## HELSTU VERKEFNI 2019

Markmið Listasafns Reykjavíkur á starfsárinu 2019 er að halda áfram að gera myndlist aðgengilega fyrir alla. Settar verða upp metnaðarfullar sýningar og þeim fylgt eftir með öflugri miðlun og markaðsstarfi. Samband safnsins við ólíka hópa verður treyst og innleidd ný þjónustustefna. Unnið verður að því að bæta aðbúnað listaverka í varðveislurýmum safnsins og viðhaldi útilistaverka áfram sinnt af krafti. Sjónum verður sérstaklega beint að list í almenningsrými.

Megin viðfangsefni ársins 2019 verður að auka vitund Reykvíkinga og gesta þeirra um þau fjölmörgu útilistaverk sem prýða borgina. Sérstaklega verður hugað að gildi listar í almenningsrými fyrir mannlíf og ásýnd umhverfisins. Árið verður helgað miðlun þekkingar um útilistaverkin en hafsjó af upplýsingum um þau er að finna í heimildasafni Listasafns Reykjavíkur. Aðgengi að upplýsingunum verður stórbætt í gegnum vefsíðu safnsins, með útgáfu stafrænnar leiðsagnar um verkin í borgarlandinu og kynntar verða sérstakar gönguleiðir varðaðar listaverkum. Þannig má auka vitund borgarbúa um listina sem finna má um alla borg. Einnig verður skipulögð fjölbreytt dagskrá um gildi listar í almenningsrými og leitað verður samstarfs við ólíka aðila um þátttöku í verkefninu. Safnið hefur, í samstarfi við hin ýmsu svið borgarinnar, umsjón með samkeppnum um ný útilistaverk og verður niðurstaða þeirra kynnt á árinu.

## FJÖLBREYTILEIKI MYNDLISTAR Í NÚTÍÐ OG FORTÍÐ

Sýningadagskrá safnsins á árinu 2019 leggur áherslu á þau markmið að gestum safnsins gefist tækifæri á að kynnst fjölbreytileika myndlistar og endurspeglar einnig áherslur á list í almenningsrými, meðal annars með sýningaröð í Ásmundarsafni þar sem haldnar verða fimm einkasýningar listamanna sem eru kunnir fyrir verk í borgarlandinu og víðar. Sýningar þeirra kallast á við fastasýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar þar sem dreginn er fram áhugi hans á list í almannarými. Meðal sýningaverkefna má nefna tvö alþjóðleg samstarfsverkefni; hönnunarsýninguna Nordic Now í Hafnarhúsi og sýningu á verkum William Morris á Kjarvalsstöðum. Á Nordic Now má sjá hvað ber hæst í samtímahönnun á Norðurlöndum og er sýningin sett upp í tengslum við Hönnunarmars. William Morris var breskur hönnuður og hugsuður sem uppi var á 19. öld og sótti sér innblástur á Íslandi. Verk hans munu kallast á við sýningu á verkum Sölva Helgasonar og sýninguna Blómaandlit – sýningu á verkum Kjarvals undir stjórn Eggerts Péturssonar listmálara. Með haustinu verður opnuð viðamikil sýning í Hafnarhúsinu á verkum eins af frumkvöðlum samtímalistar á Íslandi, Magnúsar Pálssonar. Unnið verður sérstaklega með viðamiklð skjalasafn listamannsins sem Listasafn Reykjavíkur hefur í sinni vörslu. Röð yfirlitssýninga starfandi listamanna heldur áfram í haust með sýningu á verkum Ólafar Nordal og útgáfu veglegrar sýningarskrár. Safneigninni verður áfram gert hátt undir höfði með nýrri Erró-sýningu og Skissu III, þematísku úrvali samtímaverka úr safneign. Sýningaröðin í D-sal kynnir fjóra upprennandi listamenn, en þess má geta að í fyrra auglýsti Listasafn Reykjavíkur í fyrsta sinn eftir tillögum og sóttu yfir 130 listamenn um.

## UPPLÝSANDI VETTVANGUR SKAPANDI UMRÆÐU

Listasafnið heldur áfram metnaðarfullu miðlunarstarfi með sérstakri áherslu á samstarf við grunnskólana. Nemendum er bæði boðið að koma í safnhúsin þrjú sem og að fá til sín flökkusýningu með verkum úr safneign. Í samræmi við áherslur safnsins á list í almenningsrými verður boðið upp á leiðsögn skólahópa um Perluvestina, höggmyndagarð kvenna í Hljómskálagarðinum. Að auki standa nemendum til boða ýmis verkefni, bæði til úrlausnar í sýningarsölum og í skólastofunni. Á árinu verður lokið við gerð fræðsluefnis um samtímalist sem byggir á safneign og verður aðgengilegt kennurum og áhugamönnum á vefsíðu safnsins. Nýjung í miðlunarstarfi safnsins er aðgengi að stafrænum upplýsingum og gögnum á spjaldtölvum. Spjaldtölvunum er komið fyrir í sýningarsölum og geta gestir aflað sér nánari upplýsinga um yfirstandandi sýningar. Á ári listar í almenningsrými kynnir Listasafn Reykjavíkur nýtt smáforrit þar sem boðið verður upp á fræðslu- og gönguferðir milli útilistaverka í borginni, á íslensku og ensku, auk leikja. Þessi tvö verkefni eru í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar á nýsköpun innviða og þjónustu og áherslu á menningu um alla borg. Áfram verður höfðað til ólíkra markhópa í leiðsögnum og meðal annars komið til móts við fjölskyldufólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með minnisglöp, byrjendur á listavellinum sem og lengra komna. Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir röð málpinga tengdum sýningum safnsins en á árinu verður sérstök áhersla á samtöl um útilistaverk.

## MENNINGARARFUR INNI OG ÚTI

Listasafn Reykjavíkur kappkostar að hafa sem mest af sinni safneign til sýnis hverju sinni, bæði á sýningum og í stofnunum borgarinnar. Safnkosturinn vex jafnt og þétt með innkaupum og gjöfum sem gera safninu kleift að styrkja safneignina. Forvörslu verka er sinnt jafnt og þétt einkum í tengslum við sýningar, en á árinu verður unnið að endurpökkun og bættum aðbúnaði verka sem þess þarfnast. Viðhald útilistaverka í borgarlandinu er stöðug áskorun. Árið 2017 fékk safnið sérstaka fjárveitingu til þess að mæta bágu ástandi útilistaverka. Fjárveitingin tekur til þriggja ára og síðan hefur verið unnið að verkefninu samkvæmt áætlun. Framgangur verkefnisins er góður og á árinu verður Íslandsvitinn á Sandskeiði eftir listamanninn Claudio Parmiggiani tendraður á ný eftir LED-væðingu ljósabúnaðar og Fyssa í Grasagarðinum í Laugardal eftir Rúrí verður gangsett að nýju. Sömmuleiðis verður gert við útilistaverk Ásmundar Sveinssonar Hvítu fiðrildin og því komið fyrir í garðinum við safn hans.

Í árslok 2018 skilaði Safnaráð lögbundinni úttekt á húsnæði, öryggismálum, aðgengi, skráningakerfi og faglegu starfi safnsins. Á árinu 2019 hefst vinna við úrbætur sem Safnaráð gerir kröfu um.

Það er áskorun í rekstri safnsins og brýn þörf að bæta úr húsnæðisskortri og aðstöðu til varðveislu listaverka. Á starfsárinu 2019 verður áfram lögð áhersla á að treysta innra starf safnsins þannig að mæta megi nútíma kröfum um varðveislu listaverka. Liður í þessu er að bæta enn fagþekkingu og eftirlit jafnt með sýningarsölum og geymslum auk þess sem innleiddir verða skýrir verkferlar við ástandsskoðun og skráningu listaverka. Áætlað er að bæta eftirlitskerfi hita og raka í sýningarsölum og á varðveislustöðum listaverka.

## JÁKVÆÐ SAMSKIPTI OG UMhverfi

Eitt af markmiðum ársins 2019 er að treysta enn stöðu safnsins gagnvart nærsamfélaginu, til dæmis með því að leggja áherslu á árs- og menningarkort sem góðan valkost fyrir gesti og skipulagðir verða sérstakir viðburðir fyrir korthafa. Liður í því að bæta aðgengi er að stórbæta allar merkingar við Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn og treysta enn sess safnhúsanna í hverfunum þar sem þau starfa.

Á starfsárinu 2019 verður fyrirsjáanlegum samdrætti í aðsókn erlendra gesta mætt með markaðssókn og markvissri markhópagreiningu. Kannaðar verða nýjar leiðir til markaðssetningar safnsins, til dæmis með sértækum auglýsingum á netmiðlum með hliðsjón af umsvifum ferðapjónustu á Íslandi.

Stefnt er að því að auka sértekjur safnsins með því að efla safnbúðirnar með stöðugri vöruþróun og með því að gera vörur safnbúðanna sýnilegri á heimasíðu safnsins. Þá verða salir til útleigu í safnhúsunum kynntir betur.

Á árinu 2019 verður lokið við gerð þjónustustefnu og innleiðingu þjónustuhandbókar. Á árinu tekur til starfa þjónustustjóri og skal hann meðal annars stuðla að því að þjónustuviðmót safnsins sé jákvætt og hvetjandi gagnvart gestum. Hann ber ábyrgð á safnverslunum, hefur umsjón með ráðningu og þjálfun starfsmanna í móttöku og safnverslunum og heldur utan um þjónustukannanir.

## VIÐBURÐADAGATAL LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2019

### JANÚAR – MAÍ

|                                       |                |
|---------------------------------------|----------------|
| Fyrirlestraröð – Umræðuþræðir         | febrúar, apríl |
| Safnanótt á Vetrarhátíð               | febrúar        |
| Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur   | febrúar        |
| Tendrun Íslandsvita                   | febrúar        |
| Röð málpinga um útilistaverk          | febrúar-apríl  |
| Smáforrit um útilistaverk kynnt       | mars           |
| HönnunarMars                          | mars           |
| Málping um Eyborgu Guðmundsdóttur     | mars           |
| Tónleikar – klassík í hádeginu        | mars-apríl     |
| Fyssa gangsett                        | apríl          |
| Barnamenningarhátíð                   | apríl          |
| Hjólafærni – leiðsögn um útilistaverk | apríl, maí     |
| Safnadagurinn                         | maí            |
| Fjölmenningarhátíð                    | maí            |

### JÚNÍ – ÁGÚST

|                                       |            |
|---------------------------------------|------------|
| Kvöldgöngur menningarstofnana         | júní-ágúst |
| Hjólafærni – leiðsögn um útilistaverk | júní       |
| Sumarnámskeið fyrir börn              | júní       |
| Perlufesti – kvenréttindadagurinn     | ágúst      |
| Reykjavík Dance Festival              | ágúst      |
| Menningarnótt                         | ágúst      |

### SEPTEMBER – DESEMBER

|  |                   |
|--|-------------------|
| Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono                        | október           |
| Fyrirlestraröð – Umræðuþræðir                      | október, nóvember |
| Tónleikar – klassík í hádeginu                     | október-nóvember  |
| Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur                 | október           |
| Málping um útilistaverk í samstarfi við Hafnarborg | nóvember          |
| Iceland Airwaves                                   | nóvember          |
| Jólaborgin   | desember          |

| Lykiltölur Listasafns Reykjavíkur         | Rauntölur<br>2016 | Rauntölur<br>2017 | Rauntölur<br>2018 | Markmið<br>2019 |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-----------------|
| Gestafjöldi                               | 240.913           | 258.140           | 222.886           | 240.000         |
| - Hafnarhús                               | 147.175           | 155.643           | 112.651           | 142.000         |
| - Kjarvalsstaðir                          | 71.728            | 79.871            | 84.904            | 75.000          |
| - Ásmundarsafn                            | 22.010            | 22.626            | 25.331            | 23.000          |
| Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)       | 238               | 365               | 194               | 230             |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum       | 13.620            | 11.370            | 10.470            | 10.000          |
| Fjöldi viðburða                           | 126               | 234               | 258               | 200             |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna      | 5                 | 5                 | 7                 | 2               |
| Fjöldi heimsókna á vefsvæði               | 138.848           | 143.344           | 131.602           | 142.000         |
| Útlán listaverka                          | 506               | 496               | 480               | 540             |
| Fjöldi útgáfuverka                        | 12                | 18                | 24                | 16              |
| Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins | 17.046            | 17.107            | 17.154            | 17.160          |
| Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins    | 183               | 182               | 182               | 182             |

## SAFNFRÆÐSLA LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2019

---

### FYRIR LEIKSKÓLA

Tekið á móti skólahópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningar er skólum að kostnaðarlausu.

Í öllum safnhúsum eru smiðjur þar sem aðstaða er til að vinna létt verkefni í tengslum við yfirstandandi sýningar í fylgd safnkennara.

---

### FYRIR GRUNNSKÓLA

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Heimsókn í söfnin tekur eina til tvær klukkustundir og er skólunum að kostnaðarlausu.

Flestar sýningar safnsins gefa tilefni til vinnu með nemendum en innan fræðsludeildar hefur verið lögð sérstök áhersla á verkefni um Ásmund Sveinsson, Erró og Kjarval og fá eftirtaldir hópar í grunnskólum Reykjavíkur ókeypis rútuferðir til og frá skóla skv. samningi.

4. bekkur – Ásmundarsafn: Ásmundur Sveinsson

6. bekkur – Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval

8.-10. bekkur – Hafnarhús: Erró

Í höggmyndagarðinum Perlufestinni í Hljómskálagarðinum, sem var opnaður árið 2014 til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar, verður boðið upp á leiðsagnir og verkefni í tilefni þess að árið 2019 er tileinkað myndlist í opinberu rými. 5. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur gefst kostur á ókeypis rútuferðum í höggmyndagarðinn á árinu 2019.

---

### FYRIR FRAMHALDSSKÓLA

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

---

### FYRIR HÁSKÓLA

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Á vegum fræðsludeildar er sérstaklega tekið á móti kennaranemum og nemum í uppeldis- og kennslufræði og þeim kynnt hvernig þeir geta nýtt safnið þegar þeir hefja störf.

---

### FYRIR KENNARA

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum til að mynda námskeiðin *Listleikni* þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar og kvöldstundir sem bera heitið *Án titils* þar sem boðið er upp á leiðsögn um valdar sýningar fyrir þá sem vilja forvitnast um hvað er að gerast í samtímalist.

---

### FLÖKKUSÝNINGAR

Grunnskólum stendur til boða að fá tvær flökkusýningar til láns í skólann í 2-3 vikur í senn ásamt vönduðum fræðsluverkefnum og kynningu á mögulegri notkun sýninga og verkefna.

Fræðsluverkefnin eru unnin af kennurum með bakgrunn í myndlist og listfræði og verkefnin tengd námsskrám. Flökkusýningarnar eru í sérhönnuðum kistum á hjólum og eru færanlegar milli rýma. Hver sýning er í tveimur kistum sem raðast saman í u.þ.b. 10 metra sýningarrými og rúma um 8-12 listaverk sem eru öll úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Sýningar ársins 2019 fjalla um sjálfbærni annars vegar og hómor hinsvegar.



## SÝNINGAR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS 2019

---

### FEBRÚAR – MAÍ

**Anna Guðjónsdóttir: Hluti fyrir heild** Á sýningunni umbreytist sýningarsalurinn í nokkurs konar sýningarskáp sem gestir ganga inn í, umvafðir málverkum sem spegla rýmið sjálft og opna jafnframt inn í aðra og ófyrirséða heima. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

---

### MARS – MAÍ

**D36 Steinunn Önnudóttir** Steinunn fæst við málverkið í víðum skilningi. Steinunn er fædd árið 1984 og er stofnandi sýningarrýmisins Harbinger. Sýningarstjóri er Aldís Snorradóttir.

---

### MARS – MAÍ

**Nordic Now** Hönnunarsýning í samstarfi við Hönnunarmiðstöð. Sýningin er undir stjórn Adorno, dansks hönnunarteymis sem fékk til liðs við sig sýningarstjóra af öllum Norðurlöndum til að velja framsækna hönnuði og sköpunarverk þeirra til sýningar. Sýningin er farandsýning.

---

### MARS – SEPTEMBER

**Skissa III** Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskrí samtímalistasögu. Tekin verða fyrir verk sem fjalla um daglegt líf, mannlega tilvist og tilfinningaheim.

---

### MAÍ – DESEMBER

**Erró – Heimsferð Maós** Danielle Kvaran, sérfræðingur Listasafns Reykjavíkur í verkum Errós tekur fyrir seríu Errós, sem byggist á ferðum Maós formanns. Erró setti hann þar í vestrænt umhverfi en reyndar fór Maó aldrei út fyrir landsteinana.

---

### MAÍ – DESEMBER

**D37 Gunnar Jónsson** Gunnar vinnur meðal annars með videó, ljósmyndir og tónlist. Hann er fæddur árið 1988 og býr á Ísafirði. Sýningarstjóri er Edda Halldórsdóttir.

---

### JÚNÍ – SEPTEMBER

**Finnbogi Pétursson** Sýning í A-sal á verkum eins af helstu listamönnum samtímans sem einkum er þekktur fyrir skúlptúra og rýmisverk þar sem hljóð og önnur tækni kemur við sögu. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

---

### JÚNÍ – ÁGÚST

**D38 Ragnheiður Káradóttir** Í verkum sínum notar Ragnheiður hversdagsleg efni og hluti, sem í meðförum hennar taka sér torkennileg hlutverk. Ragnheiður er fædd árið 1984. Sýningarstjóri er Aldís Snorradóttir.

---

### ÁGÚST – SEPTEMBER

**D39 Emma Heiðarsdóttir** Verk Emmu byggjast á inngripi í þau rými sem hún sýnir í auk sjálfstæðra þrívíðra verka og myndbandsverka. Emma er fædd árið 1990. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

---

### SEPTEMBER – DESEMBER

**Magnús Pálsson** Yfirlitssýning á verkum Magnúsar Pálssonar. Listasafn Reykjavíkur varðveitir heimildasafn listamannsins með gögnum um verk hans og feril. Sýningin kallast sérstaklega á við gjörninga-arkíf listamannsins sem safnið varðveitir. Magnús verður níræður á árinu.

---

## SÝNINGAR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR 2019

---

### FEBRÚAR – APRÍL

**Eyborg Guðmundsdóttir: Hringur, ferhyrningur og lína** Yfirlitssýning á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur (1924–1977). Eyborg vann einkum óhlutbundin málverk sem tengja má við geómetríska strangflatarlist. Sýningarstjórar eru Heba Helgadóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir.

---

### MAÍ

**Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2019** Sýnd verk eftir útskriftarnema myndlistar- og hönnunardeilda Listaháskóla Íslands.

---

### MAÍ – OKTÓBER

**Sólon Íslandus** Sölvi Helgason (1802–1895) er þekktur fyrir jurtamynstur sín og mannamyndir sem bera sterk höfundareinkenni. Sólon Íslandus var eitt af mörgum listamannsnöfnum Sölva.

---

### MAÍ – OKTÓBER

**Kjarval: Blómaandlit** Listamaðurinn og sýningarstjóri Eggert Pétursson hefur valið verk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval og arfleifð meistarans sem hefur leynt og ljóst haft áhrif á hans eigin listsköpun.

---

### JÚNÍ – OKTÓBER

**William Morris** Sýnd verða verk, munir og heimildir sem tengjast William Morris (1834–1896). Hann var breskur hönnuður og hugsuður sem hafði mikil áhrif á handverk og hugmyndaheim eigin samtíma. Morris þekkti vel til Íslands og kom hingað í ferðir sem urðu honum innblástur. Sýningin er unnin í samstarfi við Millesgården og Morris Gallery í London.

---

### OKTÓBER – DESEMBER

**Ólöf Nordal** Yfirlitssýning á verkum mikilsverðs starfandi myndlistarmanns. Ólöf á langan og athyglisverðan feril og hefur unnið í fjölbreytta miðla. Verk hennar bera með sér endurskoðun á menningarsögunni og gagnrýni á ríkjandi andvaraleysi. Sýningin er innlegg í skoðun safnsins á íslenski samtímalistasögu. Sýningarstjóri Ólöf Kristín Sigurðardóttir.

---

## SÝNINGAR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN 2019

---

### JANÚAR – DESEMBER

**Ásmundur Sveinsson: Undir sama himni – list í almenningsrými** Á sýningunni er áhersla á þau verk Ásmundar sem þekkt eru í umhverfinu og gefa innsýn í fjölbreyttan feril hans. Sýningarnar í Ásmundarsafni árið 2019 tengjast áherslu safnsins á list í almenningsrými og eru sýningarstjórar þau Sigurður Trausti Traustason og Yean Fee Quay.

---

### JANÚAR – MARS

**Sigurður Guðmundsson: Skúlptúr og nánd** Sigurður hefur unnið útilistaverk um allan heim og á sýningunni má sjá tilraunir hans með form og efni sem tengjast þessum verkum.

---

### APRÍL – JÚNÍ

**Brynhildur Þorgeirsdóttir: Frumefni náttúrunnar** Verk Brynhildar eru innblásin af landslagi og náttúru og á hún nokkur verk í almenningsrými borgarinnar.

---

### JÚNÍ – ÁGÚST

**Jóhann Eyfells: Ápreifanlegir kraftar** Listasafn Reykjavíkur á nokkur verk eftir Jóhann í safneign sinni sem sýnd verða og tengd útilistaverkum eftir hann í borginni.

---

### ÁGÚST – NÓVEMBER

**Helgi Gíslason** Helgi er kunnur af færni sinni með brons sem sjá má í fjölmörgum skúlptúrum hans. Hann á listaverk og minnisvarða víða um borg.

---

### NÓVEMBER – DESEMBER

**Ólöf Nordal** Yfirlitssýning Ólafar verður á Kjarvalsstöðum haustið 2019 og samhlíða henni verður áhersla á verk sem tengjast útilistaverkum hennar í Ásmundarsafni.

---

## EFNISYFIRLIT

|  |    |
|--|----|
| Reykjavík er okkar. Ársskýrsla menningar- og ferðamálasviðs 2018 ..... | 2  |
| Rekstrarniðurstaða .....   | 3  |
| Borgarbókasafn .....   | 4  |
| Borgarsögusafn.....  | 10 |
| Listasafn Reykjavíkur.....   | 20 |
| Höfuðborgarstofa .....   | 26 |
| Reykjavík bókmenntaborg UNESCO .....                                   | 32 |
| Tónlistarborgin Reykjavík .....  | 34 |
| Viðburðir.....   | 36 |

## ÁRSSKÝRSLA 2018

Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs árið 2018 bar yfirskriftina *Reykjavík er okkar* og vísaði þannig í þá megináherslu sviðsins að stuðla að öflugum menningar- og listalífi sem borgarþúar geta notið og ferðamenn laðast að.

Nýtt ráð tók við menningarmálum Reykjavíkurborgar í kjölfar kosninga í maí og breyttist fagráðið úr menningar- og ferðamálaráði í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og hefur því bæði málefni ÍTR og MOF á sinni könnu, en ferðamálin heyrna nú til borgarráðs.

Ferðamálahluti menningar- og ferðamálasviðs tók verulegum breytingum árið 2018, Upplýsingamiðstöð ferðamanna var lögð niður síðla árs og fyrstu skrefin voru tekin að mótun nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Höfuðborgastofa einbeitt sér nú að skilgreindum kjarnaverkefnum sem fyrst og fremst felast í því að kynna áfangastaðinn Reykjavík á sem öflugastan hátt.

Heildarútlán Borgarbókasafns voru 710.074 og er það 3% aukning frá fyrra ári en ríflega 100% aukning er í útlánum. Unnið var að nýrri heimasíðu safnsins á árinu og flugráð var sett á laggirnar til að útfæra hugmyndir um nýja framtíðarsýn fyrir starfsemi og umhverfi Grófarhúss.

Í júní opnaði Sjóminjasafnið í Reykjavík aftur eftir gagngerar endurbætur með nýrri grunnsýningu og var þetta stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu. Safnið tók einnig við húsinu að Aðalstræti 10 og verður þar sett upp sýning um sögu Reykjavíkur.

Viðfangsmesta sýningarverkefni Listasafns Reykjavíkur var sýningin *Einskismannsland* sem fram fór samtímis á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi og var hún framlag safnsins til Listahátíðar í Reykjavík og hundrað ára afmælis fullveldisins. Sýningin fékk mikla og góða kynningu og var ákaflega vel tekið af gestum safnsins.

Bókmenntaborgin fagnaði líka fullveldi Íslands og var framlag hennar *Ijóðaverkefnið Mótprói* sem hópur ungra skálda tók þátt í. Fjöldi ljóða undir þessari yfirskrift var ortur og gefinn út en var einnig varpað á vegg Ráðhúss Reykjavíkur allan októbermánuð. Starfsemi Gröndalshúss jókst og er húsið nú reglulega vettvangur bókmenntaviðburða.

Tónlistarborgin einbeitti sér öðru fremur að því að kortleggja tónleikastaði í borginni og efla samtal og samvinnu við rekstraraðila staðanna auk þess sem Tónlistarborgin átti gott samstarf við helstu tónlistarhátíðir borgarinnar.

Viðburðadeild menningar- og ferðamálasviðs var flutt frá Höfuðborgarstofu í upphafi árs og heyrir nú til miðlægrar skrifstofu sviðsins. Fyrir utan þær sex árlegu hátíðir sem deildin skipuleggur og framkvæmir var mikil aukning í ráðgjöf og aðstoð sem starfsmenn deildarinnar veita viðburðahöldurum í borginni.

## REKSTRARNIÐURSTAÐA 2018

### Tekjur

|                               |                 |
|-------------------------------|-----------------|
| Rekstrartekjur                | -502.835        |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b> | <b>-502.835</b> |

### Gjöld

|                               |                  |
|-------------------------------|------------------|
| Laun og launatengd gjöld      | 1.463.417        |
| Innri leiga húsnæðis og tækja | 513.301          |
| Styrkir og framlög            | 2.367.078        |
| Annar rekstrarkostnaður       | 1.006.596        |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>  | <b>5.350.391</b> |


**Rekstrarniðurstaða** **4.847.556**

## SKIPTING REKSTRAR

|                              |           |
|------------------------------|-----------|
| Stjórnun sviðs               | 127.097   |
| Ferðamál                     | 109.118   |
| Borgarbókasafn               | 993.418   |
| Listasafn Reykjavíkur        | 458.338   |
| Borgarsögusafn               | 524.221   |
| Styrkir, samst.samn.,framlög | 2.412.226 |
| Annað                        | 223.139   |
| <b>4.847.557</b>             |           |


## SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir og  
lánskírteini 45%  
Styrkir og framlög 24%  
Vörusala 13%  
Aðrar tekjur 13%  
Húsaleigutekjur 5%




## SKIPTING GJALDA

Styrkir og framlög 44%  
Laun og launatengd gjöld 27%  
Annar rekstrarkostnaður 19%  
Innri leiga húsnæðis og tækja 10%



## SKIPTING REKSTRAR

Styrkir, samstarfssamningar,  
framlög 50%  
Borgarbókasafn 20%  
Borgarsögusafn 11%  
Listasafn Reykjavíkur 9%  
Annað 5%  
Stjórnun sviðs 3%  
Ferðamál 2%



Nettó útgjöld sviðsins á árinu 2018 voru 4.848 mkr. sem var um 0,6 % undir fjárheimildum tímabilsins. Tekjur af aðgangseyri drógust verulega saman miðað við áætlun og fyrra ár, sem að mestu má rekja til minni aðsókn erlendra gesta og hafði veruleg áhrif á tekjur stofnana sviðsins. Til að bregðast við tekjutapi voru sparnaðarðagerðir settar í gang alls staðar á sviðinu, til að ná því markmiði að sviðið í heild yrði innan heimilda ársins, og það tókst. Markaðsátak var einnig sett af stað á síðustu mánuðum ársins til að freista þess að sporna við frekari samdrætti í aðgangseyri. Þetta átak skilaði sér ágætlega og verður settur enn meiri kraftur í markaðsátak á næsta ári.



**BORGARBÓKASAFN**

**Borgarbókasafnið** er fyrst og fremst þjónustustofnun og markmið þess er að jafna aðgengi borgarbúa að menningu og þekkingu. Það starfar eftir þjónustustefnu sem sett var árið 2016 með það fyrir augum að bæta þjónustu safnsins, auka þjónustuvitund starfsmanna, samræma þjónustuna og gera hana markvissari. Notendur eru í fyrirrúmi og einkenndist árið 2018 mjög af þeirri viðleitni að koma betur til móts við þarfir íbúanna og eiga samtál við þá um þarfir þeirra og óskir. Viðburðadagskrá safnsins var metnaðarfull og unnin í samstarfi við fjölmarga góða samstarfsaðila.

## ÚTLÁN OG HEIMSÓKNIR

Heildarútlán safnkosts voru 710.074. Bækur juku við sig um 6,1% frá fyrra ári. Hins vegar dró úr útlánnum á tónlistarefni, myndefni og tímarit stóðu í stað. Alls jukust útlán á safnkosti um rúm 3% á milli ára.

Rafbókasafnið lánaði alls út 20.063 eintök á árinu sem er 103.5% aukning frá árinu 2017 en safnið er samlag allflestra almenningsbókasafna landsins og er verkefninu stýrt frá Borgarbókasafninu. Útlán til notenda Borgarbókasafnsins voru 53% af heildarútlánnum Rafbókasafnsins.

Heimsóknir notenda í menningarhús Borgarbókasafnsins á árinu voru alls 579.324.

## ÍMYND

Undanfarin ár hefur verið unnið að nýrri ímynd safnsins sem smám saman hefur orðið sýnileg í kynningarefni, á samfélagsmiðlum og í auglýsingum. Merkingar safnsins tóku breytingum, bæði utan húss og innan og það má sjá m.a. í útstillingum á safnefni, litríkum hillum og skilmerkilegum vegvísingum innanhúss. Markmiðið er að skapa sjónræna heild og samræmi á milli safnanna. Verkefninu miðar vel áfram og er stefnt að því að ljúka því á árinu 2019.

## VEFUR

Unnið var að nýrri heimasíðu Borgarbókasafnsins í samvinnu við UTD, Landskerfi bókasafna hf. og danska hugbúnaðarfyrtækið Reload. Er hún að danski fyrirmynd þar sem tækninni er beitt til þess að miðla safnkosti Borgarbókasafnsins betur, gera notendum kleift að leita efnis beint gegnum heimasíðuna, kaupa bókasafnskort, borga sektir og eiga samtál við starfsfólk og aðra notendur. Notendur munu geta skipst á skoðunum um bækur, skrifað umsagnir eða kynnt sér meðmæli frá starfsmönnum safnanna, bæði á vef og í gegnum hlaðvarp safnsins, en hljóðverið Kompan var opnað almenningi á árinu og geta áhugasamir nú nýtt sér aðstöðuna til að gera eigin hlaðvarpsþætti.

## FLUGRÁÐ

Í apríl samþykkti borgarráð tillögu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra um að setja á laggirnar flugráð til þess að útfæra hugmyndir um nýja framtíðarsýn fyrir starfsemi og umhverfi Grófarhúss.

Vinnulag í flugráði var skapandi ferli þar sem útkoman var fyrirfram óljós. Við val á þátttakendum í ráðið var lagt upp með að hópurinn yrði sem fjölbreyttastur og hefði þverfaglega þekkingu. Í honum voru arkitektar, kennarar, framtíðarráðgjafar, heimspækingur, rithöfundur, skáld, innflytjendur, unglingar og aðgengisráðgjafar. Að auki tóku þátt starfsmenn frá menningar- og ferðamálasviði og umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Flugráðið starfaði dagana 8. og 9. maí 2018 og voru niðurstöður þess kynntar í borgarráði þann 17. maí.

## LANDSFUNDUR UPPLÝSINGAR

Borgarbókasafnið átti veg og vanda að skipulagningu og dagskrá landsfundar Upplýsingar, fagfélags í bókasafns- og upplýsingafræðum, sem haldinn var í Hörpu dagana 25. og 26. október. Yfirskriftin að þessu sinni var Fólki, tækni og rými og var áhersla lögð á þjónustu í framlínu, breyttar þarfir notenda í stafrænum heimi og umbreytingu á rými bókasafna. Lykilfyrirlesarar voru þeir Reinert Andreas Mithassel, forstöðumaður Tøyen og Biblo Tøyen í Oslo í Noregi, og Aat Vos arkitekt, sem hannað hefur fjölmörg bókasöfn víðsvegar í Evrópu. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna.

## SAMNORRÆNT MILLISTJÓRNENDANÁMSKEIÐ

Deildarstjórar menningarhúsa Borgarbókasafnsins tóku þátt í norrænni ráðstefnuröð sem borgarbókasöfnin í Reykjavík, Osló, Helsinki, Kaupmannahöfn og Malmö stóðu fyrir. Námskeiðin voru ætluð millistjórnendum bókasafna borganna og deildu starfsmennirnir þekkingu sína á milli og heimsóttu borgirnar í þeim tilgangi. Verkefnið dreifðist á árin 2017–2018 og tók Borgarbókasafnið á móti hópnum og skipulagði ráðstefnu vorið 2017.

## TILRAUNIR

Tilraunaverkstæðið hefur þróast hratt og undir þeim hatti var lagður grunnur að nýju verkstæði í Grófinni þar sem áhersla verður lögð á tónlist. Tilraunaverkstæðið í Gerðubergi blómstrar sem aldrei fyrr. Þar hafa börn og ungmenni aðgang að ýmsum spennandi tólum til að læra forritun, fíkta sig áfram og leika á skapandi hátt. Krakkarnir koma ýmist á eigin vegum eða bjóða foreldrum sínum með í fjörið. Í saumahorninu í Árbænum er skemmtileg aðstaða til að taka upp snið, sauma og gera við. Þar eru saumavélar og „overlock“ vél fyrir áhugasama sem vilja spreyta sig á saumaskap.

## FRÆÐSLA OG MIÐLUN

Fræðsludagskrá safnsins er í stöðugri þróun og dagskráin þar þess merki á árinu. Sýningarhald var með miklum blóma en þar kom m.a. við sögu kvennabaráttan, fullveldið, japanskur plastskúlptúr, tékkneskar myndasögur, skessur og mannát, myndlýsingar í barnabókum, bókamerki, flóttamenn á Íslandi og ljósmyndir jafnt frá heimaslóðum sem og framandi löndum.

Framboð á fræðslu fyrir fullorðna var á árinu aukið og sett undir einn hatt, *Kaffistundir*, og er nú í boði í öllum menningarhúsum Borgarbókasafnsins. Safnið tekur einnig þátt í fjölmörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þar má nefna farandsýninguna *Skrímslin* bjóða heim,



sem flakkað hefur frá Íslandi til Færeyja og Danmerkur, þar sem hún fer nú á milli bókasafna undir yfirskrift verkefnisins Fang fortællingen.

Önnur alþjóðleg samstarfsverkefni sem nefna má eru *NORD*, en það er nýskapandi lestrarverkefni þar sem stafræn frásögn blandar saman texta, myndum, teikningu, hljóði, tónlist og upplestri, *Orðskælv* – ritsmiðjur fyrir ungt fólk, *NaNoWriMo* sem stendur fyrir National Novel Writing Month, Mannfræði á krakkamáli – skapandi smíðja fyrir 9–12 ára börn, Mangahátíð á Menningarnótt, sem var hluti af Manga-hátíð í Reykjavík, og *Mýrin* – alþjóðleg barnabókmenntahátíð.

## BARNAMENNING

Barnamenning er safninu afar hugleikin og þar bar hátt þátttaka Borgarbókasafnsins í verkefninu *SÖGUR*. Mikill áhugi er á nýstofnuðum vélmennaklúbbi Tilraunaverkstæðisins, skapandi sumarsmiðjum og fjölbreyttri dagskrá fyrir fjölskyldur um helgar og í skólafríum. Einnig hefur safnið tekið virkan þátt í borgarhátíðum. Unnið var að endurskoðun fræðsluframboðs fyrir skólahópa og áætlað er að það verði tilbúið um mitt ár 2019.

## FJÖLMENNING

Borgarbókasafnið hefur frá árinu 2008 þróað öflugt fjölmeningarstarf sem byggir á þverfaglegu samstarfi við félög, stofnanir og einstaklinga, innanlands sem utan. Fjöldi verkefna hefur orðið til á þessum árum sem einkennast öll af fjölbreyttu og skapandi starfi. Verkefnin hafa hlotið verðskuldaða athygli enda hefur hróður fjölmeningarstarfs Borgarbókasafnsins borist víða og eftir því tekið innanlands sem utan.

## RÆTUR OG VÆNGIR

Borgarbókasafnið, í samvinnu við norrænu ráðherranefndina, norska menningarráðið, Vigdísarstofnun, mennta- og menningamálaráðuneytið og íslensku UNESCO nefndina, stóð fyrir ráðstefnunni *Rætur og vængir í Veröld* – húsi Vigdísar dagana 24.–25. maí. Tilgangur ráðstefunnar var að sýna fram á hversu miklum árangri má ná með fjölbreyttu skapandi samstarfi þvert á landamæri tungumála og menningar.

## SÖGUHRINGUR KVENNA

Listaverkið *Heimskort*, sem Söguhringur kvenna vann, var afhjúpað á Listahátíð í Reykjavík þann 10. júní í Norræna húsinu. Söguhringurinn er samstarfsverkefni Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og Borgarbókasafnsins og hefur það markmið að styrkja og stuðla að félagslegum tengslum í gegnum skapandi verkefni. Velferðarráðuneytið veitti verkefninu styrk upp á fimm milljónir króna í júlí. Með styrknum var starfsemi Söguhringsins styrkt verulega. Hluti samkomulagsins felur í sér að aðferðafræði Söguhringsins verður kynnt víðs vegar um landið.

# STIKLUR ÚR VIÐBURÐADAGATALI BORGARBÓKASAFNSINS 2018

- 
- JANÚAR** Kona á skjön – sýning um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi • Petr Kopl – Myndskreytingar úr bókum Veroniku Válková • Þetta vilja börnin sjá – farandsýning • Frosin augnablik – sýning Guðrúnar Benediktu • Arnar Heiðmar – myndasögusýning
- 
- FEBRÚAR** Vetrarhátíð • Fjölskyldudagskrá í vetrarfrii grunnskólanna • Alþjóðadagur móðurmálsins • Ljóðadamm og ljóðaslamm – smíðjur og uppskeruhátíð • Ummyndanir – sýninga Guðmundar W. Vilhjálmssonar
- 
- MARS** ExLibris – sýning á bókamerkjum á Hönnunarmars • Fjölping – ljósmyndasýning Hildar Björnsdóttur • Rætur og flækjur – sýning Guðrúnar Gunnarsdóttur • Yasuhiro Suzuki – skúlptúrar • Hringrás – sýning Ólafar Einarsdóttur • Í leikjaheimi – sýning á íslenskum tölvuleikjum • Leikum okkur með menningararfinn – námsstefna um leikjavæðingu náttúru- og menningararfs
- 
- APRÍL** Barnamenningarhátíð • Ljóðaslamm • Sögur – verðlaunahátíð barnanna • Bókaverðlaun barnanna • Annie Ling – ljósmyndir af flóttafólki á Íslandi
- 
- MAÍ** Rætur og vængir – Norræn ráðstefna um skapandi starf þvert á svið tungumála og menningar • Bókakaffi – Fjölmennung í íslenskum bókmenntum • Kynjaverur – Myndasögusýning og samkeppni • Bókverk og grafísk hönnun – Útskriftarsýning Borgarholtsskóla • Afmælissýning Æringja • Fuglalíf – sýning Ernu Guðmarsdóttur
- 
- JÚNÍ - ÁGÚST** Artótek – samsýning, börn völdu verk og unnu eigin verk út frá þeim • Hverfið mitt Grafarvogur – ljósmyndasýning • Mannfræðismiðjur fyrir krakka • Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur og uppskeruhátíð • Sumarbingó • Reykjavík Safari ganga • Litka – samsýning • Mangapema á Menningarnótt
- 
- SEPTEMBER** Bókakaffi – Ævintýri Tinna með Gísla Marteini • Bókasafnadagurinn • Lífsstílskaffi – Hjálp! Barnið mitt er grænmetisæta • Skessur sem éta karla – sýning Dagrúnar Óskar Jónsdóttur; Jazz í hádeginu – Tríó Gunnars Hilmarssonar • Danshljóðfæri og draumahús náttúruunnanda – sýning Tryggva Hansen • Heimspekikaffi – Náttúruást og gildi útiveru fyrir börn
- 
- OKTÓBER** Ingbjörg Kristjánsdóttir – textílsýning • Bókakaffi – Kapítóla, endurfundur • Verk í vinnslu • Samsuða – Gerður Kristný velur verk úr Artóteki • Surtsey – sýning Þórunnar Báru Björnsdóttur
- 
- NÓVEMBER** Dagur íslenskrar tungu • Tvennd – samsýning Ragnheiðar Ragnarsdóttur og Sigríðar Ásgeirsdóttur • Bókakaffi – *Stormfluglar* Einars Kárasonar • EndurTeikning – sýningar félagsmanna í Fyrirmynd • Jazz í hádeginu – Kvartett Leifs Gunnarssonar
- 
- DESEMBER** Jólaleiksýning • Jólaföndur • Upplstur úr nýjum bókum • Jólasögustundir • Jólapingó • Jóladaatal Evu Rúnar Þorgeirsdóttur og Ninnu Þórarinsdóttur • Bókmenntakynningar fyrir unglina • Fullvalda konur og karlar – sýning Kvenréttindafélagsins • Lífsstílskaffi – Umhverfisvæn jól
- 
- FASTIR VIÐBURÐIR YFIR VETRAR-MÁNUÐI** Kaffistundir um allt milli himins og jarðar • Jazz í hádeginu – tónleikaröð • Fjölskyldudagskrá um helgar Fjölskyldustundir • Sögustundir • Safnkynningar • Heilahristingur • Tilraunaverkstæðið • Leshringir fyrir fullorðna • Lesum blöðin saman • Café Lingua • Söguhringur kvenna • Menningarmót • Skrifstofan – samfélag skrifandi fólks • Þrjónakaffi • Kvæðamannafélagið lðunn – æfingar og félagsfundir • Æringi sækir leikskóla- og frístundaheimili heim • Fyrirlestrar og aðrir viðburðir í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

## FRÆÐSLUVERKEFNI BORGARBÓKASAFNSINS

### FRÆÐSLA FYRIR 3-8 ÁRA

Sögustundir • Koffort – farandbókasafn • Safnkynningar • Sögubillinn Æringi • Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Menningarmót • Litla bókasafnið • Námskeið um meðferð bóka

### FRÆÐSLA FYRIR 9-12 ÁRA

Bókaverðlaun barnanna • Myndasögusamkeppni og -sýning  
Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Heilahristingur – heimanámsaðstoð • Menningarmót • Lestrarhvetjandi verkefni • Heimsóknir á Tilraunaverkstæðið • Tækniklúbbur (tilboð til barna eftir skóla á daginn) • Heimsóknir bókavarða í skóla með áhugaverðar bækur • Leslistar • Bókaspjall • Safnkynningar fyrir 4. bekkina • Námskeið í meðferð bóka

### FRÆÐSLA FYRIR 13 ÁRA +

Bókakynning í desember • Myndasögusamkeppni og -sýning  
Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Kynning á myndasögu- og unglíngadeild í Grófinni • Heilahristingur – heimanámsaðstoð • Menningarmót • Ljóðadjamm – vinnusmiðjur í ljóðtextagerð og flutningi ljóða • Ljóðaslamm uppskeruhátíð • Vinnustofur í myndasagnagerð • Bókaspjall



# BORGARSÖGUSAFN



## Í ÖRUGGA HÖFN – NÝ GRUNNSÝNING SJÓMINJASAFNSINS Í REYKJAVÍK

Í júní 2018 voru fjögur ár liðin frá stofnun Borgarsögusafns Reykjavíkur. Á sama tíma fögnuðu starfsmenn og velunnarar safnsins þeim stóra áfanga er Sjóminjasafnið í Reykjavík opnaði á ný eftir gagngerar endurbætur með nýrri grunnsýningu safnsins. Opnun nýrrar grunnsýningar Sjóminjasafnsins var eitt stærsta verkefni hins nýstofnaða safns fram að þessu en vinnan við undirbúning hennar hófst þegar árið 2014.

Vinna við þessa sýningu var afar mannfrek og komu flestir starfsmenn safnsins með einum eða öðrum hætti að vinnu hennar. Munir voru hreinsaðir og forvarðir og undirbúnir fyrir sýninguna. Við niðurtækt gömlu sjóminjasýningarinnar var gengið frá gripum, þeir flokkaðir og hreinsaðir áður en þeir fóru í varðveislurými sjóminja í Skemmu II á Árbæjarsafni. Starfsmenn sáu meðal annars um uppsetningu gripa á sýningunni auk smíða á ýmsum hlutum er viðkomu umgjörð sýningarinnar. Ljósmyndir úr safneign Ljósmyndasafnsins eru ríkur þáttur í umgjörð sýningarinnar en töluverð rannsókn var gerð á þeim í tengslum við handritagerð sýningarinnar. Hönnuðir sýningarinnar eru hollenska hönnunarfyrtækið Kossman.Dejung í samstarfi við sýningarnefnd en í henni sátu starfsmenn safnsins.

Nýja grunnsýningin, *Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár*, var opnuð föstudaginn 8. júní með pomp og prakt. Helgina 9.-10. júní var gestum boðið að sækja sýninguna heim þeim að kostnaðarlausu og var aðsókn afar góð. Sýningin fjallar um sögu fiskveiða á Íslandi, frá því árabátarnir viku fyrir stórskipaútgerð á síðustu áratugum 19. aldar og allt fram yfir aldamótin 2000. Sagan er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, og sett fram á lífandi hátt með gripum og textum, myndum og leikjum. Gildi fisks fyrir afkomu Íslendinga verður seint ofmetið. Fiskur hefur verið mikilvægur hluti af íslensku mataræði um aldir, sem og ein verðmætasta útflutningsvara þjóðarinnar. Sýningin *Fiskur & fólk* er byggð kringum aðalpersónu þessarar sögu: Fiskinn sjálfan. Honum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu – og loks á diskinn.

## NÝTT FLAGGSKIP BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR – AÐALSTRÆTI 10

Á fundi borgarráðs þann 14. september 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra um kaup Reykjavíkurborgar á húsinu Aðalstræti 10. Þá samþykkti borgarráð einnig að setja upp sýningu um sögu Reykjavíkur í húsinu undir forystu Borgarsögusafns.

Auk vinnu við nýja grunnsýningu Sjóminjasafnsins unnu starfsmenn að uppsetningu tímabundinnar sýningar í Aðalstræti 10 en húsið var opnað almenningi 5. maí 2018 og var húsið opið til 30. september 2018. Það sem eftir lífði ársins 2018 var unnið að því að gera húsin aðgengileg fyrir alla og var unnið með arkitektum að því að finna lyftu stað í húsinu og huga að tengingu á milli Aðalsstrætis 10 og 16. Þá var hafist handa við að leggja drög

að nýrri sýningu í húsinu. Þann 5. maí voru opnaðar í húsinu eftirfarandi sýningar: Reykjavík 1918, Torfhúsabærinn Reykjavík og Aðalstræti 10 – Minningar 1762–1900. Húsið var einnig opið þann 18. október í tengslum við málþing um spænsku veikina og þann 1. desember vegna 100 ára fullveldisafmælis Íslands.

## ÞJÓNUSTA OG REKSTUR

Leiðarljós Borgarsögusafns er að vera upplýsandi, aðgengilegt og þjóna öllum af alúð og eitt af meginmarkmiðum safnsins er að vera gestrisið og veita faglega þjónustu. Árið 2018 var gerð gestakönnun á öllum sýningarstöðum í júlí en öflug gagnaðflun er nauðsynleg fyrir allt faglegt starf safnsins. Boðið var upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og fjölskylduvæna dagskrá jafnt sumar sem vetur. Sjóminjasafnið var lokað fram að enduopnun þann 8. júní vegna undirbúnings nýrrar grunnsýningar. Þá var í fyrsta sinn opið á Árbæjarsafni frá kl. 13 til 17 alla daga fram til 1. júní en þá tók við hefðbundin sumaropnun.

Í Viðey var þann 15. maí vígt nýtt og vandað fræðslu- og útivistarsvæði bak við hina fornu og fögru Viðeyjarstofu. Það bætti alla aðstöðu og þjónustu enn frekar.

Búið var að gera við gamalt hesthús, sem nú nýtist gestum Viðeyjar, taka salernisaðstöðuna í gegn og gera fallegt útisvæði með bekkjum og grillaðstöðu, fræðsluskiltum og leiktækjum sem hæfa þessum fallega stað. Þá var gerður matjurtagarður í anda Skúla Magnússonar landfógeta, sem var frumkvöðull og hvatamaður matjurtaræktunar á Íslandi. Verkefnið var unnið af lokaársnemum í skrudgarðyrkju við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við Borgarsögusafn. Á meðal þess sem var ræktað voru kartöflur, kál og tóbak!

Safnbúðir Borgarsögusafns Reykjavíkur gengu allar í gengum ákveðna endurnýjun á árinu. Unnið var að endurbótum og nýju útliti á rými miðasölu og safnbúðar í Sjóminjasafninu. Þá var unnið að nýrri vörulínu í samræmi við nýja grunnsýningu fyrir þá búð og hún sett í framleiðslu sem veitir búðinni ákveðna sérstöðu. Uppröðun í safnbúð Landnámssýningarinnar var breytt og aukið jafnt og þétt við vöruúrval í ljósi þess sem hefur reynst söluvænlegast í þeirri verslun. Þá bættist við tímabundin búð í Aðalstræti 10 á opnunartíma þess húss á árinu. Þá var ráðið starfsfólk í gæslu á því húsi sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun ársins. Vöruúrval í safnbúðum Ljósmyndasafnsins og Árbæjarsafns var einnig bætt miðað við sölutölur búðanna. Þá var tekinn í gagnið í nóvember myndavefur þar sem almenningi gefst kostur á að kaupa myndir í vörslu Ljósmyndasafnsins í gegnum netið. Þessi vefur krefst talsverðs utanumhalds og aðlögunar vegna bakvinnslu.

Á árinu 2018 var haldið áfram í að styrkja ímynd safnsins með hönnun og birtingu á ýmskonar kynningarefni í takt við hönnunarbók safnsins. Gerðar voru nýjar merkingar og kynningarefni var endurbætt. Sérstök kynningarherferð fór af stað fyrir opnun nýju grunnsýningarinnar á Sjóminjasafninu þar sem rík áhersla var lögð á að ná til Íslendinga. Þá var allt kynningarefni safnsins uppfært í takt við breytingarnar. Aukin áhersla var

lögð á árinu á kynningu viðburða í gegnum samfélagsmiðla og þá var lagt í sérstaka vefherferð fyrir Sjóminjasafnið og Landnámssýninguna til þess að ná enn betur til erlendra ferðamanna. Þá er enn unnið að myndun sérstaks hóps starfsmanna til þess að vinna enn frekar með samfélagsmiðla safnsins.

Áætlað var að vinna að stefnumótun safnsins fyrir næstu fimm ár á haustmánuðum 2018 en sú vinna færðist fram í desember og er nú á áætlun að ljúka henni á vormánuðum 2019. Vinna við gerð verkferla fyrir starfsfólk í afgreiðslu færist einnig yfir á árið 2019.

## MINJAVARSLA OG RANNSÓKNIR

Ein megináherslan í starfi Borgarsögusafnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum. Á árinu 2018 var unnið að því að auka öryggi safngripa með áframhaldandi vinnu við hilluskra sem og að undirbúa innleiðingu strikamerkjakerfis í samvinnu við rekstrarfélagið Sarp. Þá var áhersla lögð á varðveislu gripa í varðveisluhúsum safnsins sem og unnið að áætlun um uppbyggingu og endurnýjun varðveisluhúsa á safnsvæði Árbæjarsafns. Frá og með júní var unnið að því að setja upp nýtt brunakerfi (sprinkler) í Skemmu 1 á Árbæjarsafni og samhliða sett upp nýtt hillukerfi. Í þeim tilfæringum þurfti að flytja alla gripa úr Skemmu 1 tímabundið í fjargeymslu á Köllunarklettsvegi og svo aftur til baka. Það liggur gríðarleg vinna að baki þessu verkefni og ófá handtökin sem fylgja því. Niðurstaðan er öruggari varðveisluhús til framtíðar.

Hvað varðar safnkost þá var unnið að skólahandavinnu, hún ljósmynduð og skráð í Sarp, auk almenns frágangs og þökkunar. Þórdís Baldursdóttir forvörður rannsaði söðuláklæði sérstaklega auk þess að forverja þau en til verkefnisins hlaut styrkur úr safnaráði. Þá var rannsókn á húsgögnum og smærri gripum í tengslum við sýningu í Hansenhúsi skotið á frest þar sem ekki fékkst styrkur fyrir verkefninu. Einnig var áframhaldandi flokkun á textilsafni færð yfir á árið 2019 sökum flutnings á gripum í Skemmu 1. Þá var hinn aldri höfðingi Óðinn tekinn í slipp í október en skipið er einn stærsti og merkilegasti safngripur Íslands. Hann var botnhreinsaður, málaður og öxuldráttur kannaður.

Skráning, skönnun og rannsóknir á ljósmyndum er viðvarandi verkefni. Árið 2018 var lögð sérstök áhersla á að skrá filmusafn Sigurhans Vignis með það að markmiði að sýna ljósmyndir Sigurhans árið 2019 á sýningu í Ljósmyndasafninu.

Fornleifarannsókn á bæjarhól Árbæjar var haldið áfram í maí og júní í samstarfi við Háskóla Íslands en styrkur fékkst til verkefnisins úr fornminjasjóði. Þá var uppgraftarsvæðið stækkað og komu fleiri minjar í ljós. Verkefni sem lítur að skilum á gripum og gögnum úr Viðeyjarrannsókn til Þjóðminjasafnsins var flutt yfir á síðari hluta ársins 2019. Þá var flutningur gagna í borgarvefsjá frestað en gögnum til Minjastofnunnar er komið jafnóðum til stofnunarinnar og þau eru unnin. Þá hafa verið unnar uppmælingar á minjastöðum með GPS tæki eftir því sem skráningu vindur fram og breytingar eru unnar á deiliskipulagi.

Vinna vegna hverfisskipulags var sett í bið og unnið að húsa- og fornleifaskráningu á minni svæðum vegna vinnu við gerð deiliskipulags í byggðum hverfum. Á árinu 2018 voru gefnar út átta skýrslur sem fjölluðu flestar um fornleifaskráningu í Reykjavík. Þá voru unnin minni skráningarverkefni eins og Furugerði 23, Hólaland á Kjalarnesi og Bústaðavegur 151 – 152 (*Sprengisandur*). Einnig var unnið að húsa- og fornleifaskráningu á Ártúnshöfða, Dunhaga – Tómasarhaga – Hjarðarhaga, Suðurbugt – Geirsgötu, Héðinsreit – Seljavegi 2, Veðurstofureit, Nýja Skerjafirði og Sundahöfn – Vatnagörðum – Kleppsvík. Að venju eru líka skrifaðar umsagnir um hús og skipulagsmál, unnar að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs. Þá berst starfsmönnum húsa- og fornleifadeildar fjöldi fyrirspurna árlega, jafnt frá leikum sem lærðum um sögu Reykjavíkur, hús hennar og fornleifar.

Borgarsögusafn tók þátt í starfshópi um menningarmerkingar í Reykjavík eins og áður, auk þess að sjá um textagerð fyrir sögumerkingarnar. Önnur árviss verkefni innan Reykjavíkurborgar voru þátttaka í starfshópum um Húsverndarsjóð og Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar. Borgarsögusafn tók einnig þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15. Borgarsögusafn var einnig samstarfsaðili Sambands íslenskra sjóminjasafna sem vinnur að samræmdu mati á varðveislugildi fornþáta og – skipa á Íslandi auk skráningar, og átti fulltrúa í stjórn sambandsins árið 2018.

## SAFNFRÆÐSLA, VIÐBURÐIR OG SÝNINGAR

Hornsteinninn í starfi safna er fræðsluhlutverk þeirra. Gefinn var út bæklingur með fræðslutilboðum safnsins. Hann var sendur út á öll skólastig að hausti og fylgt eftir með rafrænum fréttabréfum. Safnið bauð upp á 36 fræðslutilboð fyrir yngri nemendur og frístund ásamt 18 heimsóknar möguleikum fyrir eldri nemendur á árinu.

Útbúið var nýtt fræðsluefni fyrir hópa allt frá leikskóla til háskóla í tengslum við nýju sýninguna á Sjóminjasafninu. Einnig var útbúin fjölskylduleiðangur um sýninginuna fyrir fjölskyldur á íslensku og ensku. Ný fræðsludagskrá um Þórrann sló í gegn á Árbæjarsafni og komust færri að en vildu. Þá var einnig lögð áhersla á hugsmíðahyggju eða verklega fræðslu eins og *Verk að vinna* í Árbæjarsafni. Á Ljósmyndasafninu var útbúið sérstakt módel fyrir móttöku hópa sem auðveldlega er hægt að aðlaga að nýjum sýningum safnsins. Fræðsluspjöld fyrir hópa sem heimsækja Viðey voru útbúin og framleidd en þau munu aðstoða hópa að fræðast um hina ævintýrlegu eyju Viðey á eigin vegum.

Ljósmyndahátíð Íslands var haldin dagana 18–21. janúar 2018. Dagskrá Ljósmyndahátíðar Íslands 2018 samanstóð af fjölbreyttri dagskrá en ljósmyndarýnin, sem grunnstoð hátíðarinnar, var skipulögð af safninu. Hún gefur upprennandi listamönnum og ljósmyndurum tækifæri til að kynna verk sín fyrir erlendu fagfólki í greininni og heyra álit þeirra á verkum sínum. Hátíðin verður haldin næst árið 2020.



Borgarsögusafn Reykjavíkur tók þátt í fjölda sameiginlegra verkefna/viðburða á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Viðburðir um helgar voru sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Þá voru haldnir fyrirlestrar í tengslum við sýningar Ljósmyndasafnins. Einnig var þess minnst þann 5. febrúar að 50 ár voru liðin frá því að mikið illviðri gekk yfir landið en þá náði áhöfn Óðins að bjarga skipverjum breska togarans Notts County, sem strandað hafði á Snæfjallaströnd. Minningarathöfnin fór fram í Þyrluskýli Óðins og var fjölmenni. Í ár var í fyrsta sinn haldið upp á Hrekkjavöku þann 31. október á Árbæjarsafni og var safnið sveipað dulúðlegum blæ og í rökkrinu mátti sjá bregða fyrir svipum fortíðar. Dagskráin heppnaðist mjög vel og fékk afar jákvæð viðbrögð á meðal gesta sem sótti safnið heim.

Borgarsögusafn kom að viðburðahaldi í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Safnið hlaut styrki úr afmælistjóði Fullveldisafmælisins fyrir eftirfarandi verkefni: Reykjavík 1918 – Ljósmyndasýning (Aðalstræti 10), Á sunnudögum er töluð danska (Árbæjarsafn) og Fullveldiskaffi 1. desember með Ara Eldjárn (Árbæjarsafn). Einnig stóð safnið að dagskrá ásamt Ráðhúsi Reykjavíkur til að minnast spænsku veikinnar sem geisaði í Reykjavík árið 1918. Haldið var málþing í lðnó þann 18. nóvember sem bar yfirskriftina „Góðir menn og góðar konur, komið sem allra, allra fyrst“. Framsögufólk á málþinginu kom úr röðum sagnfræði og læknávisinda. Að loknu málþinginu var farið söguganga frá lðnó að Hólavallagarði þar sem umsjónarmaður garðsins sagði frá áhrifum veikinnar á garðinn. Gangan endaði á minningarstund þar sem kveikt var á 100 kertum á leiðum þeirra er létust í spænsku veikinni og var það áhrifamikil stund.

Í Ljósmyndasafninu voru þrjár stórar sýningar. Árið hófst með sýningunni This Island Earth en á henni var að finna ný verk eftir fimm samtímaljósmyndara sem búsettir eru hér á landi. Sumarsýning safnsins var sýning á verkum þýska landslagsljósmyndarans Olaf Otto Becker sem nefndist Ís og land – *Ljósmyndir frá Íslandi og Grænlandi 1999–2017*. Haustsýning var opnuð 22. september og kallaðist *Fjölskyldumyndir*. Á henni var að finna ljósmyndir hjónanna Guðbjarts Ásgeirssonar og Herðisar Guðmundsdóttur ásamt verkum nokkurra afkomenda þeirra sem eru á meðal fremstu ljósmyndara þjóðarinnar: Magnús og Elías Hjörleifssynir, Ólafur Elíasson, Ari Magg og Silja Magg. Samhliða þessum sýningum voru sýningar í Kubbi og í Skotinu.

Auk nýju grunnsýningarinnar á Sjóminjasafninu var opnuð ný sýning í Vélasal í júní. Það er sýningin *Mjaltarstúlkun/ Melckmeyt 1659 – fornleifarannsókn neðansjávar* sem fjallar um hollenskt kaupskip sem sökk við Flatey árið 1659. Á sýningunni fá gestir innsýn í rannsóknaraðferðir fornleifafræðinnar og fjallað er um valda þætti úr sögu Mjaltarstúlkunnar, áhafnar og verslunar á 17. öld. Sýningin var unninn í samstarfi við Kevin Martin fornleifafræðing sem rannsakað hefur skipið undanfarin misseri. Sýningin mun standa út árið 2019. Í Árbæjarsafni setti svo Heimilisíðnaðarfélagið upp örsýningu á þjóðbúningum í tilefni af verkefni þeirra er nefndist *Búningana í brúk!* og stóð hún frá 9. –17. júní. Þá voru haldnar örsýningar í safnhúsinu Líkn í samstarfi

við Menntaskólann við Hamrahlíð, Listaháskóla Íslands, frístundamiðstöðina Miðberg, Fossvogsskóla og Tækniskólann.

Þar sem ekki fékkst styrkur til gerðar sýningar í elsta safnhúsi Árbæjarsafns, Hansenhúsi, var verkefnið fært yfir á árið 2019. Það sama á við um gerð sýningar í skólahúsinu í Viðey um sögu, náttúru og menningu eyjunnar.

## SÝNINGAR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2018

---

### ÁRBÆJARSAFN

JÚNÍ – ÁGÚST

Hansenhús Reykjavík 1850 – FRESTAÐ

MAÍ – ÁGÚST

Fornleifar við Árbæ – miðlun upplýsinga til gesta safnsins

SEPTEMBER –

DESEMBER

Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu

---

### LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningarsalur og Kubbur

20.01.–06.05.

This Island Earth

12.05.–09.09.

Olaf Otto Becker

15.09. – JAN. '19

Fjölskyldumyndir

Skotið

07.12.17–31.01.18

Thomas Kellner

01.02.–02.04.

Katharina Rossboth

05.04.–29.05.

Hanna Siv

31.05.–16.08.

Hafsteinn Viðar

18.08.–19.11.

Emilie Dalum

22.11. – 04.02.2019

Hui Husien

---

### SJÓMINJASAFNIÐ Í REYKJAVÍK

FEBRÚAR – DESEMBER

Vélasalur – Melckmeyt 1659

JÚNÍ – DESEMBER

Fiskur&fólk – sjósókn í 150 ár

---

## VIÐBURÐIR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2018

---

### JANÚAR – MAÍ

Dagskrá á Safnanótt 2. febrúar á Árbæjarsafni, Landnámssýningu og Ljósmyndasafni  
Dagskrá í febrúar – Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur  
Minningarathöfn í Óðni 5. febrúar  
Páskaeggjaleit í Viðey  
Dagskrá í apríl á Barnamenningarhátíð

---

### JÚNÍ – ÁGÚST

Opnun nýrrar grunnsýningar Sjóminjasafns Reykjavíkur  
Hátíð hafsins á Sjóminjasafninu í júní  
Sumardagskrá Árbæjarsafns júní, júlí, ágúst  
Sumardagskrá Viðeyjar júní, júlí, ágúst  
Kvöldgöngur menningarstofnana júní, júlí, ágúst  
Jónsmessuganga í Elliðarádal  
Sumarsólstöðuganga í Viðey  
Örnámskeið á Árbæjarsafni  
30 ára afmæli í Viðey á Menningarnótt  
Dagskrá á Menningarnótt á Sjóminjasafni, Landnámssýningu, Ljósmyndasafni og í Viðey

---

### SEPTEMBER -DESEMBER

Tendrun Friðarsúlu í Viðey  
Dagskrá í október – Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur  
Hrekkjavaka á Árbæjarsafni 31. október  
Á sunnudögum er töluð danska á Árbæjarsafni  
Málþing í Iðnó – „Góðir menn og góðar konur, komið sem allra, allra fyrst“.  
Áhrif spænsku veikinnar í Reykjavík. 18. nóvember  
100 ára fullveldiskaffi 1. desember á Árbæjarsafni  
Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu  
Jóladagskrá í Viðey

---

### ALLT ÁRIÐ:

Listamanna/höfundaspjall á Ljósmyndasafni

## SAFNFRÆÐSLA BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2018

### LEIKSKÓLAR

1 rútutilboð  
9 fræðslutilboð

**Árbæjarsafn:** Komdu að leika! – 4–6 ára / Senn koma jólin (frá 27. nóv. til 22. des.) – elsti árgangur rútutilboð / Að þreyja þorrann (frá 19. jan. til 19. feb.) – elsti árgangur. **Landnámssýningin:** Komdu og skoðaðu landnámsdýrin! – elsti árgangur. **Ljósmyndasafn:** Hvað er sýning? – elsti árgangur. **Sjóminjasafnið:** Skipið sem sökk! – elsti árgangur (frá febrúar) Alvöru varðskip! – elsti árgangur / Ný grunnsýning – elsti árgangur (frá júní). **Viðey:** tillögur að heimsóknum – elsti árgangur.

### GRUNNSKÓLAR

3 rútutilboð  
1 vinnubók  
18 fræðslutilboð

**Árbæjarsafn:** Verk að vinna – 3.–4. bekkur / Neyzluhættir – rútutilboð – 7.–10. bekkur / Konur og hjáverkin – rútutilboð – 8.–10. bekkur / Aðfangadagskvöld 1959 – 5.–7. bekkur (frá 27. nóv. til 22. des.) – rútutilboð / Að þreyja þorrann (frá 19. jan. til 19. feb.) – 1.–2. bekkur. **Landnámssýningin:** Lífið á landnámsöld – 1.–3. bekkur / Siglum til Íslands – 4.–6. bekkur / Hvaðan komu Íslendingar? – 8.–10. bekkur / Sagan grafinn upp – 5.–7. bekkur– vinnubók. **Ljósmyndasafn:** Fortíð og ljósmyndir í fókus – 8.–10. bekkur / Ljósmyndir af íslenskri náttúru – allur aldur / Olaf Otto Becker – 8.–10. bekkur / Haustsýning – allur aldur. **Sjóminjasafnið:** Ný grunnsýning – 2.–3. bekkur og 7.–10. bekkur / Átök um þorskinn: hlutverkaleikur– 4.–6. bekkur – rútutilboð. **Viðey:** tillögur að heimsókn.

### Frístundastarf:

9 fræðslutilboð

**Árbæjarsafn:** Útileikir : Litir og form – 5–9 ára / Föturnar hans Friðriks 1.–7. bekkur / Lífið án farsíma 5.–7. bekkur. **Landnámssýningin:** Leikir í Kvosinni – 6–9 ára. **Ljósmyndasafn:** Orð og mynd – allur aldur. **Sjóminjasafnið:** Vermannaleikir / Bátar, skútur og skip / Varðskipið Óðinn. **Viðey:** Eflandi hópleikir, rannsóknaleiðangrar– allur aldur (á eigin vegum).

### FRAMHALDS- OG HÁSKÓLAR

18 heimsókna-  
möguleikar

**Árbæjarsafn:** Konur og hjáverkin – verkefni tengt hugmyndum um kynjahlutverk / LíKN – fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar / Leiðsögn um valin hús / Heimsókn á eigin vegum. **Landnámssýningin:** Leiðsögn um sýningu safnsins / Heimsókn á eigin vegum. **Ljósmyndasafn:** Geta minningar verið falskar? – verkefni tengt sýningu Jack Latham: Mál 214 (jan. 2018) / Hvað er birtingarmynd? – verkefni tengt sýningunni / Ljósmyndir af íslenskri náttúru (jan.– maí 2018) / Leiðsögn um sýningar safnsins / Kynning á starfsemi safnsins / Heimsókn á eigin vegum. **Sjóminjasafnið:** Ný grunnsýning– allur aldur (frá júní) Óðinn – allur aldur / Heimsókn á eigin vegum á nýja grunnsýningu eða Óðinn. **Viðey:** tillögur að heimsóknum: Vettvangsferð á eigin vegum með eða án leiðsagnar frá starfsmanni Viðeyjar eða fræðsluteymi safnsins.

### ALLT ÁRIÐ

Fastar leiðsagnir alla daga í **Árbæjarsafni** kl. 13 og 15, á **Landnámssýningu** kl. 11 (á sumrin), í **Sjóminjasafni** kl. 13, 14 og 15 (lokað í janúar 2018). Húsværndarstofa – ráðgjöf um endurbætur á eldri húsum á miðvikudögum kl. 15–17 í **Árbæjarsafni** í febrúar–nóvember.



# LISTASAFN REYKJAVÍKUR



Starfsárið 2018 var fyrsta heila starfsárið þar sem unnið var eftir nýrri stefnu og framtíðarsýn Listasafns Reykjavíkur til fimm ára. Stefnan var unnin í breiðu samráði við hagsmunaaðila og var samþykkt í menningar- og ferðamálaráði í febrúar 2017. Unnið er samkvæmt stefnuáherslu og framtíðarsýn með aðgerðaráætlun stefnunnar að leiðarljósi. Innleiðing nýs skipurits gekk vel og starfshópurinn hefur þróast í samræmi við markmið stefnunnar. Lögð var áhersla á starfsþróun og þekkingarsköpun starfsmanna sem sóttu sér námskeið og ráðstefnur bæði innan- og utanlands, bæði til að afla sér þekkingar og miðla af þekkingu sinni.

Veigamikil umskipti urðu í starfssemi safnsins á árinu en þá voru teknar í notkun verklagsreglur safnsins vegna greiðslna til listamanna fyrir það að sýna í safninu. Árin á undan var hagrætt innan safnsins til að koma til móts við óskir listamanna um sanngjarna þóknun fyrir vinnuframlag við eigin sýningar. Verklagsreglunum var fylgt eftir með sérstakri fjárveitingu og var því hægt að koma vel til móts við þessa sjálfsögðu kröfu.

## **AÐSÓKN, KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL**

Vel gengur að festa nýtt útlit og einkenni safnsins í sessi svo eftir hefur verið tekið jafnt innanlands sem utan. Framhlið Hafnarhússins var máluð á áberandi hátt og hefur ferskt útlit hússins vakið jákvæða athygli.

Áfram var unnið að endurbótum á öllum merkingum innandyra í safnhúsunum. Unnið er að því að auka sýnileika safnhúsa Ásmundarsafns og Kjarvalsstaða en á árinu jókst aðsóknin þar; að Ásmundarsafni um 15% og að Kjarvalsstöðum um 23% þó heildarfjöldi gesta Listasafns Reykjavíkur drægist saman um 10%. Fækkun má einkum rekja til erlendra gesta í Hafnarhúsi.

Í því skyni að bæta aðgengi að upplýsingum um starfsemina hóf safnið að gefa út blað með greinum um starfsemi safnsins, sýningar og viðburði auk viðtala við listamenn. Lögð var áhersla á að tengja safnið við nýja markhópa og styrkja virðisloforð gagnvart hverjum hópi fyrir sig. Unnið hefur verið með samfélagsmiðla og aðrar leiðir til þess að ná til nýrra hópa, sérstaklega ungs fólks. Til að ná þessu markmiði er markviss kynning viðburðadagskrár safnsins og samstarf kynningar- og viðburðateymis mikilvægt.

Gestum safnsins hefur fjölgað jafnt og þétt en þó varð fækkun á milli árána 2017-18, enda var árið 2017 metár í aðsókn þegar tæplega 260 þúsund gestir sóttu safnið heim. Til þess að koma til móts við mismunandi hópa voru nýjar tegundir af árskortum settar í sölu, ódýrara árskort fyrir ungt fólk og árskort þar sem korthafi getur boðið með sér gesti og hafa nýju kortin mælst vel fyrir. Sala árskorta dróst þó saman á milli ára. Árið 2017 fjölgaði árskortshöfum um 53% og tókst ekki að halda í við þá fjölgun. Listasafn Reykjavíkur er leiðandi í sölu Menningarkorts Reykjavíkur á sviðinu og seldi 690 kort, eða 66% af heildarsölu ársins 2018.

Tekjuáætlun Listasafn Reykjavíkur fyrir árið 2018 byggði á jöfnum tekjuauka síðustu ára. Um mitt ár var ljóst að markmið ársins næðust ekki þar sem

tekjur af aðgangseyri voru umtalsvert lægri en reiknað var með. Tekjur af safnverzlunum og útleigum voru þó umfram áætlun og öflun styrkja gekk betur en áætlað var. Þrátt fyrir það þurfti að endurskoða sýningadagskrá og gæta verulegs aðhalds í rekstri á síðari hluta ársins.

Samkvæmt fjölmiðlaskýrslu Creditinfo trónir Listasafn Reykjavíkur á toppnum hvað varðar umfjöllun í fjölmiðlum þegar miðað er við önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein, eins og það er orðað, með 536 fréttir þar sem safnið kemur fyrir. Þess ber þó að geta að umfjöllun í menningarþáttum í sjónvarpi og útvarpi kemur ekki fram í þessari talningu.

Unnið er markvisst að því að bæta nýtingu á samfélagsmiðlum og ráðist í ýmis verkefni á þeim vettvangi. Í desember fór fram á Instagram-reikningi safnsins leikur sem fólst í niðurtalningu til jóla þar sem birtar voru myndir af völdum verkum úr safneigninni og öðrum viðfangsefnum úr starfinu og hlaut leikurinn athygli og fjölgaði fylgjendum talsvert. Önnur nýjung er að kvikmynduð eru viðtöl við listamenn og þau birt á Facebook-síðu safnsins sem liður í miðlun upplýsinga um sýningar. Vefsíða safnsins er í stöðugri endurnýjun með góðri hjálp forritara UTD. Gerðar voru tvær gestakannanir á árinu í stað einnar eins og verið hefur og er ánægjulegt að sjá að viðbrögð gesta er í miklum meirihluta jákvæð.

## SÝNINGAR OG MIÐLUN

Sýningar Listasafns Reykjavíkur á árinu 2018 voru alls 18. Áætlaðar voru 20 sýningar en um mitt ár var sýningadagskráin endurskoðuð vegna fyrirsjáanlegrar lækkunar á tekjum.

Viðfangsmesta sýningaverkefnið var Einskismannsland sem fram fór samtímis á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi. Sýningin endurspeglar birtingarmynd óbyggðra víðerna í íslenski listasögu allt frá aldamótunum 1900 til samtímans. Hún var framlag safnsins til Listahátíðar í Reykjavík og hundrað ára afmælis fullveldisins ásamt sýningunni Tak í lige mæði þar sem verk danskra samtímalistamanna voru til sýnis.

Sýningarnar hlutu báðar veglegan styrk úr Fullveldissjóði. Af öðrum sýningum má nefna Róf, yfirlitssýningu á verkum Haraldar Jónssonar á Kjarvalsstöðum, Jarðhæð, sýningu á nýjum verkum Ingólfs Arnarssonar í Hafnarhúsi, og sýningaröðina Innrás í Ásmundarsafni þar sem samtímalistamenn sýndu höggmyndir innan um verk Ásmundar. Fjórir myndlistarmenn voru kynntir til leiks í D-sal Hafnarhúss.

Síðari hluta árs tóku tveir nýir starfsmenn til starfa við miðlun og voru þá stöðugildi komin úr 1,5 í 2. Tekið var á móti yfir 250 hópum skólanema og eins voru yfir 250 viðburðir á dagskrá safnsins; leiðsagnir, málþing, fyrirlestrar, listsmiðjur og námskeið. Ýmis sérverkefni voru þróuð til að koma til móts við nýja markhópa, má þar nefna fólk af erlendum uppruna og fólk með minnisglöp. Stefna var mótuð um að Listasafn Reykjavíkur bjóði upp á sérstaka fræðslu og miðlun tengdri samtímalist og var ýmsum verkefnum hrundið af stað þar að lútandi.



## SÖFNUN OG VARÐVEISLA

Þegar litið er til varðveislu safneignarinnar glímir Listasafn Reykjavíkur við plássleysi. Á árinu var gert átak í því að nýta betur núverandi aðstöðu auk þess unnin var áætlun um þörf safnsins fyrir viðbótar geymslurými.

Viðhaldi útilistaverka var sinnt af krafti og er nú árangur sérstakrar fjárveitingar til lagfæringa verkanna orðinn sýnilegur. Hæst bera viðgerðir á Sonatorreki eftir Ásmund Sveinsson, uppsetning Hafmeyjunnar á ný í Tjörninni í Reykjavík og vinna við Friðarsúlu Yoko Ono, ásamt grunnviðhaldi á fjölda verka. Miklar hreyfingar voru í útleigum verka til borgarstofnana, annarra menningarstofnana og safna. Þar á meðal var ein perla safneignarinnar, Skjaldmey eftir Kjarval, flutt á sýningu í Washington og önnur söguleg verk send á sýningu í Belgíu. Unnið var að bættri miðlun safneignar með samræmdu útliti safneignarsíðu og vefsíðu og villulagfæringum. Heimildasafn safnsins var mikið nýtt, bæði af utanaðkomandi fræðimönnum og áhugamönnum sem senda inn fyrirspurnir.



## LISTASAFN REYKJAVÍKUR Í TÖLUM

### SÝNINGAR

Heildarfjöldi sýninga sem voru opnaðar: 18

Þar af sýningar byggðar á safneign: 5

### VIÐBURÐIR

Heildarfjöldi viðburða á dagskrá: 258

Þar af sérstaklega fyrir börn og fjölskyldur: 35

Þar af sérstaklega fyrir aðra en íslenskumælandi: 43

Þar af samstarfsverkefni og gestaviðburðir: 38

### HÓPAR

Heildarfjöldi skólahópa: 252

Heildarfjöldi hópa annarra en skólahópa: 30

Fjöldi útlána á Flökkusýningum: 15

### VIÐBURÐIR Á DAGSKRÁ LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2018:

|                  |  |
|------------------|--|
| <b>Janúar</b>    | Opnanir 2, Sýningaleiðsagnir 4, Fyrirlestur 1, Listin talar tungum 1, Aðrir viðburðir 2  |
| <b>Febrúar</b>   | Opnanir 2, Sýningaleiðsagnir 12, Fyrirlestur 1, Málþing 1, Listin talar tungum 2, Fjölskyldusmiðja 2, Listleikni námskeið 4, Aðrir viðburðir 8 |
| <b>Mars</b>      | Opnanir 1, Sýningaleiðsagnir 4, Málþing 1, Listin talar tungum 2, Án titils 1, Aðrir viðburðir 8   |
| <b>Apríl</b>     | Opnanir 1, Sýningaleiðsagnir 5, Málþing 1, Listin talar tungum 2, Án titils 1, Fjölskyldusmiðja 1, Listleikni námskeið 4, Aðrir viðburðir 13   |
| <b>Mái</b>       | Opnanir 2, Sýningaleiðsagnir 2, Fyrirlestur 1, Listin talar tungum 1, Án titils 1, Aðrir viðburðir 5   |
| <b>Júní</b>      | Opnanir 2, Sýningaleiðsagnir 41, Málþing 2, Listin talar tungum 1, Aðrir viðburðir 1   |
| <b>Júlí</b>      | Sýningaleiðsagnir 20, Listin talar tungum 1, Kvöldganga 1  |
| <b>Ágúst</b>     | Sýningaleiðsagnir 15, Málþing 1, Kvöldganga 2, Aðrir viðburðir 1   |
| <b>September</b> | Sýningaleiðsagnir 13, Fyrirlestur 1, Málþing 1, Án titils 1, Aðrir viðburðir 13  |
| <b>Október</b>   | Opnanir 2, Sýningaleiðsagnir 3, Án titils 1, Námskeið 1, Fjölskyldusmiðja 3, Aðrir viðburðir 7   |
| <b>Nóvember</b>  | Opnanir 3, Sýningaleiðsagnir 4, Fjölskyldusmiðja 1, Aðrir viðburðir 11,  |
| <b>Desember</b>  | Sýningaleiðsagnir 2, Án titils 1, Fjölskyldusmiðja 1, Aðrir viðburðir 8  |

## LISTAVERKAEIGN 2018

**Safneign skráð verk: 17.495**

**Hreyfingar verka: 1.402**

### SKIPTIST ÞANNIG:

**Jóhannes Kjarval: 5.405**

Málverk: 195

Teikningar: 5.167

Annað: (t.d grafík,skúlptúr): 43

**Erró: 4.747**

Málverk: 385

Teikningar: 2.509

Grafík: 920, Skúlptúr: 74

Samklipp: 637

Annað: 222

**Ásmundur Sveinsson: 2.438**

Skúlptúr: 427,

Teikningar: 1975

Annað: 36

**Alfreð Flóki: 1076**

Teikningar: 1050

Annað: 26

**Útilistaverk á skrá: 182**

Í eigu Reykjavíkurborgar: 148

Viðhaldsverkefni 2018: 23

Annað (Verk í annara eigu o.s.frv.): 64

**Almenn safneign: 3.583**

Eftir konur: 918

Eftir karla: 2.491

Annað (Hópar listamanna,

ekki vitað o.s.frv.): 174

**Verk í útleigu: 474**

Borgarstofnanir: 263

Þar af -

Skólar (7 skólar): 27,

Ráðhúsið: 37, Höfði: 57

Harpa: 73,

Aðrar stofnanir: 211

**Útlán verka: 12**

Þar af erlendis: 5

**Heimsóknir á vefsvæði Listasafns**

**Reykjavíkur 2018: 131.602**

**Fylgjendur og áskrifendur á**

**samfélagsmiðlum: 25.430**



# HÖFUÐBORGARSTOFA



Fyrstu skrefin voru tekin að mótun nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg á árinu og er kunnara en frá þurfi að segja að frá því núgildandi stefna tók gildi hefur straumur ferðamanna til landsins aukist gríðarlega og áskoranir málaflokksins tekið miklum stakkaskiptum. Með hliðsjón af þessu gjörbreytta umhverfi var ákveðið að skerpa á hlutverki Höfuðborgarstofu á vettvangi ferðamála og endurmeta verkefni og störf. Ekki sér fyrir endann á þeirri vegferð fyrir en ný ferðamálastefna hefur litið dagsins ljós. Ráðgert er að það verði um mitt ár 2019.

Starfsemi Höfuðborgarstofu á árinu litaðist af þessu breytingarferli. Ekki var ráðið í stöður sem losnuðu í ljósi þess að verið væri að endurmeta með hvaða hætti borgin ætlaði að sinna málaflöknum til lengri tíma litið og þar með var ekki útséð með það hvers konar þekking og reynsla þyrfti að vera til staðar.

Á haustmánuðum var Karen María Jónsdóttir, ráðin tímabundið sem forstöðumaður Höfuðborgarstofu og er hennar meginverkefni að hafa yfirumsjón með kjarnaverkefnum Höfuðborgarstofu og stýra starfsmannahópnum. Karen María var áður deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík.

Upplýsingamiðstöðin sem hafði verið til húsa í Ráðhúsi Reykjavíkur frá ársbyrjun 2017 var lögð niður síðla árs en með því var verið að bregðast við gjörbreyttu umhverfi frá því Reykjavíkurborg ákvað að setja á laggirnar slíka upplýsingamiðstöð árið 1987.

Ýmsir aðilar í ferðaþjónustu sinna nú almennri upplýsingagjöf og bókunarþjónustu, ólíkt því sem áður var auk þess sem miðlun upplýsinga og þjónusta er í auknum mæli að færast á netið. Um leið var markmiðið að draga úr fyrirsjáanlegum auknum kostnaði við rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar sem áframhaldandi starfsemi og meiri þjónusta hefði kallað á. Undir lok sumars lauk jafnframt samstarfi Höfuðborgarstofu og Guide to Iceland um sölu- og bókunarstarfsemi í Ráðhúsinu. Var sú ákvörðun tekin í góðri sátt beggja aðila.

Höfuðborgarstofa hélt þó á árinu 2018, eins og fyrr var tæpt á, áfram að sinna sínum kjarnaverkefnum í upplýsingagjöf, markaðssetningu og utanumhaldi á Gestakorti en tvö stöðugildi frá UMFR voru flutt yfir á skrifstofu Höfuðborgarstofu undir árslok.

## STEFNUMÓTUN Í FERÐAMÁLUM

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar hóf vorið 2018 undirbúning að mótun nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Vinnan hófst á greiningu á núverandi stöðu til að fá skýrari sýn á stöðu málaflokksins og hvernig honum hefði verið sinnt af hálfu borgarinnar undanfarin ár. Meðal annars var skoðað hvað hefði gefist vel og hvað síður. Lagt var upp með að borgin þyrfti að endurmeta með hvaða hætti hún hygðist sinna málaflöknum til lengri tíma litið og að hún þyrfti að vera leiðandi í þeirri vinnu.

Menningar- og ferðamálasvið fékk sérfræðinga frá Capacent til að vinna stöðumatið í samvinnu við Höfuðborgarstofu, sem hefur það hlutverk með höndum að fylgja eftir ferðamálastefnunni. Til ráðgjafar var starfshópur, skipaður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, borgarritara, skrifstofustjóra borgarstjórnar, auk sviðsstjóra menningar- og ferðamálsviðs, sem jafnframt var formaður hópsins og verkefnastjóra ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, sem jafnframt var starfsmaður hans.

Helstu hagsmunaaðilar voru kortlagðir og skilgreindir og að því búnu tekin svokölluð djúpvíðtöl til að fanga viðfangsefnið betur, auk þess sem vinnustofur voru haldnar með fulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúum ferðaþjónustu í borginni, borgarbúum og starfsmönnum Höfuðborgarstofu.

Niðurstöður stöðumatsins lágu fyrir á haustmánuðum en í því voru tilgreindar megináskoranir, svo sem varðandi markaðs- og ímyndarmál, deiliahagkerfið, styrkingu innviða, skilvirkari stjórnáætlun og samráð og samtal við íbúa og ferðaþjónustu.

Hin eiginlega stefnumótun hófst að loknu stöðumati og skipaði borgarráð stýrihóp yfir verkefninu en í honum eiga sæti þrjú borgarfulltrúar, þau Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs sem jafnframt er formaður hópsins, Hjálmar Sveinsson og Valgerður Sigurðardóttir. Með hópnum starfa sviðsstjóri menningar- og ferðamálsviðs, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, auk ráðgjafa frá Capacent. Stefnumótunarvinnan hélt áfram á árinu 2019 og er vonast til að henni ljúki um mitt það ár.

## ÁFRAM UNNIÐ AÐ ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Samhliða stefnumótunarvinnunni hélt Höfuðborgarstofa áfram utan um verkstjórn áfangastaðaáætlunar höfuðborgarsvæðisins (e. Destination Management Plans) fyrir hönd Ferðamálastofu. Áfangastaðaáætluninni er ætlað að vera sameiginleg stefnuyfirlýsing um það hvernig ferðaþjónustan geti vaxið og dafnað í sátt við íbúa og náttúru.

Í áætlun hvers landshluta megi því meðal annars finna samkomulag um aðgerðir og bjargir eða auðlindir sem nýta megi í vinnunni framundan. Frumkvæðið að þessari vinnu kemur frá Ferðamálastofu í góðri samvinnu við Stjórnstöð ferðamála og hefur verið unnið að undirbúningi og framkvæmd undanfarin ár. Í ferlinu hefur verið lögð áhersla á samtal og samráð fjölmargra aðila en auk Höfuðborgarstofu, taka aðrar markaðsstofur landshlutanna þátt í verkefninu og halda utan um vinnuna í sínum landshluta. Af hálfu Höfuðborgarstofu hafa verið haldnir vinnufundir og vinnustofur með hagaðilum í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, sérfræðingum og fulltrúum sveitarfélaganna þar sem teiknuð hefur verið upp sameiginleg framtíðarsýn og aðgerðaáætlun. Frumniðurstöður allra landshluta voru kynntar á sameiginlegum fundi á Hótel Radisons SAS í nóvember.

## RANNSÓKNIR, GREININGAR OG TÖLULEG GÖGN

Höfuðborgarstofa hóf í upphafi árs að safna tölulegum gögnum um stöðu ferðamála í borginni en fljótlega var þó fallið frá útgáfu skýrslu, eins og fyrirhugað hafði verið, þar sem fjölmargir aðilar svo sem Ferðamálastofa, Samtök ferðaþjónustunnar og Hagstofan ásamt greiningardeilum bankana hafa í auknum mæli verið að gefa út yfirlit og töluleg gögn um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu. Í staðinn var sjónum beint að vinnu við framsetningu gagna um ferðamál í *Mælaborði borgarbúa* sem aðgengilegt er á netinu auk þess sem unnið var með Ferðamálastofu að því að draga út úr *Mælaborði ferðaþjónustunnar* sérstakt mælaborð fyrir Reykjavík og höfuðborgarsvæðið með tölulegum upplýsingum og yfirliti yfir ferðamál í borginni.

Hafist var handa við endurskoðun á könnunum og rannsóknum á vegum Höfuðborgarstofu á árinu með hliðsjón af því hvernig þær nýttust sem best Höfuðborgarstofu og verkefnum hennar. Til dæmis mætti fækka eða breyta spurningum eða gera kannanir sjaldnar.

Fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hefur frá árinu 2004 gert viðhorfskönnunina Dear Visitor meðal erlendra gesta í Leifsstöð en hún spyr meðal annars út í upplifun gesta af þjónustu og afþreyingu í Reykjavík. Niðurstöðurnar koma almennt vel út fyrir Reykjavík og má meðal annars nefna að af þeim sem tóku afstöðu sumarið 2018 sögðust 92% myndu mæla með borginni við aðra. Þá gerði fyrirtækið Maskína í fjórða sinn könnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins en tilgangurinn er að fylgjast með upplifun íbúa af ferðamálum á svæðinu og greina breytingar á félagslegum þolmörkum. Í stuttu máli eru íbúar almennt mjög jákvæðir í garð ferðamanna og ferðaþjónustunnar. Einnig má nefna að markaðsverkefnið Iceland Naturally, sem Reykjavík tekur þátt í ásamt fleiri aðilum, gerir reglulega markaðsrannsóknir á Norður-Ameríkumarkaði meðal annars fyrir áfangastaðinn Reykjavík. Niðurstöður þeirra sýna að góður árangur hefur náðst með markaðsstarfi á svæðinu og hugarfarsbreyting orðið gagnvart Íslandi, sem og Reykjavík, á undanförmum árum og áratugum.

Höfuðborgarstofa aðstoðaði í annað sinn við framkvæmd ferðavenjukönnunar erlendra ferðamanna í Reykjavík sem gerð er af Rannsóknarmiðstöð ferðamála en hún gefur meðal annars vísbendingar um ástæðu heimsóknar erlendra gesta, dvalarlengd þeirra, upplifun og útgjöld á einstökum svæðum.

Að lokum má nefna að Höfuðborgarstofa kostaði rannsókn á Airbnb-markaðnum í Reykjavík sem unnin var af Anne-Cécile Mermet. Í niðurstöðum hennar er gefin ágæt mynd af þróun Airbnb og hvers konar aðilar leigja út húsnæði sitt eða rými. Þar kemur til dæmis fram að um 77% þeirra rýma sem eru til leigu í gegnum Airbnb í Reykjavík, eru íbúðir og er það prósentuhlutfall hærra í Reykjavík en í flestum öðrum evrópskum ferðamannaborgum. Um 21% rýma til útleigu hjá Airbnb í Reykjavík eru herbergi.

## EVROPSK FERÐAMÁLARÁÐSTEFNA Í REYKJAVÍK

Vorráðstefna European Cities Marketing (ECM) fór fram í Reykjavík í lok febrúar 2018 að tilstuðlan Höfuðborgarstofu, í samstarfi við CP Reykjavík og Meet in Reykjavík.

Dagskrá ráðstefnunnar samanstóð af tæplega 40 fundum, fyrirlestrum og námskeiðum sem fjölluðu í stórum dráttum um markaðssetningu og ímynd áfangastaða og hvernig auka mætti samkeppnishæfni borga. Meðal gesta voru um 170 stjórnendur ferðamála og markaðsskrifstofa um áttatíu borga í Evrópu. Höfuðborgarstofa hefur um skeið verið aðili að ECM og fengið með því aðgang að tengslaneti samtakanna, rannsóknnum og ráðstefnum. Markmið ráðstefnunnar í Reykjavík var að ekki síst að skiptast á reynslu og þekkingu og efla tengsl.

## SAMSTARF SVEITARFÉLAGANNA

Áfram var unnið að því að treysta markaðssamstarf Reykjavíkur og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gagnvart erlendum ferðamönnum undir merkjum Reykjavík loves.

Höfuðborgarstofa hefur haldið utan um og leitt samstarfið. Að þessu sinni var áhersla lögð á að styrkja vörumerkið og auka sýnileika þess. Unnið var að svokallaðri staðarmörkun þar sem ímynd hvers svæðis var skilgreind út frá styrkleikum, einkennum og upplifun til að auka aðdráttaragl og bæta þar með samkeppnisstöðu svæðisins og styðja við sérstöðu. Á árinu var nýtt markaðsefni unnið sem birt var undir lok árs á samfélagsmiðlum, vefjum, í skjákerfum og í prentmiðlum. Samningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu rann út í lok árs 2018. Í stað þess að hefja endurskoðun samningsins á árinu var ákveðið að framlengja hann um eitt ár til viðbótar og nýta tímann til að endurskoða samstarfið og vörumerkið Reykjavík loves.

## VEFUR OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Opinber ferðavefur Reykjavíkurborgar, [visitreykjavik.is](http://visitreykjavik.is), var einn sá mest sótti á landinu, ef marka má samræmdar vefmælingar, en árið 2018 fékk hann tæpar 1,4 milljónir heimsókna frá nær 900.000 notendum.

Vefurinn hefur gegnt hlutverki sínu með þrýði á undanförunum árum en ljóst er þó að þörf var á endurnýjun. Um mitt ár var því lagst í þarfagreiningu fyrir nýjan vef og ákveðið að skapa hann algjörlega frá grunni, með nýju veftréi, áherslum og útliti. Sú vinna stendur enn yfir en vonir standa til að nýr og endurbættur vefur líti dagsins ljós um mitt árið 2019. Samfélagsmiðlar Visit Reykjavíkur á Instagram, Facebook og Twitter, nutu vaxandi vinsælda á árinu og undir lok árs 2018 voru fylgjendur samtals rétt tæplega 120.000 talsins. Unnið var að því að skerpa hlutverk og áherslur hvers miðils fyrir sig út frá vörumerkinu Reykjavík loves með góðum árangri. Þá var tilraunaútgáfa af spjallmenni, sem kölluð er Miss Reykjavík, innleidd á vefsíðu Visit Reykjavík sem sýndi möguleika í rafrænni og sjálfvirkri upplýsingamiðlun til erlendra gesta. Áfram verður unnið að þróun spjallmennisins á nýjum vef.



## ALMANNATENGSL

Höfuðborgarstofa svaraði rúmlega 450 fjölmiðlafyrirspurnum á árinu. Til viðbótar var Gestakorti Reykjavíkur dreift til um 200 erlendra blaðamanna, bloggara og áhrifavalda á samfélagsmiðlum gegn birtingu greina eða umfjöllunar um kortið og aðgangsstaði þess. Tæplega 450 kortum var dreift til alþjóðlegra ráðstefna og hátíða sem settu mark sitt með afgerandi hætti á mannlífið í borginni. Samstarf við Íslandsstofu var byggt upp að nýju seinni part árs eftir töluvert hlé. Tekið var á móti þremur blaðamannahópum frá Bandaríkjunum, í tengslum við nýjar flugleiðir milli Bandaríkjanna og Íslands.

Þá var umfjöllunarvaktkerfi Íslandsstofu sérstaklega stillt fyrir Reykjavík og höfuðborgarsvæðið. Reglulegar fréttir og efni til birtingar var sent til birtingar á miðlum Iceland Naturally en fylgjendahópur þess markaðsverkefnis er yfir 1,1 milljón manns.

Höfuðborgarstofa tók þátt í ferðakaupsýningunum Mid-Atlantic og VestNorden með það að markmiði að kynna áfangastaðinn Reykjavík fyrir erlendum ferðaheildsölum og í árslok var unnið að undirbúningi að þátttöku í ferðasýningunni ITB í Berlín, ásamt Íslandsstofu, í febrúar 2019.

Til viðbótar vann Höfuðborgarstofa með Film in Iceland að því að kynna Reykjavík sem tókustað og síðla árs tók Höfuðborgarstofa þátt í undirbúningi Reykjavíkurborgar og ríkis við að fá hingað til lands Evrópsku kvikmyndaverðlaunin árið 2020. Samningur um að verðlaunin verði afhent í Reykjavík það árið var undirritaður í Ráðhúsinu í lok febrúar 2019.

Átak var gert í því að bæta upplýsingaflæði til aðila í ferðapjónustu um ferðapjónustutengd verkefni sem unnin eru á vettvangi borgarinnar. Var það meðal annars gert með nýju reglulegu fréttabréfi sem sent var fyrst út í desember á um 1.000 aðila. Opnuðu um 40% þeirra bréfið. Höfuðborgarstofa tók auk þess þátt í verkefninu Takk Reykjavík! að frumkvæði Icelandair Hotels þar sem 140 Gestakortum var dreift til íbúa Reykjavíkurborgar og þeim þakkað sérstaklega fyrir gestrisni sína á árinu.

## GESTAKORT REYKJAVÍKUR

Gestakort Reykjavíkur (Reykjavik City Card) var tekið til gagngerrar endurskoðunar á árinu og var sérstakur verkefnastjóri innleiðingar rafvæðingar Gestakorts ráðinn til verkefnisins. Auk þess var unnið í útboðsgögnum fyrir rafvæðingu kortsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

Farið var í markaðsátak um mitt ár fyrir Gestakortið og nýtt efni búið til undir slagorðinu *How Much Reykjavik can you do in 24 hours?*

Rúmlega 16 þúsund Gestakort voru seld á árinu og fækkaði um rúm 20% frá árinu áður. Heildarfjöldi söluaðila var 78 og fjölgaði þeim um 15 frá árinu áður. Fjöldi aðgangsstæða í kortinu eru 27 og fjölgaði um 4 frá fyrra ári, en meðal aðgangsstæða eru allar sundlaugar og söfn borgarinnar.



## BÓKMENNTABORGIN

Árið 2018 fagnaði Bókmenntaborgin 100 ára fullveldi Íslands eins og svo margir aðrir. Framlag Bókmenntaborgarinnar til hátíðarhaldanna var ljóðaverkefnið Mótþrói sem hópur ungra skálda tók þátt í undir stjórn skáldkonunnar Fríðu Ísberg, bæði í Reykjavík og á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Fjöldi ljóða undir þessari yfirskrift var ortur og Bókmenntaborgin gaf textana síðan út í prentuðu bókverki og þeim var einnig varpað á Ráðhús Reykjavíkur allan októbermánuð. Að auki var sett upp bókmenntadagskrá og sýning á ljóðum og öðrum textum frá Bókmenntaborgum UNESCO víða um heim með sama þema.

Starfsemi Gröndalshúss festist frekar í sessi á árinu. Sýning á aðalhæð hússins var opin almenningi yfir sumarmánuði og var aðgangseyrir felldur niður. Húsið var auk þess nýtt í auknum mæli undir opna viðburði, m.a. á Vetrarhátíð, Hönnunarmars og Menningarnótt og í fyrsta sinn buðu íslensk skáld þar upp á ljóðalestur frá birtingu til myrkurs á Nýársdag til að fagna nýju ári. Það hefur sýnt sig að húsið hentar vel fyrir smærri viðburði, smíðjur og jafnvel sýningar og getur Bókmenntaborgin stutt við orðlistalífið í borginni og stækkað flóru viðburða með því að veita listamönnum og öðrum viðburðahöldurum aðgang að þessu rými. Sérstök áhersla hefur verið lögð á stuðning við grasrótastarf og fjölmenningu. Hópur skálda af erlendum uppruna hefur til að mynda nýtt húsið undir fundi og aðra viðburði og í árslok flutti kvæðamannafélagið lðunn opna fundi sína í húsið. Vinnurými í risi voru áfram leigð skapandi fólki og

fjöldi erlendra rithöfunda dvaldi í gestaíbúðinni í kjallara hússins sem leigð er listamönnum um nokkurra vikna skeið. Flestir þeirra fengust við skrif sem tengjast Íslandi á meðan dvölinni stóð.

Bókmenntaborgin hélt áfram samstarfi við Goethe stofnun í Kaupmannahöfn sem bauð pólsk- þýska höfundinum Stanislaw Strasburger að dvelja í Gröndalshúsi í sex vikur. Hann notaði dvölinu til að viðá að sér efni í skáldsögu sem tengist m.a. sögu „Tyrkjaránsins“ á Íslandi en einnig samtímanum. Þá bauð Alliance francais í fyrsta sinn frönskum höfundi, Philippe Guerry, til dvalar í Gröndalshúsi og setti hann upp sýningu í Reykjavík auk þess sem hann viðaði að sér efni fyrir skrif sín.

Verkefninu Sögur var hleypt af stökkunum á árinu og er Bókmenntaborgin einn margra aðstandenda þess. Þetta barnamenningarverkefni sem verður haldið árlega ýtir undir sköpun barna og gefur þeim rödd. Börn á aldrinum 6 – 12 ára semja sögur í ólíku formi, smásögur, stuttmyndahandrit og leikrit fyrir svið og útvarp, og eru valin verk síðan birt í ljósvakamiðlum, á sviði og í bók. Raddir barnanna fá einnig að hljóma í vali þeirra á því sem stendur upp úr í menningu á árinu, svo sem bókum, sviðs- og skjáverkum og tónlist. Uppskeruhátíð Sagna var verðlaunahátíð í Hörpu í apríl sem var sjónvarpað beint á RÚV.

Sleipnir hækkaði flugið á árinu. Þessi áttfætti ævintýrahestur hitti áfram reykvísk leikskólabörn í samvinnu við Borgarbókasafn Reykjavíkur og hafa þær heimsóknir nú fengið fastan sess í starfseminni. Sem fyrr er markmiðið að vekja áhuga á lestri og minna á lestrargleðina og hugarflugið sem lestur færir okkur. Bókmenntaborgin fékk Ævar Þór Benediktsson til að skrifa nýja sögu um Sleipni fyrir börn á grunnskólaaldri og útkoman var hin bráðskemmtilega saga *Sleipnir og stórhættulega fjölskyldutréð* sem verður dreift í grunnskóla í Reykjavík ásamt fylgiefni 2019.

Verkefnastjórar Bókmenntaborgarinnar sóttu fundi Bókmenntaborganna í Iowa City í apríl og ársfund Skapandi borga UNESCO í Kraká í júní þar sem þær fluttu fyrirlestra og tóku þátt í umræðu- og vinnuhópum. Þeim var einnig boðið á ráðstefnu í Bókmenntaborginni Melbourne í tilefni 10 ára afmælis hennar í samstarfsnetinu. Reykjavík tók við forystu í starfshópi Bókmenntaborga UNESCO sem snýr að alþjóðlegu samstarfi og mun leiða þá vinnu næstu tvö árin. Þriggja ára verkefnið Drop the Mic – Creative Cooperation hófst á árinu undir stjórn Reykjavíkur en það felst í samvinnu orð- og tónlistarmanna frá fimm Bókmenntaborgum UNESCO og tekur Tónlistaborgin Reykjavík líka þátt í verkefninu. Bókmenntaborgin tók þátt í fleiri samstarfsverkefnum Bókmenntaborga UNESCO á árinu sem og öðrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, svo sem í tengslum við gestadvöl rithöfunda í ólíkum borgum, þátttöku íslenskra höfunda í bókmenntahátíðum og viðburðahaldi Bókmenntaborga á alþjóðlegum degi ljóðsins. Þá útbjuggu Bókmenntaborgir UNESCO saman handgerða alþjóðlega ljóðabók, *Poetic Encounters*. Á árinu í samvinnu við Fabriano, Handverks- og alþýðulistaborg UNESCO, en skáldin Bragi Ólafsson og Soffía Bjarnadóttir voru þar fulltrúar Reykjavíkur.

# TÓNLISTABORGIN



Árið 2018 var fyrsta heila starfsár Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, nýs þróunarverkefnið til þriggja ára þar sem markmiðið er að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg með því að skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikið tónlistarlíf um alla borg.

## **AÐSTAÐA TIL TÓNLEIKAHALDS Í TÓNLISTARBORGinni**

Fyrir utan áætlanagerð og þróun hugmynda fór mestur kraftur verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar í að skoða aðstöðu til tónleikahalds í borginni. Allir helstu tónleikastaðir borgarinnar voru heimsóttir og kortlagðir auk þess sem haldinn var einn sameiginlegur fundur með öllum tónleikastöðunum. Í nóvember hélt svo verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar kynningu á aðstöðu til tónleikahalds í Reykjavíkurborg á opnum fundi menningar-, íþróttar-, og tómstundaráðs sem haldinn var í ráðhúsi Reykjavíkur. Þar voru kynntar fjölmargar leiðir til úrbóta og hugmyndir um það hvernig borgin geti stutt við tónleikastaði og mun verkefnastjóri halda áfram að fylgja þeim eftir.

Í desember bauð Tónlistarborgin tónleikastöðum upp á tveggja daga námskeið í „storytelling“ og netmarkaðssetningu undir handleiðslu tveggja sérfræðinga frá dönsku stofunni Volume.

Fræðslan var liður í fræðsludagskrá Tónlistarborgarinnar og mæltist mjög vel fyrir. Markmiðið var að hvetja staðina til að finna sína sérstöðu og þær sögur sem hver og einn þeirra hefur að miðla þannig að staðirnir sjálfir verði áfangastaðir sem fólk vill heimsækja, burt séð frá viðburðunum sem eru í gangi hverju sinni. Í lok ársins var þriggja manna úttektarhópur skipaður sem hefur það hlutverk að gera úttekt á tónleikastöðum borgarinnar með tilliti til aðstöðu, aðbúnaðar og aðgengis. Niðurstaðna er að vænta í mars 2019.

## **STUÐNINGUR VIÐ PULS-ÁÆTLUN NORRÆNA MENNINGARSJÓÐSINS**

Á árinu aðstoðaði verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Norræna menningarsjóðinn við að kynna PULS verkefnið til sögunnar á Íslandi með það að markmiði að fá fleiri umsóknir frá Íslandi. Markmiðið með PULS verkefninu er að stuðla að auknu flæði norræns tónlistarfólks um Norðurlöndin og auknu samstarfi norrænna tónleikastaða / hátíða / tónleikahaldara.

Ísland var spútnik landið í PULS-áætluninni árið 2018 en alls fengu 10 íslenskir tónleikastaðir / hátíðir inngöngu í verkefnið, þar af sex umsækjendur frá Reykjavík.

Í september var PULS fundur í Bergen þar sem markmiðið var að kynna verkefnið betur og gefa tónleikahöldurum færi á að styrkja böndin sín á milli.

## **SAMSTARF OG STUÐNINGUR VIÐ TÓNLISTARHÁTÍÐIR**

Tónlistarborgin átti gott samstarf við nokkrar af okkar helstu tónlistarhátíðum, þó einkum og sér í lagi Iceland Airwaves. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar og Tónlistarborgin buðu til opnunarmóttöku á Sónar hátíðinni í febrúar og héldu tengslamyndunarfund fyrir íslenskt jazztónlistarfólk og erlent tónlistariðnaðarfólk

og blaðamenn á Jazzhátíð Reykjavíkur. Samstarfið og stuðningurinn við Iceland Airwaves fólst einkum í því að hýsa miðaafhendingu hátíðarinnar í Tjarnarsal ráðhússins og halda opnunarmóttöku hátíðarinnar.

## **NÆTURLÍFSVINNUSTOFA VIBE-LAB OG KORTLAGNING NÆTURHAGSKERFIS REYKJAVÍKUR**

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar átti í góðu samstarfi við verkefnastjóra miðborgarmála, í kringum Vibe-Lab næturlífsvinnustofuna sem haldin var með borgarstarfsmönnum annars vegar og hagsmunaðilum næturlífsins hins vegar í september síðast liðnum. Vinnusmiðjan þótti mjög gagnleg og varpaði ljósi á það sem betur má fara hjá borginni hvað málefni næturlífsins varðar en einnig þjappaði vinnustofan hagsmunaðilum næturlífsins saman og hjálpaði þeim að skilgreina sín sameiginlegu hagsmunamál. Vibe-Lab skilaði skýrslu um vinnustofuna í upphafi árs 2019 og er búið að kynna skýrsluna fyrir hagsmunaðilum næturlífsins. Enn eiga raunveruleg áhrif vinnustofunnar eftir að koma í ljós. Verkefnastjóri Tónlistarborgar og verkefnastjóri miðborgarmála hafa einnig stofnað til samstarfs við Rannsóknarsetur skapandi greina um gerð rannsóknar á næturhagkerfi Reykjavíkurborgar og umfangi þess, en markmið rannsóknarinnar er að kortleggja næturhagkerfi höfuðborgarsvæðisins með það fyrir augum að bæta þjónustu við íbúa borgarinnar og gesti. Kortlagningin mun leitast við að greina umfang og einkenni hagkerfisins sem og álagspunkta á höfuðborgarsvæðinu utan hefðbundins dagvinnutíma. Við gerð rannsóknarinnar skal leggja áherslu á starfsemi veitinga- og skemmtistaða, einkum þar sem tónleika- og afþreyingarviðburðir fara fram.

## **ÖNNUR VERKEFNI**

Af öðrum helstu verkefnum Tónlistarborgarinnar 2018 ber að nefna umsjón með endurskipulagningu Reykjavíkur Loftbrúar síðast liðið vor en þá var reglum sjóðsins breytt og í fyrsta skiptið úthlutað fimm veglegum styrkjum til tónlistarfólks í markvissri útrás í stað minni mánaðarlegra styrkja.

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar sinnti einnig ráðgjöf til fjölda tónlistarfólks, tónlistarhátíða, skipuleggjenda viðurða og rekstraraðila tónleikastaða og ráðgjöf sem og aðstoð við aðila innan borgarinnar varðandi ýmis tónlistartengd verkefni. Vinna við heimasíðu Tónlistarborgarinnar var einnig sett af stað og Íslenska auglýsingastofan var fengin til að hanna merki Tónlistarborgarinnar.

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar fór í nokkrar utanlandsferðir á árinu og ber þar helst að nefna þátttöku í vinnustofu Norræna menningarsjóðsins um vinnuumhverfi Norræna tónskálda, sem haldin var í Kaupmannahöfn í janúar, þátttöku í pallborði um tónlistarborgir á ráðstefnunni Slash í Nantes í nóvember, Reykjavík Calling í New York í október og fyrrnefnda ferð til Bergen í september til að taka þátt í vinnustofu PULS-áætlunarinnar.





## VIÐBURÐIR



Stærsta breytingin á starfsemi viðburðadeildar menningar- og ferðamálasviðs var að hún var færð frá Höfuðborgarstofu og heyrir nú til miðlægrar skrifstofu sviðsins, skrifstofu menningarmála. Fyrir utan árlegar hátíðir sem viðburðadeildin sér um að skipuleggja og framkvæma var mikil aukning í ráðgjöf og aðstoð sem deildin veitti viðburðahöldurum í borginni, sem dæmi má nefna Reykjavík International Games, HM Torg í Hljómskálagarði, Kátt á Klambra, Matarhátíð í Reykjavík, Reykjavíkur maraþon, Gleðigangan á Hinsegin dögum, RIFF og Airwaves.

Ljóst er að eftirspurn eftir borgarlandi eykst jafnt og þétt og því aðkoma viðburðadeildar því nauðsynleg að leyfisveitingum og ráðgjöf. Viðburðastefna sem er í vinnslu mun auðvelda og skýra þessa vinnu, jafnt fyrir Reykjavíkurborg sem og viðburðahaldara. Einnig aðstoðaði og styrkti sviðið valdar hátíðir til aukins sýnileika í borginni með prentun og uppsetningu fána í miðborginni. Þær hátíðir sem urðu fyrir valinu voru Listahátíð í Reykjavík, RIFF og Iceland Airwaves.

## VETRARHÁTÍÐ 1.-4. FEBRÚAR

Dagskrá samanstóð af fjórum meginstöðum, ljósaviðburðum, Safnanótt, Sundlauganótt og íþróttaviðburðum utandyra. Hátíðin var haldin í 17. sinn og fór fram í öllum sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Aðsókn á hátíðina var góð; 50.000 gestir sóttu um 150 viðburði. Setningin fór fram með frumsýningu ljóslistaverksins Örnevi sem var varpað á olútankana við Marshallhúsið. Einnig var eftirtektarverðu ljóslistverki varpað á Safnahúsið á Hverfisgötu í samstarfi við listahátíðina List í Ljosi frá Seyðisfirði. Þá voru auk þess ljóslistaverk á Hörpu og Kópvogskirkju.

Í kjölfar setningarinnar við Marshallhúsið voru á þriðja tug bygginga á höfuðborgarsvæðinu upplýstar í grænum og fjólubláum litum, einkennislitum Vetrarhátíðar. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í þessu samspili ljóss og myrkurs á Vetrarhátíð.

Á Safnanótt 2. febrúar, tóku 50 söfn þátt úr öllum sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Safnanæturstrætó ók gestum ókeypis á milli safna en aukning í Safnanæturstrætó var tæplega 70% frá fyrra ári. Sundlauganótt var haldin í áttunda sinn laugardaginn 3. febrúar. Öll sex sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu tóku þátt með alls tíu sundlaugum. Á laugardeginum fór auk þess fram Norðurljósahlaup WOW í annað skipti og Snjófögnuður var á dagskránni í fjórða sinn á Vetrarhátíð í samstarfi við Bláfjöll en ekkert varð úr dagskrá því skíðasvæðið var ekki opið vegna veðurs.

Tækifæri eru í að efla enn frekar ljósapátt hátíðarinnar, ekki síst í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila.

## BARNAMENNINGARHÁTÍÐ 17. – 22. APRÍL

Á Barnamenningarhátíð er lögð áhersla á þátttöku barna, ungmenna og fjölskylda í menningarlífinu. Framlag barna og ungmenna til menningar er metið að verðleikum og litið á list þeirra til jafns við list þeirra sem eldri eru.

Barnameningarhátíð hlaut styrk frá Fullveldissjóði vegna verkefnis sem var kallað Rímur og Rapp; lög unga fólksins í hundrað ár. Listamenn unnu með 4. bekkingum í Reykjavík og afraksturinn var nýtt lag sem samið var sérstaklega af þessu tilefni, tekið upp og frumflutt á opunarviðburði Barnameningarhátíðar. Í fyrsta sinn í sögu Barnameningarhátíðar þurfti að tvítaka opunarviðburðinn sökum fjölda barna í 4. bekk í Reykjavík en hingað til hefur árgangurinn komast allur fyrir í Eldborg í einu.

Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt að vanda og mótaðist af þátttakendum sem voru leik- og grunnskólar, frístundamiðstöðvar, dans-, myndlista- og tónlistarskólar, háskólar, menningar- og listastofnanir, lista- og minjasöfn, sjálfstætt starfandi listhópar og listamenn, félagasamtök ýmiskonar sem og fjölmargir aðrir. Fjöldi viðburða var um 120, dreifðust um öll hverfi borgarinnar og fóru fram jafnt á skólatíma og í frítíma barnanna. Dagskráin endurspeglar jafnræði milli list- og verkgreina og var hópur framkvæmdaraðila fjölbreyttur.

KrakkaRÚV auglýsti í samstarfi við Barnameningarhátíð eftir ungu fólki sem vildi fá reynslu af að vinna sem fréttamenn á hátíðinni í mars. Ungir fréttamenn hátíðarinnar voru 14 unglingar, 6 strákar og 8 stúlkur, á aldrinum 13 – 15 ára. Fréttamennirnir settu saman fréttir sem var miðlað inn á vef KrakkaRÚV, í Krakkafréttir á RÚV og á Facebooksíðu RÚV.

Tókst hátíðin í ár afar vel og gaman er að segja frá því að sveitarfélög víða um land hafa hoppað á lestina og verið með sína Barnameningarhátíð á sama tíma auk þess sem Austurland stefnir á nýja hátíð í haust. Komið hefur fram í samtali við aðstandendur annarra sveitarfélaga að með því að skipuleggja sams konar hátíð á sama tíma verði til samlegðaráhrif sem hjálpa til við að smita út frá sér jákvæðum straumum um allt samfélagið gagnvart barnameningu.

## 17. JÚNÍ

Hátíðarathöfnin á Austurvelli var haldin með nokkuð hefðbundnum hætti en sá hluti dagskrárinnar er skipulagður í samráði við forsætisráðuneytið og Alþingi. Graduale Nobili söngur við athöfnina og Lúðrasveit verkalýðsins lék. Fjallkonan var Sigrún Edda Björnsdóttir og las ljóð eftir Lindu Vilhjálmsdóttur. Eftir hádegi voru skrudgöngur sem enduðu í Hljómskálagarðinu, en ákveðið var að halda áfram að einskorða hátíðarhöldin eftir hádegið við Hljómskálagarðinn og hafa alla dagskrá þar, fyrir utan Harmonikkuball í Ráðhúsinu. Skrudgangan var einkar glæsileg og fjölskrúðug með skátum, götuleikhúsi, hestum, Heimilistónum og Stuðmönnum. Í garðinum tóku við fjölbreytt atriði með vikingum, Brúðubílum og Sirkus Íslands og götulistamönnum á víð og dreif um garðinn. Stórtónleikar voru haldnir á stóru sviði, og reynt var að höfða til allrar fjölskyldunnar. Rigningin setti því miður svip sinn á hátíðahöldin eins og oft þetta sumarið. Hátíðasvæðið var fullt kl. 14 þegar dagskráin hófst en tæpum klukkutíma síðar hófst rigningin og hátíðagestum fækkaði jafnt og þétt í kjölfar hennar, en það rigndi nánast viðstöðulaust fram á kvöld. Samt sem áður voru gestir í glaðir, margir vel gallaðir og létu rigninguna ekki hafa áhrif á sig.

## MENNINGARNÓTT

Menningarnótt var haldin laugardaginn 18. ágúst í blíðskapar veðri eftir sólarlaust sumar. Aðsókn skv. lögreglu var um 130 þúsund manns. Þátttakendur í hátíðinni eru borgarbúar sjálfir ásamt lista- og menningarstofnunum í Reykjavík, sjálfstætt starfandi listhópum og listamönnum, fyrirtækjum, rekstraraðilum og félagasamtökum. Á þriðja hundrað viðburða voru skráðir í viðburðadagatal hátíðarinnar sem birtist á heimasíðu Menningarnætur.

Í ár var bryddað upp á þeirri nýbreytni að fenginn var sérstakur listrænn stjórnandi til þess að umbreyta litlu svæði í hjarta Reykjavíkur eftir eigin höfði og þannig varð efsta hæð bílastæðahússins í Traðarkoti að draumkenndum tónlistarlounge.

Landsbankinn hefur verið bakhjarl Menningarnætur frá upphafi og styrkir hátíðina með fjárframlagi sem rennur allt í Menningarnæturpottinn sem veitir frumlegum og skemmtilegum hugmyndum brautargengi. Setning Menningarnætur 2018 fór fram í nýbyggingu við Hafnatorg þar sem sett var upp sýning af því hvernig svæðið mun líta út að loknum framkvæmdum. Færeyingar voru heiðursgestir Menningarnætur í ár og buðu til fjölbreyttrar dagskrár í Ráðhúsi Reykjavíkur. Vöflukaffið var á sínum stað og tóku sjö heimili þátt í ár. Einnig buðu einhver af þeim upp á tónleika og aðra viðuburði á meðan vöflukaffinu stóð. Skemmtileg stemning var á götum bæjarins, þar sem mikill mannfjöldi sat úti og naut viðburða sem í boði voru hjá rekstraraðilum í borginni. Söfnin buðu upp á fjölbreytta dagskrá, Harpa var með viðburði í hverjum krók og kima, Tónaflóð Rásar 2 og Garðpartí Bylgjunnar kepptust um gesti, Karnivalið á Klapparstíg hefur aldrei verið fjölmennara á meðan unga fólk held sig á Hip hop hátíð á Ingóflstorgi. Í lokin var glæsileg flugeldasýning sem batt enda á afar vel heppnaða hátíð.

Eftir Menningarnótt var gerð könnun á vegum Gallup og meðal þess sem kom fram þar var að 71% þeirra sem tóku afstöðu voru jákvæðir í garð Menningarnætur og það fyrsta sem kom upp í huga fólks í tengslum við Menningarnótt var 20% flugeldar, 16% tónlist, 13% mannfjöldi og 9% skemmtilegt.

## TENDRUN FRIÐARSÚLU YOKO ONO

Athöfnin í kringum tendrun Friðarsúlunnar hefur verið með nokkuð svipuðu sniði frá upphafi en hún var tendruð í 12. skiptið í ár. Yoko Ono var í fyrsta sinn fjarverandi við athöfnina en þrátt fyrir það var aðsókn ákaflega góð. Alls komu um 1800 manns í Viðey þetta kvöld sem eru helmingi fleiri en árið áður. Ýmislegt var um að vera í Viðey auk tendruninnar sjálfar s.s. leiðsagnir Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns, fjölskyldulistasmíðja og tónleikar. Tíma tekur að tæma eyjunna þegar gestir eru svo margir og síðasti bátur fór á ellefta tímanum. Ljóst er að Tendrun friðarsúlu Yoko Ono er orðinn vel kynntur og vinsæll viðburður sem hægt er að þróa og efla áfram á næstu árum. Enda falleg og friðsæl stund í yndislegu umhverfi.

Tendrun jólaljósa á Oslóartrénu og aðrir jóla- og áramótaviðburðir Viðburðadeild MOF sér um skipulag og framkvæmd tendrunar jólaljósa á Oslóartrénu á fyrsta sunnudegi aðventu og gekk sá viðburður afar vel. Þá kemur viðburðadeildin að fjölmörgum öðru skipulagi varðandi jólahald í borginni, s.s. viðburði í Ráðhúsinu, Jólavætti í miðborginni, Jólaköttinn á Lækjartorgi o.s.frv. Brýnt er að auka samstarf milli þeirra innan borgarinnar sem koma að viðburðum á Aðventu, s.s. Umhverfis- og skipulagssviðs, verkefnisstjóra miðborgarmála og viðburðadeildar til að tryggja gott verklag og sem besta nýtingu fjármuna.

